

skoðun 16

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Allt




Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!




Nýr tilboðsbæklingur í dag



# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
24. nóvember 2010
276. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI




**Saga hjúkrunar komin út**
*Framlag hjúkrunarkvenna víða falið.*
**tímamót** 24



**Mynd um hesta og menn**
*Benedikt Erlingsson gerir sína fyrstu kvikmynd.*
**fólk** 38



**Arsenal í vanda**
*Milan og Roma eru í fínum málum í Meistaradeildinni en Arsenal er í vandræðum.*
**sport** 34

**veðrið í dag**




**ÁFRAM HÆGVIÐRI** Í dag má búast við hæglætisveðri og breytilegri vindátt. Víða eru horfur á bjartviðri en SV-til og NA-lands verður heldur skýjað og stöku él, einkum síðdegis. Hlýjast allra syðst.
**VEÐUR** 4

# Vilja leggja grunninn að nýjum stöðugleikasáttmála

**Samstarf í komandi kjarasamningaviðræðum verður rætt á fundi aðila vinnumarkaðarins á morgun. Samtök atvinnulífsins vilja stofna til nýs stöðugleikasáttmála. Talsmenn launþega eru varfærnir í yfirlýsingum.**

**KJARAMÁL** Forvígismenn vinnuveitenda og launþega, á opinbera og almenna vinnumarkaðnum, ætla að fara yfir komandi kjarasamningsgerð á fundi á morgun. Mun Magnús Pétursson ríkissáttasemjari stýra fundinum.

„Það er nauðsynlegt að allir aðilar vinnumarkaðarins komi saman og ræði málin,“ segir Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, sem boðaði til fundarins. Samtökin telja mikilvægt að allir séu samtaka í samningagerðinni, en flestir samningar renna út í lok þessa mánaðar eða næsta. „Við viljum að niðurstaðan verði samningur til þriggja ára með hóflegum launahækkunum,“ segir Vilhjálmur. Forsenda þess sé að verðbólga verði lág og störf skapist.

> Ég held að það sé engin betri leið í boði.
>
> VILHJÁLMUR EGILSSON
> FRAMKVÆMDASTJÓRI SAMTAKA ATVINNULÍFSINS

Aðspurður segir hann hugsanlegt að út úr fundinum komi grunnur að nýjum stöðugleikasáttmála. „Við viljum kanna hvort menn séu tilbúnir til að reyna að fara slíka leið.“ Spurður hvort hann sé fyrir fram bjartsýnn á að sú verði niðurstaðan segir hann: „Ég spyr, hvaða betri leið er í boði? Ég held að það sé engin betri leið í boði.“

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, vill fátt segja um möguleikann á nýjum sáttmála en bendir hins vegar á að á sambærilegum fundi í febrúar 2009 hafi uppleggið að sáttmálanum hinum fyrri orðið til.

Einnig bendir hann á að á ársfundi ASÍ fyrir mánuði hafi verið ályktað að mikilvægt væri að efnt yrði til víðtæks samstarfs og samvinnu stjórnvalda, stjórnarandstöðu, atvinnurekenda og stéttarfélaga á almennum og opinberum vinnumarkaði við það verkefni að fjölga störfum og auka og tryggja kaupmátt launafólks.

Inntur álits á hugmyndum SA um kjarasamning til þriggja ára segir Gylfi að til að ræða þær þurfi aðkomu ríkisvaldsins í efnahags- og atvinnumálum. Þær forsendur liggi ekki fyrir.

Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, segir að fyrir fundinum liggi að kanna hvort einhverjar línur liggi saman sem hægt sé að vefa úr. „Við mætum með okkar nesti og hlustum á aðra.“ - bþs



**JÓLAÞORPIÐ RÍS** Aðeins þrír dagar eru þangað til jólaþorpið í Hafnarfirði opnar. Húsin rísa hvert af öðru og glæsilegt jólatré er komið á sinn stað. Eins og áður er það danskur vinarbær Hafnarfjarðar, Friðriksberg, sem gefur tréð. Eins og fyrri ár leggja leikskólakrakkar lokahöndina á jólaundirbúninginn í þorpinu þegar þeir skreyta trén sem umlykja þorpið á föstudaginn kemur. Þetta árið verða þau um 700 talsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Listaverk sýnileg úr geimnum:

## Málar ísbjörn á Langjökul í dag

**UMHVERFISMÁL** Bjargey Ólafsdóttir myndlistarmaður heldur á Langjökul í dag ásamt föruneyti þar sem hún ætlar að mála risavaxna mynd af ísbirni. Myndin verður 90 sinnum 60 metrar að stærð og gerð úr matarlit.



BJARGEY ÓLAFSDÓTTIR

Verkið er liður í alþjóðlegu verkefni, 350 Earth. Listamenn og sjálfboðaliðar á sautján stöðum víðs vegar um heiminn búa til verk sem minna á áhrif loftlagsbreytinga. Öll verkin eru nógu stór til að sjást úr geimnum og verða mynduð úr þyrlum og gervihnöttum. Meðal listamannanna er Thom Yorke, söngvari Radiohead, sem setur upp verk með að minnsta kosti tvö þúsund sjálfboðaliðum í Brighton.

- bs / sjá síðu 28

Engin spurning að Árbótarmálið verður skoðað að sögn ríkisendurskoðanda:

## Ríkisendurskoðun mun skoða Árbót

**STJÓRNSÝSLA** Ríkisendurskoðun mun taka málefni Árbótar til skoðunar.

„Við förum örugglega í gegnum þetta einhvern tímann, hvort sem það verður fyrr eða seinna, það er engin spurning,“ segir Sveinn Arason ríkisendurskoðandi.

Fréttablaðið hefur undanfarna tvo daga sagt frá því hvernig Árni Páll Árnason, þáverandi félagsmálaráðherra, og Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra ákváðu að greiða eigendum meðferðarheimilisins Árbótar í Þingeyjarsýslu þrjátíu milljónir króna í bætur vegna lokunar heimilisins. Þetta var meðal annars gert gegn vilja forstjóra Barnaverndarstofu og vegna þrýstings frá þingmönnum Norðausturkjördæmis. Fjármálaráðherra segir að sanngirnissjónarmið hafi ráðið för. Barnaverndarstofa hefur þegar greitt tólf milljónir. Ráðgert er að greiða þær átján milljónir sem eftir standa þegar Alþingi hefur afgreitt fjáraukalög.



SVEINN ARASON

Mál Árbótar voru rædd á Alþingi í gær. Þar var meðal annars kallað eftir aukinni siðvitund innan stjórnsýslunnar og því að þingmenn létu af kjördæmapoti við fjárlagagerð.

- sh, th / sjá síðu 6


ÖLDIN ÖLL




IÐUNN
www.forlagid.is
Ný bók í geysivinsælli ritröð
ÖLDIN OKKAR 1996–2000

ms.is
Ostakörfur frá MS



Kynnið ykkur úrvalið af sælkerakörfum á ms.is



## SPURNING DAGSINS



*Garðar, verður myndbandið klassý eða artý?*

„Það verður Klassartý.“

Garðar Örn Arnarson og Erlingur Jack Guðmundsson, nemar í kvikmyndafræðum, tóku upp nýtt myndband hljómsveitarinnar vinsælu Klassart.

Fleiri kjósa að hjóla til vinnu eða nota almenningssamgöngur:

# Ferðavenjurnar hafa breyst

**SAMGÖNGUR** Færri nota nú einkabílinn til að fara til og frá vinnu og færri grunnskólabörn eru keyrð í skólann en árin 2009 og 2008. Reiðhjól eru aftur á móti orðin vinsælli. Þetta kemur fram í árlegri ferðavenjukönnun Umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar.

Ferðavenjur Reykvíkinga hafa breyst á þann veg að einkabíllinn er minna notaður en áður. Fleiri ferðast á hjóli eða í strætó nú en gert var árið 2009, sérstaklega í efri byggðum borgarinnar. Færri fara á bíl sem bílstjórar til vinnu eða í skóla, eða 65 prósent árið 2010 samanborið við 67 prósent árið 2009 og 73 prósent árið 2008. Í sömu könnun kemur fram að 71 prósent íbúa í nágrannasveitarfélögunum fer þessara erinda á einkabíl.

Árið 2009 voru 29 prósent grunnskólabarna í Reykjavík keyrð í skólann en 26 prósent árið 2010. Færri reykvísk börn ganga í skólann, eða 65 prósent árið 2010 í samanburði við 67 prósent árið 2009, en hins vegar fjölgar börnum sem hjóla í skólann úr sex prósentum í níu.

- shá



**HJÓLANDI** Hægt og bítandi er reiðhjólið að vinna á sem ferðamáti. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Á fjórða tug auðgunarbrota:

# Síbrotakona í gæsluvarðhaldi

**DÓMSMÁL** Síbrotakona skal sæta gæsluvarðhaldi þar til dómur gengur í máli hennar, þó ekki lengur en til 17. desember, samkvæmt dómi Hæstaréttar.

Konunni hefur verið gefið að sök á fjórða tug auðgunarbrota, auk umferðarlagabrota, nytjastuldar og líkamsárásar. Um er að ræða tvær brotahrinur. Í millitíðinni afplánaði hún tólf mánaða refsidóm. Yfirgnæfandi líkur séu á því að kærða muni halda áfram brotastarfsemi fari hún frjáls ferða sinna.

- jss

Unglingar fari varlega á netinu:

# Stórnotendur netsins líklegri fórnarlömb

**KYNFERÐISBROT** Sigríður J. Hjaltested, aðstoðarsaksóknari hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, segir að ungmenni sem eyða miklum tíma á samskiptasíðum á netinu og í SMS-samskipti séu líklegri til að verða fórnarlömb kynferðsbrotamanna.

Erlend könnun hafi sýnt að unglingar sem eyða miklum tíma í slíkar samskiptasíður séu í meiri hættu en aðrir.

„Þessi rannsókn er alveg í takt við upplifun okkar hjá lögreglunni og undirstrikar þörfina á því að taka mál þessi föstum tökum með markmiðssetningu og samstilltu átaki í forvörnum,“ segir Sigríður í aðsendri grein í Fréttablaðinu í dag.

- pg / sjá síðu 18

Kínverskt eignarhald í Stormi:

# Ekkert athugavert við eignina

**SJÁVARÚTVEGUR Nefnd um erlenda fjárfestingu hefur skilað ráðherra áliti vegna kaupa Nautilus Fisheries Ltd. á 43,75 prósenta hlut í Stormi Seafood ehf. sem nefndin hefur haft til umfjöllunar. Nautilus er í eigu kínverskra aðila. Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra efaðist um hvort eignarhluturinn samræmdist lögum um erlenda fjárfestingu.**

**Það er hins vegar mat nefndarinnar að ekkert sé við kaupin að athuga. „Í lögum komi fram að skilyrði fyrir erlendu eignarhaldi séu að slíkt fyrirtæki sé undir íslenskum yfirráðum og beint og óbeint eignarhald erlends aðila megi vera uppsafnað allt að 49 prósent, segir í tilkynningu frá efnahags- og viðskiptaráðuneytinu.**

- shá

# Umferð flutningabíla á skólalóð mótmælt

**Foreldrafélag Austurbæjarskóla vill að Orkuveitunni verði bannað að fara um skólalóðina á skólatíma með þungaflutninga að geymslu OR á lóðinni. Orkuveitan segir umferðina ekki mikla og að fyllsta öryggis nemendanna sé gætt.**

**ÖRYGGISMÁL** Foreldrar barna í Austurbæjarskóla telja öryggi þeirra á skólalóðinni ógnað af umferð flutningabíla frá Orkuveitu Reykjavíkur.

Orkuveitan á húsnæði við suðurenda Austurbæjarskólans. Þar var áður spennistöð en um árabil hefur verið þar geymsla. Fyrirtækið á umferðarrétt um lóðina. „Breytt nýting húsnæðisins hefur meðal annars haft í för með sér flutninga á risavöxnum spólum, vinnuvélum og umferð þungra ökutækja á skólalóðinni. Hefur undirrituð orðið vitni að meðal annars flutningi vörubíls á lyfturum tvívegis í sömu vikunni nú í nóvember. Var einungis einn starfsmaður með í för,“ segir í bréfi sem formaður Foreldrafélags Austurbæjarskóla, Birgitta Bára Hassestein, sendi framkvæmda- og eignasviði Reykjavíkurborgar 15. nóvember.



**PÉTUR HAFÞÓR JÓNSSON**

Í bréfi til byggingarfulltrúa í febrúar á þessu ári lýsti Birgitta þungum áhyggjum starfsmanna og foreldra. Meðal annars sagðist hún hafa séð vörubíl með tengivagni, sem á hafi verið allt að þriggja metra háar spólur, taka knappar beygjur áður en hann sneri við og bakkaði að geymslunni. „Hver sem verður vitni að þessu áttar sig á að þetta getur verið stórhættulegt,“ segir í bréfinu.

Byggingarfulltrúi bað um skýringar frá Orkuveitunni. Í svari fyrirtækisins segir að fróðustu menn viti ekki til að slys hafi orðið á fólki við umrætt húsnæði frá því að það var tekið í notkun. Geymslan sé notuð fyrir mjög sérhæfða varahluti sem örsjaldan þurfi að nálgast.

„Þá hefur ávallt verið gætt fyllsta öryggis gagnvart umferð og fólki (nemendum) í nágrenni stöðvarinnar,“ segir í svari Orkuveitunnar sem enn fremur upplýsir að taka eigi húsnæðið úr notkun á næstu árum.

Í kjölfar skoðunar á málinu sagðist byggingarfulltrúi í apríl ekki mundu aðhafast frekar. „En til þess að tryggja öryggi skólabarna er lagt til að skólastjórn Austurbæjarskóla og OR komi sér saman um setningu öryggisreglna sem viðhafðar verði vegna aðkomu að húsnæðinu,“ segir í svari til formanns foreldrafélagsins.



**GEYMSLA ORKUVEITUNNAR** Orkuveitan notar húsnæði við suðurenda Austurbæjarskóla sem geymslu og fer um skólalóðina með flutningabíla. MYND/PÉTUR HAFÞÓR JÓNSSON

Pétur Hafþór Jónsson, tónlistarkennari í Austurbæjarskóla, segir bæði mengun og slysahættu af vörubílum Okruveitunnar. „Það er fáránlegt að þetta skuli vera inni á skólalóð. Slysin gera ekki boð á undan sér og það er mengun af þessu. Mér finnst að svona stöndug fyrirtæki eins og Orkuveitan eigi að sjá sóma sinn í því að fara með þetta annað en vera ekki að þumbast við.“

gar@frettabladid.is

Bandarísk stjórnvöld ósátt:

# Íhuga aðgerðir vegna hvalveiða

**SJÁVARÚTVEGSMÁL Bandarísk stjórnvöld íhuga aðgerðir vegna hvalveiða Íslendinga. Gary Locke, viðskiptaráðherra Bandaríkjanna, ýjar að þessu í yfirlýsingu sem sagt er frá á vef bandaríska viðskiptaráðuneytisins.**

**Í yfirlýsingunni gagnrýnir Gary Locke harðlega hvalveiðar Íslendinga og alþjóðleg viðskipti með langreyðarkjöt. Hann segir að með viðskiptunum sé Ísland að brjóta alþjóðlegt bann við hvalveiðum.**

**„Við hvetjum Ísland til þess að láta af alþjóðaviðskiptum með hvalkjöt og vinna með alþjóðasamfélaginu að því að vernda hvalastofna,“ segir Gary Locke í yfirlýsingunni.**

**Hann segir að það sé óásættanlegt að Íslendingar veiði hvali án samráðs við Alþjóðahvalveiðiráðið, þannig að aðildarríki þess eða stofnanir þess geti ekki fylgst með veiðunum.**

- jhh

Efnahagsástandið á Írlandi:

# Pólitísk upplausn blasir við

**ÍRLAND, AP** Pólitísk upplausn blasir við á Írlandi eftir að stjórnvöld gáfust upp á að leysa bankakreppuna upp á eigin spýtur.

Brian Cowen forsætisráðherra hefur boðað til kosninga í byrjun næsta árs að kröfu Græningja, sem vilja ekki vera lengur í stjórnarsamstarfi. Græningjar hafa þó lofað að styðja fjárlög næsta árs, sem lögð verða fram 7. desember.

Fjárlagahalli Írlands verður 32 prósent á þessu ári, hærri en þekkst hefur í Evrópu frá stríðslokum.

Evrópusambandið og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafa ákveðið að koma Írlandi til hjálpar, en Bretar lofa einnig veglegri aðstoð.

- gb

AÞENA - HVAÐ ER MÁLIÐ MEÐ HAÍTÍ? EFTIR MARGRÉTI ÖRNÓLFSDÓTTUR

HVAÐ ER MÁLIÐ?




„Bráðskemmtileg bók, fjörug og fyndin..., ævintýraleg og nútímaleg,“ –H. Ó. Morgunblaðið (Um fyrri bókina)

BJARTUR

Aþena (ekki höfuðborgin í Grikklandi ;) FJÖRUVERÐLAUNIN Í FLOKKI UNGLINGABÓKA

„Margrét Örnólfsdóttir varpar áreynslulaust upp hæfilega hversdagslegri og hæfilega ævintýralegri mynd af heimi krakka í dag.“ –Ú. D. bokmenntir.is (Um fyrri bókina)

Niðurskurðartillögur um sundlaugar Reykjavíkurborgar:

# Íhuga styttri afgreiðslutíma

**REYKJAVÍK** Til greina kemur að breyta afgreiðslutíma sundlauga Reykjavíkurborgar til að hagræða í rekstri, Hugmyndir þess efnis frá Íþrótta- og tómstundaráði (ÍTR) verða til umfjöllunar við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs.

Diljá Ámundadóttir, formaður ÍTR, segir við Fréttablaðið að ekkert hafi enn verið ákveðið. Niðurskurður sé þó nauðsynlegur, en tillögurnar ættu ekki að koma of illa við borgarbúa.

Sjö sundlaugar eru undir stjórn ÍTR og segir Diljá að það gefi tækifæri til hagræðingar.

„Við gætum mögulega sparað mikla fjármuni með því að breyta afgreiðslutímanum lítillega því laugarnar þurfa ekki allar að vera opnar frá hálf sjö og fram á kvöld. Ein eða tvær yrðu með óbreyttan afgreiðslutíma, en það er möguleiki með að rótera hinum, þar sem sumar gætu lokað fyrr tvo eða þrjá daga í viku. Með þessu gætum við sparað allt að tíu milljónir króna.“

Diljá segir að engar uppsagnir séu fyrirhugaðar í þessum áætlunum, heldur yrði vaktafyrirkomulagi breytt. Hún vildi ekki tjá sig um mögulega skerðingu á starfshlutfalli starfsfólks, enda lægi engin ákvörðun fyrir um slíkt.

- þj

### Laugar bæjarins

**Sjö sundlaugar heyra undir ÍTR:**

- Árbæjarlaug
- Breiðholtslaug
- Grafarvogslaug
- Klébergslaug
- Laugardalslaug
- Sundhöllin
- Vesturbæjarlaug

Laugarnar eru jafnan opnar frá 6.30 til 22.



**HAGRÆTT Í LAUGUNUM** Í tillögum ÍTR er gert ráð fyrir að stytta opnunartíma sumra sundlauga í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




Það munar um hvert ár ef þú vilt gefa börnunum þínum bestu forsendur til að koma undir sig fótunum sem sjálfstæðir þjóðfélagsþegnar. Því fyrr sem þú byrjar þeim mun betra. Með söfnunartryggingu leggur þú grunninn að fjárhagslegu sjálfstæði barna þinna.

Mikilvægt er að hafa traustan samstarfsaðila sér við hlið. Einhvern sem þú getur treyst fyrir peningunum þínum! Þetta öryggi býður Bayern-Versicherung sem tilheyrir Versicherungskammer Bayern, stærstu opinberu tryggingasamstæðu Þýskalands.

Versicherungskammer Bayern er meðlimur í sambandi fjármálafyrirtækja þýsku sparisjóðanna (Sparkassen-Finanzgruppe) sem er farsælasti samstarfsvettvangur á sviði fjármálaþjónustu í Þýskalandi og með um 50 milljónir viðskiptavina.

Sterk fjárhagsstaða og ströng fyrirmæli í þýskum lögum gera Bayern-Versicherung kleift að uppfylla tryggingaskuldbindingar sínar fyrirvaralaust hvenær sem er.

Nánari upplýsingar um þjónustuframboð okkar er að finna á www.sparnadur.is eða þú hringir einfaldlega í einn af okkar vottuðu ráðgjöfum hjá Sparnaði – við hlökkum til að heyra í þér í síma 577-2025.

SPARNAÐUR

Umboðsaðili Bayern-Versicherung sem er meðlimur
í fyrirtækjasamstæðunni Versicherungskammer Bayern
Holtasmári 1, Kópavogur • Kaupvangsstræti 1, Akureyri
Sími: 577 2025 • sparnadur@sparnadur.is
www.sparnadur.is

VERSICHERUNGSKAMMER BAYERN

Finanzgruppe

## GENGIÐ 23.11.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 112,84 | 113,38 |
| Sterlingspund | 179,72 | 180,60 |
| Evra | 153,16 | 154,02 |
| Dönsk króna | 20,542 | 20,662 |
| Norsk króna | 18,703 | 18,813 |
| Sænsk króna | 16,330 | 16,426 |
| Japanskt jen | 1,3526 | 1,3606 |
| SDR | 175,17 | 176,21 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 205,2399

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Kona um fertugt dæmd í héraðsdómi fyrir stórfellt fíkniefnasmygl:

# Átta ára fangelsi fyrir dópsmygl

**DÓMSMÁL** Kona um fertugt var í gær dæmd í átta ára fangelsi í Héraðsdómi Reykjaness fyrir að reyna að smygla til landsins tæplega tuttugu lítrum af vökva sem innihélt amfetamínbasa. Önnur kona sem var ákærð fyrir sömu sakir, var sýknuð.

Elena Neuman, sú sem dæmd var, tók við vökvanum í Litháen og flutti þaðan falinn í eldsneytistanki VW Passat bifreiðar til Þýskalands. Þaðan flutti hún vökvann með sama hætti til Danmerkur. Síðan lá leiðin með farþegaferjunni Norrænu til Seyðisfjarðar þar sem vökvinn fannst við leit í ágúst. Úr þessu vökvamagni hefði verið unnt að framleiða allt að 20,9 kíló af hreinu amfetamínsúlfati, sem samsvarar 153 kílóum af efni miðað við tíu prósenta styrkleika.



**AMFETAMÍNVÖKVINN** Úr honum hefði verið hægt að framleiða 153 kíló af amfetamíni.

Konan bar að litháískur karlmaður hefði gefið sér bílinn, sem vökvinn var falinn í. Sá maður, Romas Kosakovskis, var dæmdur í fjögurra ára fangelsi árið 2006 fyrir að hafa smyglað hingað tveimur lítrum af amfetamínvökva og brennisteinssýru. Konan segir manninn einnig hafa greitt fyrir Íslandsferð hennar. **- jss**

Íslenskir frumkvöðlar:

# Keppa um sigur

**VÍSINDI** Íslenskir frumkvöðlar sem kalla sig KinWins taka þessa dagana þátt í lokakeppni Global Startup Battle, þar sem sprotafyrirtæki víðs vegar að úr heiminum eigast við í netkosningu. KinWins er leikur á netinu sem öll fjölskyldan getur leikið.

Hópurinn vann keppni sem Innovit stóð fyrir hér heima á dögunum og reiðir sig nú á atkvæði almennings á vef Global Startup Battle. Hægt er að kjósa fram á kvöld.

Sigurvegarar fá ferð til San Francisco þar sem þeir kynna hugmyndina fyrir fjárfestum. **- þj**



**FÍKNIEFNASMYGL** Lögregla og tollgæsla nota meðal annars fíkniefnahunda til að stöðva smygl. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ábendingar vegna smygls:

# Flestum ábendingum fylgt

**STJÓRNSÝSLA** Stjórnvöld hafa fylgt flestum af þeim fimmtán ábendingum ríkisendurskoðunar frá árinu 2007 vegna aðgerða gegn fíkniefnasmygli, að því er fram kemur í tilkynningu.

Þremur ábendingum hefur ekki verið fylgt. Stjórnvöld hafa ekki mótað heildræna stefnu í fíkniefnamálum. Þau hafa ekki heldur komið á fót gagnagrunni um gjaldeyriskaup sem löggæsluaðilar hafa aðgang að. Þá hafa þau ekki hert reglur um tilkynningaskyldu skipa.

Einni ábendingu hefur verið fylgt að hluta. Ríkisendurskoðun hvetur Tollstjóra til að þróa mælingar á árangri áfram. **- bj**

**ÖRYGGISMÁL**

### Sýnileg börn í Hveragerði

Hjálparsveit skáta færði á dögunum öllum börnum á leikskólum í Hveragerði sem og öllum börnum á yngsta stigi í grunnskólanum á staðnum endurskinsmerki. Hjálparsveitin hefur farið á hverju ári undanfarin ár og gefið börnum í Hveragerði endurskinsmerki.

# Langur aðdragandi að ákvörðun Breta

**Árni M. Mathiesen segir þá ákvörðun breskra stjórnvalda að beita hryðjuverkalögum á Landsbankann snögga og óvænta árás. Í ljós hafi komið að aðdragandinn hafi verið langur. Óttaðist fyrirfram að bresk stjórnvöld beittu aflsmunum.**

**STJÓRNMÁL** Þótt sú ákvörðun breskra stjórnvalda að beita lögum um eignafrystingu, sem kölluð hafa verið hryðjuverkalög, á Landsbankann haustið 2008 hafi komið fyrirvaralaust átti hún sér langan aðdraganda í Bretlandi.

Þetta fullyrðir Árni M. Mathiesen, fyrrverandi fjármálaráðherra, í bókinni Árni Matt – Frá bankahruni til byltingar, sem hann skrifaði ásamt Þórhalli Jósepssyni.

Í bókinni segir Árni frá fundi ráðherra með Davíð Oddssyni, þáverandi seðlabankastjóra, 4. október 2008. Þar lýsir Árni því hvernig Davíð las upp úr bréfi frá Mervyn King, seðlabankastjóra Bretlands. Árni lýsir því svo að Davíð hafi túlkað orð Kings þannig að Íslendingar þyrftu ekki að greiða Icesave-skuldir Landsbankans.

„En King var bara seðlabankastjóri og hafði ekkert umboð til að segja þetta, það þarf ráðherra til að ákveða svona nokkuð svo mér fannst strax að hitt væri líklegra, að við yrðum að semja við þá af því þeir gætu beitt afli," segir í bók Árna.

„Ég hafði hins vegar, eins og ég sagði, ekki ímyndunarafl til að trúa því hve hrottalega Bretarnir beittu þessu afli sínu með hryðjuverkalögunum," segir þar enn fremur.

Árni segir þessar aðgerðir Breta hafa vakið almenna reiði á Íslandi. „Árásin var svo snögg og óvænt að menn spurðu í forundran hvað gæti verið að baki, hvort Bretar væru að tapa sér."

Í bókinni segir að þó að íslensk stjórnvöld hafi engan fyrirvara fengið hafi aðdragandi að beitingu laganna verið nokkur í Bretlandi. Þeim mun sárara hafi verið að hafa í góðri trú átt samtöl við Alistair Darling, þáverandi fjármálaráðherra Bretlands, um möguleika á lausn Icesave-vandans.

Árni segir að Darling hafi aldrei gefið annað í skyn en að hann hefði áhyggjur af stöðunni og vildi finna lausn. **brjann@frettabladid.is**



**SEGIR FRÁ** Árni M. Mathiesen, fyrrverandi fjármálaráðherra, rekur tildrög og eftirmál bankahrunsins í nýrri bók. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Fengu vopn til að verja þrotabúið

Á meðan breskum lögum um eignafrystingu, sem kölluð hafa verið hryðjuverkalög, var beitt gegn þrotabúi Landsbankans var ekki hægt að beitingu þrotabúinu. Þetta segir Árni M. Mathiesen, fyrrverandi fjármálaráðherra, í nýrri bók þar sem fjallað er um bankahrunið.

Þannig var ákveðin vörn fólgin í beitingu hryðjuverkalaganna fyrir íslensk stjórnvöld, þar sem annars hefðu aðrir getað gert kröfu í þrotabúið, og þá væri minna til skiptanna upp í Icesave-kröfurnar, segir í bók Árna.

„Í hryðjuverkalögunum fólst ákveðið vopn fyrir okkur til að verja þrotabú Landsbankans og þar af leiðandi töldu menn að það væri kannski ekki ráðlegt að þrýsta of mikið á að aflétta hryðjuverkalögunum af Landsbankanum alveg strax," segir í bókinni.



**SAMAN Á FLUGVELLINUM** Mæðginin hafa ekki sést í áratug. NORDICPHOTOS/AFP

Tilfinningaþrungin stund:

# Suu Kyi fékk að hitta son sinn

**BÚRMA, AP Það var tilfinningaþrungin stund þegar Aung San Suu Kyi, leiðtogi lýðræðisbaráttunnar í herstjórnarríkinu Búrma, hitti í gær son sinn, hinn 33 ára gamla Kim Aris, sem hún hafði ekki séð í áratug.**

**Hún hefur verið í stofufangelsi megnið af síðustu tuttugu árum, en var leyst úr haldi fyrir rúmri viku. Sonurinn býr í Bretlandi og fékk tímabundið leyfi til að fara til Búrma að heimsækja móður sína.**

**Suu Kyi viðurkenndi að barátta hennar fyrir lýðræði í Búrma hafi verið erfið fyrir fjölskylduna. - gb**

Mál nímenninganna:

# Ögmundur getur ekkert gert

**STJÓRNMÁL** Ögmundur Jónasson, dómsmála- og mannréttindaráðherra, ætlar ekki að aðhafast í máli nímenninganna svokölluðu.

„Ég get ekki sem dómsmálaráðherra haft afskipti af málinu meðan það er fyrir dómstólum," sagði Ögmundur í samtali við Smuguna í gær.

Flokksráð VG skoraði á laugardag á Ögmund að hafa frumkvæði að því að forseti Íslands stöðvi réttarhöldin yfir nímenningunum, sem ákærðir eru fyrir meinta árás á Alþingi. Stjórnarskráin heimilar að forseti láti saksókn niður falla. **- bþs**





HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 09-0984

**LGG+ STYRKIR VARNIR LÍKAMANS**

Fjöldi klínískra rannsókna hefur sýnt fram á virkni LGG+ gerla. Þeir hafa margvísleg jákvæð áhrif á varnir líkamans og hafa m.a. jákvæð áhrif á meltingarveginn og styrkja ónæmiskerfið.

www.ms.is/lgg


## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**HÆGFARA HÆÐ**

Litlar breytingar eru á veðri þessa dagana enda hæðasvæði yfir landinu sem þokast hvergi. Áfram eru horfur á hægum vindi og köflóttu skýjafari. Á morgun og föstudag verður heldur þungbúið N- og A-til en bjartara yfir syðra.



Á MORGUN 3-8 m/s, él N- og NA-til.

FÖSTUDAGUR Fremur hæg norðlæg átt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 17° |
| Basel | 8° |
| Berlín | 2° |
| Billund | 1° |
| Frankfurt | 4° |
| Friedrichshafen | 0° |
| Gautaborg | 1° |
| Kaupmannahöfn | 1° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 5° |
| Mallorca | 15° |
| New York | 9° |
| Orlando | 27° |
| Ósló | -6° |
| París | 7° |
| San Francisco | 10° |
| Stokkhólmur | -1° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Sigmundur Halldórsson *sigmundur@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

# ILMANDI GOTT
## TILBÚIÐ FYRIR ÞIG



Smákökubar
í Skeifunni

*Nýbakað fyrir þig!*




NÝBAKAÐ

Alla daga bökum við fyrir þig ómótstæðilegar amerískar smákökur sem eru hver annarri betri.

*Kíktu við og smakkaðu, þú verður ekki fyrir vonbrigðum!*






**Bahlsen jólakökur**
margar tegundir

**Tilbúnar smákökur**
margar tegundir

**Panettone**
ekta ítölsk jólakaka


HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**FRÉTTASKÝRING:** Bætur til meðferðarheimilisins Árbótar

# Siðbótar og rannsókna krafist vegna Árbótar

**Alþingismenn kröfðust þess í gær að Árbótarmálið yrði rannsakað. Stjórnarþingmenn kölluðu eftir bættri siðvitund og því að menn létu af kjördæmapoti.**

Árbótarmálið var til umræðu á Alþingi í gær annan daginn í röð. Ólöf Nordal, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, hóf umræðuna og sakaði Steingrím J. Sigfússon um „dæmalausa stjórnsýslu“ og að hafa sagt þinginu ósatt á þriðjudag.

„Ég spyr nú hér, ekki síst með vísan til látlausra ræðuhalda um stöðu þingsins og mikilvægi þess að eftirlitshlutverk þess við framkvæmdavaldið sé virt: Á að sætta sig við svona háttalag? Ég tel að það sé augljóst að Ríkisendurskoðun og umboðsmaður Alþingis, að eigin frumkvæði – enda eru þetta tæki sem þingið hefur – taki þetta mál til skoðunar. Og ég vil líka að viðkomandi þingnefndir, háttvirt félagsmálanefnd og háttvirt fjárlaganefnd, sem hefur í nægu að snúast, skoði þetta mál án tafar.“

Þórunn Sveinbjarnardóttir tók undir ákall um ný og betri vinnubrögð og stakk upp á því að menn hættu úthlutun á safnliðum og „kjördæmapoti“ við fjárlagavinnuna, „hvernig þingmenn leggjast á sveif, ekki faglega, ekki einu sinni pólitískt, heldur með sértækum hagsmunum í eigin kjördæmi“.

Ólína Þorvarðardóttir sagði að margt hefði farið aflaga í stjórnsýslunni og að dæmi væru um „pólitísk afskipti, eftirlitsleysi, virðingarleysi við valdsmörk og faglegt hlutverk stofnana“. Því þyrfti að gera gangskör að því að koma í gegn endurbótum á stjórnsýslu landsins með aukinni siðvitund ráðuneyta, stofnana og alþingismanna „sem hiklaust beita áhrifum sínum í gegnum framkvæmdarvaldið og stofnanirnar og hér á þessum vinnustað þvert á alla eðlilega stjórnsýslu og stjórnsýsluumgjörð.“

Þá kom Tryggvi Þór Herbertsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks í Norðausturkjördæmi, í pontu og frábað sér að vera bendlaður „við eitthvað hankípankí með hæstvirtum fjármálaráðherra“. Hann hefði engum þrýstingi beitt vegna málsins. Sigurður Ingi Jóhannsson, Framsóknarflokki, gerði það sama fyrir hönd samflokksmanna sinna í kjördæminu.


Stígur Helgason
stigur@frettabladid.is


Trausti Hafliðason
trausti@frettabladid.is


ÁRBÓT Í AÐALDAL Ákveðið var að loka heimilinu eftir að kynferðisbrot kom þar upp og mjög dró úr eftirspurn eftir rýmum.

## Á eftir að skoða málið betur



Oddný G. Harðardóttir, formaður fjárlaganefndar Alþingis, vill ekki tjá sig um Árbótarmálið að svo stöddu. Hún sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að sér hefði ekki gefist tóm til að kynna sér allar hliðar málsins, enda væri fjárlagavinnan í fullum gangi. Það hyggist hún gera áður en hún myndi sér skoðun á málinu.

## Gerði fyrst og fremst það sem embættismenn lögðu til

„Það var mjög eðlilega að þessu máli staðið af minni hendi að öllu leyti,“ segir Árni Páll Árnason, þáverandi félagsmálaráðherra, í samtali við Fréttablaðið. „Málið kemur til kasta ráðuneytisins vegna þess að það nást ekki samningar. Það hafði alltaf verið gengið út frá því að semja um starfslok á milli Barnaverndarstofu og fólksins. Það var forsendan fyrir uppsögninni og gefin fyrirheit um það þegar Barnaverndarstofa segir upp samningnum,“ segir Árni Páll.

Niðurstaða samningaviðræðna hafi verið að greiða hjónunum 30 milljónir, en Árna Páli hafi þótt óverjandi að leggja svo mikið á Barnaverndarstofu og hafi þess vegna beitt sér fyrir því að fá aukafjárveitingu fyrir meirihluta upphæðarinnar. „Það þurfti að semja um málið. Og það var ráðlegging minna embættismanna að ganga frá málinu með þessari upphæð. Þeir leggja fram þessa tillögu á faglegum forsendum og ég sótti frá fjármálaráðuneytinu vilyrði um stuðning við aukafjárveitingu upp á átján milljónir og taldi mjög æskilegt að ljúka málinu þannig,“ segir hann.

Spurður hvort ekki hefði verið eðlilegt að leita eftir áliti frá Ríkislögmanni um hvort greiðsluskylda væri fyrir hendi segir Árni: „Ég er lögfræðingur sjálfur og get alveg lesið hvað stendur í þessu uppsagnarákvæði. Það er ekki ótvírætt – langt því frá. Rökin fyrir uppsögninni voru forsendubrestur, en það var ekki ótvírætt að hún stæðist. Embættismenn í félagsmálaráðuneytinu voru eindregið þessarar skoðunar. Ég tók enga ákvörðun í þessu máli og átti aldrei hugmynd að nokkru skrefi aðra en þá sem mínir embættismenn lögðu til, nema þegar ég ákvað að neita að sætta mig við að það færu 30 milljónir af barnaverndarstarfi í landinu í uppgjörið og heimtaði að það kæmi aukafjárveiting.“

Árni Páll greinir í tölvupósti til ráðuneytisstjóra síns frá því að kjördæmisþingmenn hafi beitt hann þrýstingi vegna málsins. „Þeir hafa svo sem allar heimildir til þess. Það er bara mitt að standa klár á ákvörðuninni. Það þýðir ekkert að kveinka sér undan því. Aðalatriðið er þetta: Jú jú, það var þrýstingur en hann hafði engin óeðlileg áhrif á niðurstöðuna. En það eru ýmsar ástæður fyrir því að ég vil að landið sé eitt kjördæmi og þetta er ein af þeim ástæðum.“


ÁRNI PÁLL ÁRNASON

## Þrýsti á um bótagreiðslur í nálega fjörutíu tölvubréfum

**Björgvin Þorsteinsson, lögmaður Árbótarhjóna, sendi nálega fjörutíu tölvubréf á félagsmálaráðuneytið, flest til skrifstofustjórans Einars Njálssonar, frá 11. janúar á þessu ári og fram í októberlok, þar af helming eftir 1. september, þar sem hann þrýsti á um að málinu yrði lokið með greiðslu bóta. Hér á eftir fer úrval þeirra:**

**19. janúar:** Sæll Einar. Mitt fólk er farið að lengja eftir tilboðinu sem átti upphaflega að berast á mánudegi fyrir viku. Fer ekki eitthvað að gerast frá ykkar hendi?

**23. mars:** Sæll Einar. Er málið algjörlega frosið?

**4. maí:** Sæll Einar. Er einhver von á að svar berist við síðustu tillögu minni?

**10. júní:** Sæll Einar. Hann er líklega ekki hraðlæs aðstoðarmaðurinn. Er ekki rétt að lesa þetta fyrir hann?

**22. júní:** Sæll Einar. Er ekki hægt að greiða alla fjárhæðina strax? Þarf nokkuð að bíða eftir fjáraukalögunum?

**8. júlí:** Sæll Einar. Eru flestir heiladauðir í þessum ráðuneytum? Nú á að vera búið að borga að hluta til samkvæmt samkomulaginu en það fæst ekki undirritað. Er nokkur möguleiki að þetta klárist í tíð þessarar stjórnar?

**22. september:** Sæll Einar. Eru ekki ráðherrarnir á fullu að undirrita skjölin?

**24. september:** Sæll Einar. Nú er þessi vika að renna sitt skeið og ekkert gerist. Skilvirknin sem ríkisstjórnin boðaði hefur snúist upp í andhverfu sína. Nú eru 9 mánuðir liðnir frá því að við hittumst fyrst. Ég reiknaði ekki með að það tæki fullan meðgöngutíma að leysa málið og vona að þú getir fengið þetta lið til að undirrita samkomulag það sem þegar hefur verið gert og að það verði síðan efnt.

**27. september:** Sæll Einar. Eigum við ekki að setja þrýsting á liðið. Það þarf ef til vill að gefa því stuð til að vekja það til lífsins.

**5. október:** Sæll Einar. Er nokkuð að frétta af hinum handlama ráðherra velferðarmála? Ef það hindrar hann í undirskriftum að samningurinn var í fjórriti þá dugir mín vegna að hann undirriti bara eitt eintak og það verði síðan ljósritað.

**6. október:** Sæll. Eru ekki væntanlegar fréttir af undirritunum ráðherranna? Þeim tekst þetta væntanlega ekki á þeim tíma sem þeir eiga eftir að sitja við völd. Ég held að það sé ekki um annað að ræða en að stefna þeim fyrir dómstóla.

**6. október:** Sæll Einar. Ég sendi þetta nú að kveldi svo þú hafir eitthvað að lesa að morgni. Nú hef ég engin svör fengið við póstum mínum síðan þú tilkynntir mér að Bragi væri búinn að undirrita samninginn en ráðherrarnir væru eftir.

**7. október:** Sæll Einar. Nú ætla ég að fjölga fyrirspurnum mínum um undirritanir ráðherranna í tvær á dag. Vonast til að verða virtur svars.

**8. október:** Sæll Einar. Þetta er síðdegispósturinn. Segðu þínum háu herrum að næst sé á dagskrá að hafa samband við umboðsmann Alþingis. Afrek ráðuneytisins sem þú vinnur í eru með eindæmum. Mogginn kemur líka sterklega til greina. Hann hefur gaman að því að fjalla um afrek ráðherranna.

**11. október:** Sæll Einar. Þetta er morgunpósturinn vegna Árbótarsamningsins. Hefur skilvirkni ráðuneytisins nokkuð aukist þannig að tekist hafi að rita undir samninginn?

**11. október:** Sæll Einar. Þá er það síðdegispósturinn frá mér. Ég sendi reyndar póst á Steingrím Jóhann fyrr í dag og bað hann um að sparka í þá sem sparka þarf í. Það má vel vera að það sé hann sjálfur en ég hitti hann fyrir tæpum mánuði og þá lofaði hann að málið gengi í gegn. En það er með þetta eins og annað. Verk fylgja víst ekki alltaf loforðum.

**28. október:** Sæll Einar. Það hefur ekki borist greiðsla frá BVS til Árbótar. Viltu reka á eftir þeim annars grípum við annarra úrræða.


BJÖRGVIN ÞORSTEINSSON




SJÓÐFÉLAGAFUNDUR

Sjóðfélagafundur Sameinaða lífeyrissjóðsins verður haldinn miðvikudaginn 24. nóvember 2010 kl. 17.30 á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2.

Aðalefni fundarins verður kynning á Framtakssjóði Íslands slhf. Finnbogi Jónsson forstjóri sjóðsins hefur framsögu, kynnir hlutverk sjóðsins og fer yfir helstu fjárfestingar hans til þessa.

Þá gefst fundargestum tækifæri til að bera fram fyrirspurnir til forstjóra og forráðamanna Sameinaða lífeyrissjóðsins um efnið, en sjóðurinn var sem kunnugt er meðal þeirra 16 lífeyrissjóða sem stóðu að stofnun Framtakssjóðsins.



Borgartúni 30, 105 Reykjavík
Sími 510 5000
mottaka@lifeyrir.is
lifeyrir.is

Lífeyrir
Sameinaði lífeyrissjóðurinn

# 30 TIL 70% AFSLÁTTUR Í ÖRFÁA DAGA!

## SELJUM SÝNINGAR- OG SKIPTIRÚM

Queen Size rúm (153x203cm)

**VERÐ FRÁ 89.000 kr.**



FYRSTIR KOMA - FYRSTIR FÁ!

ALLT Á AÐ SELJAST!

rekkjan

HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

**VEISTU SVARIÐ?**



1 Í hvaða kjördæmi er meðferðarheimilið Árbót?

2 Hvaða drykk vil óperusöngvarinn Paul Potts fá eftir að hafa sungið á jólatónleikum Björgvins Halldórssonar?

3 Úr hvaða efni er þak nýrra bygginga sem nú rísa í stað þeirra sem urðu eldi að bráð á Lækjargötu 2?

SVÖR

1. Norðausturkjördæmi. 2. Bjór. 3. Stuðlabergi.

## Tilfæringar og endurbætur á húsakosti Alþingis standa nú yfir:

# Vonarstræti 12 á leið á næsta horn

**ALÞINGI** Hafinn er flutningur á byggingunum við Vonarstræti 12 yfir á nýjan stað á horni Kirkjustrætis og Tjarnargötu. Húsið hefur síðustu árin þjónað sem skrifstofa þingflokks Vinstri grænna en þar voru ýmsir flokkar áður.

Bakhúsinu, þar sem upphaflega var prentsmiðja, var lyft frá og það sett til hliðar á mánudag. Búist er við að flutningur sjálfs aðalhússins hefjist á morgun og er áætlað að hann taki allt að þrjá daga. Til verksins verða notaðir tveir stærstu kranar landsins.

Á nýja staðnum verður Vonarstræti 12 hluti af húslengju Alþingis við Kirkjustræti. Ekki er búið að ákveða hvaða hlutverki nákvæmlega það muni gegna í framtíðinni. Næsta hús þar við hliðina á er húsið Skjaldbreið sem ákveðið hefur verið að endurnýja. **- gar**



**Á NÝJAN GRUNN** Bakhúsið á Vonarstræti 12 fór á flug á mánudag og skildi eftir sig sár í aðalhúsinu sem reiknað er með að fylgi á eftir í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Ég styð Þorkel Helgason ...



1. val 2 8 5 3
2. val

...vegna þess að hann kann að greina vandamál, en hann er líka einn vandaðasti maður sem ég þekki.“ *Vilhjálmur Bjarnason, lektor*

...af því að hann er traustur, heiðarlegur og vandaður maður.“ *Guðfinna S. Bjarnadóttir, fv. rektor*

www.thorkellhelgason.is

# Horfurnar verri en í júní

**Hagkerfið dregst saman um þrjú prósent á árinu en á næsta ári er gert ráð fyrir hagvexti, samkvæmt spá Hagstofunnar. Samkvæmt spánni mun draga úr atvinnuleysi á næsta ári. Það er þvert á erlendar spár. Hagfræðingur hjá Íslandsbanka efast um spána. Erlendir sérfræðingar telja að atvinnuleysi muni aukast.**

**EFNAHAGSMÁL** Hagstofan reiknar með að hagvöxtur dragist saman um þrjú prósent á þessu ári og um tæp tvö prósent á því næsta, samkvæmt endurskoðaðri hagspá sem kom út í gær. Þrátt fyrir það mun draga úr atvinnuleysi.

Þetta er talsvert svartsýnni spá en Hagstofan gaf út í júní í sumar. Þá var gert ráð fyrir 2,9 prósenta samdrætti á árinu og rúmlega þriggja prósenta hagvexti ár hvert næstu tvö ár. Inni í spánni í sumar voru stóriðjuframkvæmdir í Helguvík, sem hafa verið teknar út úr flestum hagspám. Framkvæmdir við stækkun álversins í Straumsvík draga verulega úr neikvæðum áhrifum af Helguvíkurverkefninu.



**AUÐBJÖRG ÓLAFSDÓTTIR**

Hagstofan reiknar almennt með að krónan styrkist ekki á næstu misserum, slaki verði í hagkerfinu með lágu neyslustigi og laun hækki lítið. Á sama tíma verði frjór jarðvegur fyrir vöxt nýrrar starfsemi sem byggi á útflutningi, auk þess sem aukin atvinnuvegafjárfesting muni skila sér í aukinni atvinnuþátttöku á næsta ári.

Þetta er þvert á aðrar spár. Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) gerir ráð fyrir fimmtán prósenta samdrætti á þessu ári og 8,4 prósenta vexti á því næsta. Julie Kozack, yfirmaður sendinefndar AGS hér á landi, hefur jafnframt bent á að efnahagsbatinn muni ganga hægar þar sem fjárfestingarverkefnum hafi seinkað.

Auðbjörg Ólafsdóttir, hagfræðingur hjá Greiningu Íslandsbanka, furðar sig á hagspá Hagstofunnar. Hún bendir á að framkvæmdir við stækkun álversins í Straumsvík skipti miklu máli. Hún sér hins vegar ekki hvernig minni hagvöxtur næstu þrjú ár skili sér í aukinni atvinnu.

„Þetta skýtur svolítið skökku við. Ég hefði haldið að samhliða minni fjárfestingu og hagvexti hefði það gengið verr,“ segir hún.

„Það liggja fyrir nokkrar framkvæmdir, svo sem í Straumsvík. En svo er slaki í hagkerfinu og mikið af ónýttum framleiðsluþáttum,“ segir Björn Ragnar Björnsson, sérfræðingur hjá Hagstofunni, og vísar til þess að tækifæri séu til staðar fyrir þá sem þau sjái, svo sem útflutningsfyrirtæki. „Það er mat okkar að viðbrögðin verði í sterkara lagi. En svo má það vel vera bjartsýni.“ **jonab@frettabladid.is**




**AÐ STÖRFUM** Hagstofan reiknar með því að draga muni úr atvinnuleysi á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRI FRÉTTIR

visir.is

**Auðveldaðu viðskiptin með Staðgreiðslulánum Borgunar**

Staðgreiðslulán Borgunar eru einföld leið fyrir seljendur til að bjóða viðskiptavinum sínum að dreifa greiðslum á kreditkort í allt að 48 mánuði. MasterCard og Visa korthafar eiga kost á að nýta sér þessa greiðsluleið.

**Kostir Staðgreiðslulána**

- Bætt þjónusta
- Engin þjónustugjöld
- Uppgjör á öðrum degi
- Borgun ábyrgist uppgjör til seljanda

Hafðu samband við okkur í síma 560 1600 eða á fyrirtaeki@borgun.is og kynntu þér kosti lánanna.

MasterCard VISA

BORGUN Ármúla 30 • 108 Reykjavík Sími 560 1600 • www.borgun.is




Jólagjöfina færðu
í Body Shop
THE BODY SHOP
Askja með "Love etc..."-ilmvatni og -sturtusápu 3290 kr.
Kassi með "White musk sport"-herrasnyrtivörum 5490 kr.
Kassi með "Mango"-dekurvörum 5990 kr.
Gjafakubbur með dekurvörum 1090 kr.
"Shimmer"-freyðibað í fallegri flösku 1890 kr.
Glæsilegur kassi með jóla-ilmandi dekurvörum 5990 kr.
Farðaburstar í fallegri buddu 4990 kr.
Askja með nokkrum augnskuggum í 3280 kr.
Snyrtibudda með dekurvörum 2990 kr.
"Of a man"-herrasnyrtivörur í öskju 2990 kr.
Kassi með "Coconut"-dekurvörum 3990 kr.
Gott í skóinn! 5 dýrasápur saman í poka 1090 kr.
E-vítamín-andlitsvörur í öskju 3990 kr.
Askja með "Japanese cherry blossom"-ilmvatni og -sturtusápu 3790 kr.
Kassi með "Strawberry"-dekurvörum 5990 kr.
THE BODY SHOP™
KRINGLUNNI, SMÁRALIND, GLERÁRTORGI
Nemendur í framhaldsskóla, öryrkjar og félagar í Landssambandi eldri borgara fá 10% afslátt gegn framvísun gildra skírteina

Rökstuddur grunur leikur á að salmonella hafi komið upp hjá Reykjagarði:

# Innkalla kjúkling úr verslunum

**NEYTENDUR** Rökstuddur grunur leikur á að salmonella hafi komið upp í kjúklingaslátrun í einum kjúklingahópi Reykjagarðs, framleiðanda Holtakjúklings. Fyrirtækið hefur nú þegar innkallað vörur með rekjanleikanúmerið 002-10-41-3-05 í varúðarskyni. Þó er talið að fólk smitist ekki af salmonellu úr kjúklingunum ef kjötið er hitað svo að kjarnhiti nái yfir 72 gráður.

Jarle Reiersen, dýralæknir og framleiðslustjóri hjá Reykjagarði, segir fyrirtækið hafa tekið þá ákvörðun að kalla inn vörurnar og skipta þeim út í varúðarskyni.



**REYKJAGARÐUR** Framleiðendur Holta kjúklings hafa nú innkallað vörur vegna sterks gruns um salmonellusmit í sláturhúsi.

„Við viljum gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að fyllstu öryggiskröfum sé fylgt,“ segir Jarle. „Salmonellan hefur ekki verið formlega staðfest en þessi ræktun sem um ræðir er grunsamleg.“

Sýni úr hópnum hafa verið rannsökuð samkvæmt eftirlitsáætlun Matvælastofnunar áður en kjúklingunum var slátrað, án þess að salmonella hafi fundist. Þau eru enn í greiningu hjá Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum og verða send til staðfestingar á sýkladeild Landspítalans.

Neytendur sem hafa keypt kjúklinga með þessu rekjanleikanúmeri eru beðnir um að skila vörunum.

**- sv**



**AUSTURSTRÆTI** Héraðsdómur Reykjavíkur mun breiða úr sér í miðborginni þegar hluti starfsemi hans færist yfir í Austurstræti 17. Húsið er í dag oft kennt við 10-11 enda slík verslun á jarðhæðinni. Lengst af var það nefnt eftir kaup- og athafnamönnunum Silla og Valda sem létu reisa það og ráku í því verslun. Ferðaskrifstofan Útsýn var lengi á annarri hæðinni. Húsið var tekið í gagnið 1965. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Vilja tvo stóra dómsali í húsi Silla og Valda

**Héraðsdómur Reykjavíkur hyggst leigja hæð í húsi Silla og Valda við Austurstræti. Það leysir þörf fyrir stærra skrifstofurými dómsins. Óleyst er yfirvofandi þörf fyrir fleiri dómsali. Tvo stóra sali vantar.**

**STJÓRNSÝSLA** Lausn á hluta húsnæðisvanda Héraðsdóms Reykjavíkur er í augsýn.

Í bígerð er að dómurinn leigi eina hæð í Austurstræti 17 og leysi með því þörfina fyrir bætta starfsaðstöðu dómara, aðstoðarmanna og dómritara.

Húsið er sambyggt húsi Héraðsdóms við Lækjartorg. Er ætlunin að opna á milli húsanna enda augljósir kostir því samfara.

Nauðsyn stærri húsakosts dómsins helgast af stórauknu álagi eftir fall bankanna. Er fyrirséð að mörg dómsmál, stór og smá, verði höfðuð vegna hrunsins. Þegar hefur fjöldi mála borist vegna ágreinings um kröfur í bú bankanna og ljóst að slíkum málum mun fjölga. Þá eru yfirvofandi stór mál í framhaldi af rannsóknum sérstaks saksóknara.

Til að mæta auknu álagi dómsins hefur dómurum verið fjölgað og samkvæmt frumvarpi dómsmálaráðherra á að fjölga þeim enn frekar.

Helgi I. Jónsson, dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur, segir að húsnæðið í Austurstræti muni mæta þörfinni fyrir skrifstofur en eftir standi vandi varðandi dómsali. Hans mat sé að þörf verði fyrir tvo nýja sali sem þyrftu að vera stærri en stærsti salur dómsins í dag, salur 101.

„Það liggur svo sem ekki fyrir hvað margir verða í hverju máli en það þarf að vera aðstaða fyrir verjendur og sakborninga og svo má gera ráð fyrir að það verði einhver fjöldi áhorfenda. Það þarf líka að koma til móts við þær þarfir,“ segir Helgi.

Aðspurður segir hann ekkert liggja fyrir um hvar viðbótardómsalirnir geti verið. Nú verði farið að horfa til þess. Hentugt væri að hafa þá í miðborginni, nærri höfuðstöðvum dómsins.

Útlit er fyrir að þörf verði fyrir nýju dómsalina tvo á síðari hluta næsta árs.

Nú starfa 25 dómarar við Héraðsdóm Reykjavíkur. Fleiri bætast við, verði frumvarp dómsmálaráðherra að lögum. Er enn frekari fjölgun dómara áformuð þegar fram í sækir.

Helgi segir að þegar stóru málin frá sérstökum saksóknara komi til meðferðar kalli það á að margir dómarar verði uppteknir í einu máli í marga mánuði. Þeir sinni ekki öðru á meðan.

**bjorn@frettabladid.is**


Fundur um lífeyrissparnað

Fimmtudagur 25. nóvember kl. 18.00

Fundur verður haldinn um lífeyrissparnað fyrir félagsmenn VM í VM húsinu á Stórhöfða 25, 4. hæð.

**Sérfræðingar Íslandsbanka** koma og fara yfir lífeyrismál félagsmanna og kynna kosti viðbótarlífeyrissparnaðar sem er eitt hagstæðasta sparnaðarformið í dag.

Fundurinn er opinn öllum félagsmönnum VM. Vinsamlegast skráið ykkur á vm@vm.is.

Íslandsbanki

Félag vélstjóra og málmtæknimanna - örugg með okkur

VM ▸ Stórhöfða 25 ▸ 110 Reykjavík ▸ sími 575 9800 ▸ www.vm.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRI FRÓÐLEIKUR Meiri Vísir. visir.is

Málskotsréttin til minni hluta Alþingis, eflum rökræðuna, burt með kappræðuna



Stjórnlagaþings frambjóðandi
**Björn Einarsson**
læknir og heimspekinemi
**Nr. 6340**
Heimasíða með myndskeiði
www.bjorneinarsson.is

HJÁLPARSTARF HEIMA OG HEIMAN

Hjálparstarf kirkjunnar



GJÖF SEM SKIPTIR MÁLI

HELMINGUR FRAMLAGA RENNUR TIL AÐSTOÐAR INNANLANDS

Í fátækustu ríkjum Afríku vinnum við að því að útvega hreint vatn og bæta þar með heilsu og almenna afkomu. Við eflum fólk til sjálfshjálpar og styrkjum konur sérstaklega.

Hér heima veitum við fjölskyldum í fjárhagsvanda aðstoð með ráðgjöf, mat, fatnaði, lyfjagreiðslum og stuðningi við börn. Það eru því margir sem treysta á þitt framlag, bæði hér heima og erlendis.

Þú getur valið:
- valgreiðslu í heimabanka
- gjafabréf á gjofsemgefur.is
- frjálst framlag á framlag.is
- 907 2002 fyrir aðstoð innanlands
- 907 2003 fyrir aðstoð erlendis
- söfnunarreikning: 0334-26-50886 kt. 450670-0499

PIPAR\TBWA - SÍA - 102921


Jólasmákökur frá Kexsmiðjunni
fást nú í helstu verslunum
JÓLABAKSTUR
KEX smiðjan
Njóttu aðventunnar með góðgæti frá Kexsmiðjunni.
Smakkaðu jólasmákökurnar frá Kexsmiðjunni.
Vanillufingur
Dísudraumur
Dropakökur
Blúndukökur
Hálfmánar
Kókos & Appelsínukökur
Kókostoppar
Súkkulaðibita-kökur
Gleðileg íslensk jól

Árásir Norður-Kóreu fordæmdar víða um heim:

# Íbúar flúðu í ofboði

**SUÐUR-KÓREA, AP** Bandaríkin fordæmdu árás Norður-Kóreumanna í gær. Robert Gibbs, blaðafulltrúi Hvíta hússins, skoraði á Norður-Kóreu að láta af árásum og sagði Bandaríkin staðráðin í að verja Suður-Kóreu. Bandaríkin eru með nærri 30 þúsund hermenn í Suður-Kóreu.

Catherine Ashton, utanríkismálafulltrúi Evrópusambandsins, fordæmdi sömuleiðis árás Norður-Kóreumanna og hvatti þá til að halda meira en hálfrar aldar gamalt vopnahlé ríkjanna.

Kínversk stjórnvöld, sem lengi hafa stutt við bakið á Norður-Kóreu en eiga einnig í nánum viðskiptatengslum við Suður-Kóreu, hvöttu bæði ríkin til að halda ró sinni og „leggja meira af mörkum við að tryggja frið og stöðugleika á Kóreuskaga,“ að því er Hong Lei, talsmaður kínverska utanríkisráðuneytisins, sagði.

Íbúar á eyjunni Yeonpyeong fylltust skelfingu þegar árásirnar hófust skyndilega um hálfþrjú síðdegis að staðartíma.

„Ég hélt ég myndi deyja,“ sagði Lee Chun-ok, sem sagðist hafa verið að horfa á sjónvarpið heima hjá sér þegar sprengjurnar tóku að falla. Veggur hjá henni hrundi og þá forðaði hún sér frá eyjunni yfir til meginlands Suður-Kóreu ásamt fleiri eyjarskeggjum. **- gb**



**VIÐBÚNAÐUR** Lee Myung-bak, forseti Suður-Kóreu, í svörtum leðurjakka á fundi herráðs landsins í höfuðborginni Seúl. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Gamall ágreiningur vekur upp átök á ný

**Ásakanir ganga að venju á víxl milli Norður- og Suður-Kóreu í kjölfar mannskæðra átaka í gær. Suður-Kóreumenn segja Norður-Kóreu hafa átt upptökin, en Norður-Kóreumenn líta á heræfingar Suður-Kóreu sem ögrun við sig.**

**SUÐUR-KÓREA** Norður-Kóreumenn telja sig hafa verið í fullum rétti þegar þeir gerðu árás á eyjuna Yeonpyeong í gær meðan heræfingar stóðu þar yfir á vegum Suður-Kóreumanna.

Samkvæmt frásögnum Suður-Kóreumanna skutu Norður-Kóreumenn tugum skota úr þungavopnum á Yeonpyeong-eyju og í hafið umhverfis eyjuna. Á eyjunni kviknaði í nærri 70 húsum, að minnsta kosti tveir suðurkóreskir hermenn létu lífið og átján manns særðust, þar af tveir hermenn alvarlega.

Suður-Kóreumenn svöruðu í svipaðri mynt, með skothríð yfir til Norður-Kóreu, og saka Norður-Kóreumenn um að hafa, með því að gera árás á almenna borgara, brotið ákvæði í vopnahléssamningi ríkjanna frá 1953.

Norður-Kórea hefur aldrei viðurkennt landhelgismörk ríkjanna í Gulahafi austur af Kóreuskaga. Markalínan, sem Sameinuðu þjóðirnar lýstu einhliða yfir árið 1953, liggur mun nær strönd Norður-Kóreu en Suður-Kóreu.

Eyjan Yeongpyeong er rétt sunnan línunnar. Þar hefur her Suður-Kóreu haft aðstöðu auk þess sem lítil byggð almennra borgara er á eyjunni.

Norður-Kóreumenn hafa hins vegar gert tilkall til hafsvæðis lengra til suðurs, að annarri markalínu sem er nær því að liggja mitt á milli ríkjanna, þótt Yeongpyeong og fleiri litlar eyjar í byggð myndu þá falla undir yfirráð Norður-Kóreu.

Norður-Kóreumenn virðast líta á heræfingar Suður-Kóreumanna sem ögrun, eins þótt suður-kóreski herinn segist hafa gætt sín á því að skjóta til suðurs, í áttina frá Norður-Kóreu. Strangt til tekið féllu skotin í hafið á svæði sem Norður-Kóreumenn gera tilkall til.



**FYLGST MEÐ SPRENGINGUM** Mikinn reyk lagði frá sprengingunum á Yeongpyeong-eyju í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Átök í Gulahafi

**Nokkrir létust og tugir særðust þegar Norður-Kóreumenn gerðu sprengjuárás á litla eyju, sem hefur verið undir stjórn Suður-Kóreu.**




© GRAPHIC NEWS

Mikil spenna hefur ríkt milli ríkjanna á þessu svæði áratugum saman, en Suður-Kóreumenn hafa jafnan lýst því yfir að þeir muni verja markalínuna og eyjarnar suður af henni af fullri hörku.

Tvisvar áður hafa brotist út mannskæð átök við Yeongpyeong-eyju, fyrst árið 1999 og síðan árið 2002. Fleiri átök hafa orðið við markalínuna, síðast í mars á þessu ári þegar suðurkóresku herskipi var sökkt með tundurskeyti. Suður-Kóreumenn eru sannfærðir um að skotið hafi verið úr norður-kóreskum kafbáti, þótt Norður-Kóreumenn hafi neitað allri sök.

gudsteinn@frettabladid.is


Það er kaffitími núna




Fangaðu kaffitímann með BKI kaffi

Taktu þér kaffitíma núna

Angan af kaffi kemur bragðlaukunum af stað og ilmurinn segir til um ríkt bragðið af BKI kaffi. Helltu upp á gott BKI kaffi.

**Kaffitími er alþjóðlegt fyrirbæri** sem fólk í hverskonar verslun, þjónustu og iðnaði nýtir sér til að taka stutta hvíld frá störfum og hlaða rafhlöðurnar. Talið er að allt frá 1951 hafi kaffitími verið skráður í kjarasamninga. Kaffitíminn er í dag nánast heilög stund, líka utan vinnutíma.



Njóttu lausnar frá amstri hversdagsins með góðu BKI kaffi. Finndu hvernig þú hressist með rjúkandi bolla af BKI kaffi. Nýttu tækifærið. Gefðu þér smá hvíld. Fáðu þér BKI kaffi. Njóttu kaffiilmsins...

Kauptu gott kaffi í dag á góðu verði

Einnig til 250 gr á ennþá betra verði á meðan birgðir endast

**BKI Classic**
Sérvaldar baunir frá þekktustu kaffisvæðum heimsins tryggja hið mjúka bragð, lokkandi ilminn og ferskleg eftirbragðið.



**BKI Extra**
Snöggristað við háan hita. Þannig næst fram ríkara kaffibragð við fyrsta sopa en léttur og mjúkur keimur fylgir á eftir.

Kauptu BKI fyrir kaffitímann
Kíktu á bki.is



LYFJA
– Lifið heil

Danatekt Intim

Án parabena, ilm- og litarefna

DANATEKT INTIM er hreinsikrem og hlífðarkrem fyrir viðkvæmustu staði líkamans. Intim hentar allri fjölskyldunni, einnig ungabörnum. Danatekt brjóstakremið þarf ekki að þurrka af fyrir gjöf og er eina svansmerkta brjóstakremið á markaðnum.



Nánari upplýsingar á www.portfarma.is

www.lyfja.is

Nýtt í Lyfju

ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 51970 10/10

Úlpnaþjófs leitað:

# Gögn send til lögreglunnar

**LÖGREGLUMÁL** Stúlkan sem sást taka fimm úlpur úr fatahenginu í Valhúsaskóla í fyrramorgun var ófundin síðdegis í gær. Hún sást greinilega á öryggismyndavélum.

Guðlaug Sturlaugsdóttir, skólastjóri í Valhúsaskóla, segir málið hafa verið sent til lögreglunnar. Jafnframt hafi verið send tilkynning um þjófnaðinn í aðra grunnskóla til þess að vara fólk við.

Úlpurnar sem stolið var voru frá 66° Norður. Slíkar úlpur geta kostað allt að sjötíu þúsund krónur. - jss

Samkomulag undirritað um tilfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaganna:

# Kjör og réttindi verða óbreytt

**FÉLAGSMÁL** Samkomulag um faglegt og fjárhagslegt fyrirkomulag á tilfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaganna var undirritað í gær. Frumvarp til laga um tilfærsluna verður lagt fyrir Alþingi á næstu dögum. Málefni fatlaðra færast til sveitarfélaganna 1. janúar 2011.

Flutningur málaflokksins varðar um 2.500 einstaklinga sem þurfa þjónustu vegna fötlunar sinnar og um 1.500 starfsmenn í rúmlega þúsund stöðugildum sem annast þjónustuna. Við yfirfærsluna skipta langflestir starfsmenn um vinnuveitanda og verða engar breytingar á kjörum þeirra eða réttindum.



**BREYTING Á NÝJU ÁRI** Málið varðar 2.500 manns sem þurfa þjónustu vegna fötlunar og 1.500 starfsmenn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Störf um sextíu starfsmanna á svæðisskrifstofum málefna fatlaðra verða lögð niður en sveitarfélögin munu leitast við að bjóða sem flestum þeirra störf á sínum vegum.

Þjónustuþættir sem sveitarfélögin taka við eru sambýli, áfangastaðir, frekari liðveisla við íbúa í þjónustu- og íbúðakjörnum og í sjálfstæðri búsetu, hæfingarstöðvar og dagvistarstofnanir, verndaðir vinnustaðir og atvinna með stuðningi, heimili fyrir börn og skammtímavistanir. - shá

Kennarar mótmæla sparnaði:

# Telja sérstöðu MR í hættu

**MENNTAMÁL Félag kennara í Menntaskólanum í Reykjavík varar við frekari niðurskurði í framlögum til framhaldsskóla. Ósýnt sé að skólar geti öllu lengur sinnt lögbundnu hlutverki sínu með áframhaldandi niðurskurði.**

**Þá segir í ályktun að sérstaða MR sé í hættu vegna fyrirsjáanlegs niðurskurðar á sérhæfðum námsbrautum. Litlir námshópar, svo sem í fornmálum og eðlis- og stærðfræði, kunni að verða felldir niður.** - bþs



**DAVID CAMERON** Býður forsætisráðherra Íslands og fleiri ríkja til London. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Cameron býður til fundar:

# Vill bæta tengsl við ríki í norðri

**BRETLAND, AP David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, hefur boðið leiðtogum allra Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna til tveggja daga ráðstefnu í London 19. og 20. janúar.**

**Tilgangur fundarins virðist vera sá, að bæta tengsl Bretlands við litlu löndin í norðanverðri Evrópu. Cameron segir þessi níu lönd standa frammi fyrir sameiginlegum verkefnum, en útskýrir ekki hver þau eru.**

**„Við ætlum að hittast í London til að hittast og fræðast og grípa á lofti hugmyndir," segir Cameron.** - gb



**TENGSL** Mikil tengsl eru milli heilablóðfalls og skilnaðar foreldra. Myndin tengist efni fréttarinnar ekki beint. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Skilnaðarbörn í áhættuhópi:

# Tvöfaldar líkur á heilablóðfalli

**VÍSINDI** Fólk sem upplifir skilnað foreldra sinna sem börn er ríflega tvisvar sinnum líklegra en aðrir til að fá heilablóðfall, samkvæmt niðurstöðum viðamikillar rannsóknar vísindamanna við Toronto-háskóla í Kanada.

„Það kom okkur verulega á óvart að sjá svo mikil tengsl milli heilablóðfalls og skilnaðar foreldra," segir Esme Fuller-Thomson, einn vísindamannanna.

Eftir að orsakir eins og reykingar, offitu, ástundun líkamsræktar og áfengisneyslu höfðu verið skildar frá er niðurstaðan sú að skilnaðarbörn séu 2,2 sinnum líklegri til að fá heilablóðfall einhvern tíma á ævinni. - bj

VILDARÞJÓNUSTA BYRS

Ert þú örugglega að fá bestu þjónustuna…

…og bestu tilboðin?

Vertu í Vildarþjónustu Byrs og fáðu aukin fríðindi, persónulega þjónustu og frábær sértilboð hjá samstarfsaðilum. Til að geta nýtt þér tilboðin þarftu að vera í Vildarþjónustu Byrs og greiða með Byr debet- eða kreditkorti.

**Argentína steikhús**
15 % afsláttur af mat.

**Atlantsolía**
Góður afsláttur á hvern eldsneytislítra. Sæktu um á byr.is.

**Bláa lónið**
1.500 króna aðgangseyrir fyrir fullorðna.

**Caruso**
15 % afsláttur af mat.

**Hreyfing**
Frítt vikukort og 20% afsláttur af Betri aðild með margskonar fríðindum.

**Express ferðir**
Tilboðsferðir til Berlínar í janúar og febrúar.

**Sambíó**
Tveir fyrir einn alla mánudaga.

**Þjóðleikhúsið**
20% afsláttur af almennu miðaverði.

BYR

BYR | Sími 575 4000 | www.byr.is




**HJÓLASTÓLAFALLHLÍFASTÖKK** Hópur ofurhuga fór í fallhlífarstökk í vikunni til að kynna sýningu sem kallast Nitro Circus.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

**ÖRYGGISMÁL**

## Dró bát í land

Varðskipið Ægir dró í fyrrinótt bátinn Guðrúnu BA 127 til hafnar á Rifi eftir að hann varð vélarvana um fjórar sjómílur SSV af Látrabjargi. Kom Ægir með bátinn að bryggju um klukkan níu í gærmorgun. Haft var samband við LHG vegna olíuleka sem hafði komið upp um miðnætti. Ekki var hægt að sinna viðgerð á sjó og óskaði því skipstjóri eftir aðstoð. Engin hætta var á ferðum enda veður gott á þessum slóðum.

# Dýraverndunarlögin úrelt

Unnið er að breytingum á dýraverndunarlögum. Lögin eru frá 1994. Ísland er langt á eftir hinum Norðurlöndunum hvað varðar dýravelferð. Nefnd leggur drög að lagabreytingum fyrir ráðherra fyrir lok árs.

**DÝRAHALD** Tillögur að endurbótum á dýraverndunarlögum verða lagðar fram fyrir lok þessa árs og unnið hefur verið að málaflokknum síðan árið 2006. Núverandi dýraverndunarlög á Íslandi eru síðan árið 1994.

Kristinn Hugason, formaður nefndar um endurbætur á dýraverndunarlögum hjá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, telur löngu tímabært að endurskoða núverandi lög og segir Ísland á eftir hinum Norðurlandaríkjunum hvað varðar dýravelferð.

„Það leikur ekki nokkur vafi á því að við erum á eftir hinum Norðurlandaþjóðunum,“ segir Kristinn. „En íslensk þjóðmenning er þó þannig vaxin að það er talið til mannkosta að fólk umgangist dýr af virðingu og velsæmi.“

Kristinn segir lagaumhverfið hjá nágrannaþjóðunum mun þróaðra en hér á landi. Nauðsynlegt sé að fara ofan í saumana á þeim lögum sem varða dýravernd og búfjárrækt til þess að gera landið samstiga hinum Norðurlandaríkjunum.

„Landbúnaður hefur verið tæknivæddur í stórum stíl í nágrannaríkjum okkar og Íslendingar eru á eftir á mörgum sviðum hvað það varðar,“ segir Kristinn. Hann segir endurbætur á lögum munu skýra málaflokkinn betur og hugsanlega halda honum innan eins ákveðins ráðuneytis.

„Við höfum lent í því að ef misbrestur verður í dýravelferð getur verið erfitt að grípa inn í vegna þess að málaflokknum hefur verið skipt upp á milli ráðuneyta. Tenging á milli umhverfis og ábyrgðar hefur verið óljós,“ segir Kristinn. Með nýju lögunum sé verið að tryggja aukna skilvirkni ásamt því að viðurlög og refsingar verði skýrari.

sunna@frettabladid.is

### Misgóð meðferð á svínum á búum landsins

Sigurborg Daðadóttir, dýralæknir og formaður dýraverndarráðs, segir breytingar á dýraverndunarlögum brýnar. Hún tekur undir orð Kristins með að skilvirkni í núverandi lögum sé ábótavant.

„Þau hafa verið í endurskoðun síðan 2006 þegar Dýralæknafélagið og dýraverndarráð skoruðu á þáverandi ríkisstjórn að láta endurskoða þau,“ segir Sigurborg. Hún segir málið nú á lokasprettinum og verið sé að horfa á lögin út frá velferð dýranna.

„Í dag er bannað fara illa með dýr. Í framtíðinni verður skylda að fara vel með dýr. Við erum að horfa á dýravelferð út frá siðferði mannsins,“ segir hún.

Sigurborg sagði í samtali við Vísi að dæmi væru um í stærri svínabúum landsins að karlkyns grísir væru geltir án deyfingar eða verkjastillingar.

„Þetta tíðkast hér á landi. Einnig nefndi hún dæmi um að rófur og tennur á grísum væru styttar til þess að koma í veg fyrir að þeir nöguðu rófurnar hver á öðrum. Slíkt verði að koma í veg fyrir, meðal annars með endurbættum lagasetningum.



**GRÍSIR Í SVÍNABÚI** Talið er að Ísland sé langt á eftir nágrannaríkjunum hvað varðar dýravelferð og meðferð á dýrum í búfjárrækt.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is





**BENEDIKT PÁFI** Með nýju bókina.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Páfi enn sömu skoðunar:

## Skárra samt að sýna ábyrgð

**PÁFAGARÐUR, AP** Fulltrúar Páfagarðs vildu í gær gera lítið úr mikilvægi þess, að Benedikt sextándi páfi hafi lýst því yfir að stundum geti notkun smokka verið réttlætanleg.

Ummælin, sem höfð eru eftir páfa í nýútkominni viðtalsbók, geta þó valdið tímamótum í baráttunni gegn alnæmi.

Í gær sagði talsmaður páfa að nýja stefnan heimili notkun smokka þegar líf annarrar manneskju er í húfi. Páfi sé ekki að verja það að fólk stundi kynlíf án þess að stefna að getnaði. - gb

Vilja að ríkisstjórnin beiti sér fyrir aukinni og markvissri metanframleiðslu:

# Metan leggur grunn að orkuöryggi

**IÐNAÐUR** Hópur þingmanna fer fram á að Alþingi beini því til ríkisstjórnarinnar að hún beiti sér fyrir aukinni og markvissri metanframleiðslu og leiti samstarfs um það við sveitarfélög, einstaklinga og lögaðila. Þingmenn allra flokka standa að ályktun um þetta sem lögð hefur verið fram á Alþingi.

Samkvæmt tillögunni á ríkisstjórnin jafnframt að hafa forgöngu um að marka heildstæða stefnu um nýtingu metans og taka höndum saman við hagsmunaaðila um rannsóknir, fjármögnun og framvindu hagfelldra kosta við framleiðsluna.

„Virk og markviss aðkoma ríkisins að málaflokknum getur skipt sköpum um aukna framleiðslu á þeirri endurnýjanlegu orkuauðlind sem hér um ræðir og stuðlað að aukinni notkun samgöngutækja og vélbúnaðar í iðnaði sem knúinn er metaneldsneyti,“ segir í greinargerð með tillögunni. „Aukin metanframleiðsla í landinu leggur grunn að orkuöryggi þjóðarinnar og sjálfbærni. Nýtingarmöguleiki á íslensku metani á þessari öld er augljós og aukin notkun metans fyrirsjáanleg í samgöngum og iðnaði.“ Bent er á að með aukinni metannotkun og framleiðslu sparist gjaldeyrir vegna minni innflutnings á umhverfisspillandi jarðefnaeldsneyti. - óká



**URÐAÐ AF KAPPI** Metangas sem eldsneyti er nú framleitt á haugum Sorpu í Álfsnesi í Reykjavík.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**GJÖFIN AFHENT** Jörundur Jörundsson afhendir Ragnhildi G. Guðmundsdóttur, formanni Mæðrastyrksnefndar, tvær milljónir króna í gær.

Mæðrastyrksnefnd fær styrk:

## Flutningsgjöld í góðgerðamál

**SAMFÉLAGSMÁL** Allt flutningsgjald á sendum jólapökkum með Landflutningum mun renna óskipt til Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur og Jólaaðstoðar 2010. Flutningsgjald hvers pakka er 890 krónur. Tveggja milljóna króna fyrirframgreiðsla var afhent Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur í gær.

„Það er von okkar að þetta framlag nýtist vel í því mikilvæga og óeigingjarna starfi sem Mæðrastyrksnefnd sinnir. Við vitum að þörfin er brýn og einmitt núna í jólaundirbúningnum er mikilvægt að standa saman og láta gott af sér leiða,“ segir Jörundur Jörundsson, framkvæmdastjóri Landflutninga. - sv




Eignasafn er sjóður Íslandssjóða hf.

Nú getur þú sparað í áskrift og við vöktum sparnaðinn

**Eignasafnið er ný tegund sparnaðar með virkri stýringu.** Sparnaðurinn er vaktaður og lagaður að breytingum á markaði og hingað til aðeins í boði til stærri fjárfesta. Lágmarks áskrift er aðeins 5.000 kr. á mánuði. Stór hluti eignanna er nú fjárfestur í skuldabréfum með ábyrgð ríkisins.




**Eignasafnið er laust til innlausnar með tveggja daga fyrirvara** og verður því um leið góður varasjóður til að bregðast við óvæntum útgjöldum.

Fyrir hverju langar þig að safna með sparnaði í áskrift?

Byrjaðu að spara á islandsbanki.is

**Eignasafnið er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um ávöxtun í framtíð.** Hafa ber í huga að eign í verðbréfasjóði eða fjárfestingarsjóði getur bæði hækkað og lækkað, allt eftir þróun á markaðsverði þeirra. Íslandssjóðir hf. er rekstrarfélag sjóðsins. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér útboðslýsingu sjóðsins og þá sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti, fjárfestingarstefnu og vikmörk á heimasíðu Íslandssjóða hf., www.islandssjodir.is. Íslandsbanki hf. er vörslufyrirtæki sjóðsins. Íslandsbanki hf., 491008-0160, er viðskiptabanki sem starfar undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

eignastyring@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4920

Íslandsbanki

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Úrelt vinnubrögð sem ekki þola dagsljósið:

## Kjördæmapotið

Meðferð Steingríms J. Sigfússonar fjármálaráðherra og Árna Páls Árnasonar, fyrrverandi félagsmálaráðherra, á málefnum vistheimilisins Árbótar í Aðaldal, sem Fréttablaðið hefur sagt frá undanfarna daga, gefur innsýn í vinnubrögð sem sumir héldu kannski að heyrðu sögunni til en eimir þó enn eftir af.

Eftir að kynferðisbrotamál kom upp á vistheimilinu og úttektir sérfræðinga Barnaverndarstofu sýndu fram á að það uppfyllti ekki lengur þær kröfur sem stofnunin gerði, hættu barnaverndarnefndir að vilja senda þangað börn og nýting plássanna (og þar af leiðandi peninga skattgreiðenda) snarversnaði. Í framhaldinu ákvað Barnaverndarstofa um síðustu áramót að segja upp samningi um reksturinn, í samræmi við ákvæði í honum. Hjónin sem ráku heimilið heimtuðu háar bætur úr ríkissjóði, sem Barnaverndarstofa taldi að ekki væri skylt að greiða. Augljóslega hefur þá verið leitað á náðir Steingríms, þingmanns Norðausturkjördæmis, sem skrifaði Árna Páli stuttu síðar tölvupóst sem er nú orðinn alræmdur, ekki sízt vegna hótunar fjármálaráðherrans um að taka engar ákvarðanir sem tengdust barnaverndarmálum fyrr en lausn hefði fundizt í Árbótarmálinu.

**SKOÐUN**



**Ólafur Þ. Stephensen**
olafur@frettabladid.is

Á Alþingi í fyrradag hélt ráðherrann því fram að skeytið hefði verið einkabréf, sem Barnaverndarstofa hefði lekið í fjölmiðla. Bréf frá einum ráðherra til annars um ráðstöfun skattfjár getur að sjálfsögðu ekki verið neitt einkabréf. Fréttablaðið fékk tölvupóstinn afhentan bæði frá Barnaverndarstofu og félagsmálaráðuneytinu eftir að hafa spurzt fyrir um málið með vísan til upplýsingalaga.

Steingrímur uppástóð á Alþingi að með bréfinu hefði hann fyrst og fremst viljað gæta hagsmuna skattgreiðenda; að ekki yrði stofnað til kostnaðar að þarflausu. Þeir sem lesa bréfið geta hins vegar ekki komizt að annarri niðurstöðu en þeirri að Steingrímur hafi haft öllu meiri áhyggjur af hagsmunum skjólstæðinga sinna heima í kjördæmi og að „málið spryngi upp með látum fyrir norðan".

Þvert á álit forstjóra Barnaverndarstofu ákváðu ráðherrarnir að greiða eigendum Árbótar þrjátíu milljónir króna í bætur. Þeir hunzuðu sömuleiðis ábendingu forstjórans um að fá álit ríkislögmanns á því hvort bótaskylda væri yfirleitt fyrir hendi. Eitthvað leið Árna Páli illa með niðurstöðuna, því að hann velti upp þeirri spurningu í öðru tölvubréfi hvers vegna ríkið væri að greiða svo mikið fé „umfram skyldu". Svar hans var: „Vegna sanngirnissjónarmiða og þrýstings frá kjördæmisþingmönnum." Þar hefur Árni væntanlega verið að vísa annars vegar til þrýstingsins frá Steingrími og hins vegar frá Kristjáni Þór Júlíussyni, þingmanni Sjálfstæðisflokksins, sem í enn einum tölvupóstinum, til annarra þingmanna kjördæmisins, sagði: „Treysti því að Steingrímur komi þessu í höfn." Þar virðist hafa farið lítið fyrir gagnrýni og eftirliti stjórnarandstöðunnar með gjörðum stjórnvalda – enda kjördæmishagsmunir í húfi.

Ef marka má viðbrögð sumra annarra þingmanna Norðausturkjördæmis, sem fjölmenntu í pontu Alþingis í gær og sóru af sér öll afskipti af málinu, er vaxandi skilningur á því í þinginu að kjördæmapotið er úrelt og flokkast ekki með faglegri stjórnsýslu.

Eðli málsins samkvæmt þolir kjördæmapotið ekki dagsins ljós. Enda reiddist fjármálaráðherra birtingu tölvubréfsins alræmda.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Þingið

Stundum eru hressandi umræður í þinginu. Ein slík fór fram fyrir nokkrum vikum en féll milli skips og bryggju. Hér verður gripið niður í skoðanaskipti Gunnars Braga Sveinssonar, þingflokksformanns Framsóknarflokksins, og Marðar Árnasonar Samfylkingunni. Til umfjöllunar var tillaga Marðar og Valgerðar Bjarnadóttur um að laun þingflokksformanna og formanna þingnefnda yrðu lækkuð til jafns við laun almennra þingmanna.



### Eitthvert mesta …

GBS: „Það frumvarp sem háttvirtir þingmenn leggja fram er eitthvert mesta lýðskrum og popúlismi sem ég hef séð frá því að ég fór að fylgjast með störfum Alþingis. Það er með ólíkindum að háttvirtir þingmenn skuli nota sér það ástand sem er í samfélaginu til að slá sig til riddara með hætti sem þessum."

MÁ: „Nú er ég svo gamall sem á grönum má sjá, átján barna faðir í Álfheimum, og hef þó aldrei séð svona stóran gaur í svo lítilli grýtu og vissi ekki að ég ætti eftir að upplifa það hér á þingævi minni að vera kallaður popúlisti af hálfu háttvirts þingmanns Gunnars Braga Sveinssonar."



### Og áfram var haldið

GBS: „Það er ekki heil brú í þessu frumvarpi, herra forseti. Þetta er lýðskrum og popúlismi."

MÁ: „Það þykir siðaðra manna háttur að færa rök fyrir skoðunum sínum og ályktunum á annarra manna viðhorfum og þeim tíðindum sem gerast í kringum þá. Ég harma það að háttvirtur þingmaður Gunnar Bragi Sveinsson skuli hafa tamið sér þau vinnubrögð." Allsherjarnefnd hefur nú málið til meðferðar.

**bjorn@frettabladid.is**

**HALLDÓR**




## Er nokkur nýnasisti í framboði?

**Stjórnlagaþing**



**Einar Júlíusson**
eðlisfræðingur

Af upplýsingum kosningablaðsins sést að meginmáli skiptir hver settur er í fyrsta sæti en minnstu máli hverjir fara í neðstu sætin. Þá getur harðskeyttur hópur komið manni að þó að hann sé ekki mjög stór. Segjum að 100 þúsund manns kjósi, þar af 4000 nýnazistar, og skrifi 2,5 milljón atkvæða þ.e. nafnnúmera á 100 þús. atkvæðaseðla. Segjum líka að af 500 frambjóðendum sé einn nýnazisti sem enginn setur á seðilinn nema nýnazistar. Hann fær þá 0,16% atkvæðanna og ætti að vera víðsfjarri því að komast að. En kjósendur hans setja hann auðvitað efstan svo hann fær 4000 atkvæðaseðla með sér í fyrsta sæti en hinir fá að meðaltali 200 slíka. Nýnazistinn er þá inni en aðrir með margfalt fleiri atkvæði, en eðlilega dreifð um öll sæti atkvæðaseðlanna detta út. Almennt er það meingölluð kosning ef atkvæði sumra kjóséndahópa safnast á fáa frambjóðendur og nýtast vel en atkvæði annarra hópa dreifast á marga frambjóðendur og nýtast illa.

Sjálfsagt er enginn nýnasisti í kjöri en marga stjórnmálafræðinga og nemendur þeirra dreymir um þingsetu. Einn frambjóðandi tekur fram að nýta beri auðlindir okkar með hag mannkyns í huga. Ætli sá fái mörg atkvæði? Þau fara líklega fremur til hinna sem finnst eins og flestum kjósendum að þeim útlendingum sem borða 99% af fiskinum sem veiðist nálægt Íslandi komi það ekkert við hvort við útrýmum okkar eigin hvala- og fiskistofnum eða ekki.

En einfarinn fer í fyrsta sætið á mínum kjörseðli og því fleiri sem hugsa eins og ég, því færri atkvæði þarf hún til að komast að. Þó svo verði ekki ættu einhver ákvæði um ábyrga fiskveiðistjórnun og þjóðareign á fiskistofnunum að rata í stjórnarskrána því nánast allir frambjóðendur sögðust mjög hlynntir því í könnun DV og enginn mjög á móti. Hætt er þó við að einhverjir málaliðar sigli undir fölsku flaggi inn á þingið og muni beita endalausu málþófi þar sem annars staðar gegn nýtingu auðlinda með hag þjóðarinnar í huga fremur en hag kvótagreifa og skúffufyrirtækja. Sé afdráttarlaust ákvæði í stjórnarskránni um að fiskveiðiréttindin séu ekki og geti aldrei orðið eign LÍÚ verður fyrningarleiðin sem ég lagði til fyrir 20 árum brot á stjórnarskránni eins og samningaleiðin eða gjafakvótaleiðin og óþarfi að ræða þær leiðir meira.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Gleðiefnið hækkun framfærslu í Reykjavík

Félagsþjónusta

Ágúst Már Garðarsson
varaborgarfulltrúi Besta flokksins og varaformaður velferðarráðs



Það er kannski til merkis um að við séum að gera eitthvað rétt þegar enginn er ánægður, Sjálfstæðismönnum þykir vitleysa að hækka framfærsluna en kjósa samt ekki gegn henni eins og sannfæring þeirra virðist vera fyrir, það þykir mér undarlegt, hjásetan býður svo sem upp á þetta en er í þessu tilfelli bara leið til að forðast að taka erfiða ákvörðun og standa með eigin gildum. Gegn hagsmunum þeirra sem hafa minnst til framfærslu hér á landi.

Vinstri grænir aftur á móti eru afar ósáttir við að við hækkum ekki meira, við athuguðum það og urðum að hverfa frá því í bili, en minnum á að kjörtímabilið er 4 ár svo það er enn tími.

Mér þykir gagnrýni vina minna í minnihlutanum bæði máttlaus og rökþrota og bera keim af gamaldags vinnubrögðum.

Fulltrúi Vinstri grænna talar um svik og notar stór orð um undirheimaveröld skilnaða og allskyns gífuryrði, þess ber þá að geta að afar fá hjón eru á framfærslu fyrir og hefur nú hagur þeirra sem eru giftir eða í sambúð heldur vænkast. Við erum ekki 6 mánuði að svíkja málefnasamning Besta flokksins og Samfylkingarinnar, við þurfum nú alveg heil fjögur ár í það. Skoðum það þegar upp verður staðið.

Annað sem truflar mig verulega í þessu: af hverju dettur stjórnmálamönnum það í hug að ætla almenningi almenn óheilindi og leti? Af hverju gera stjórnmálamenn ráð fyrir því að þorri fólks fari að svindla, skilja og svíkja þessar greiðslur? Af hverju telja stjórnmálamenn það gefinn hlut að hvati til starfa hverfi ef bætur eða lágmarksframfærsla (með afar kúnstugum útreikningum) eru nálægt lægstu launum? Af hverju ætla menn Íslendingum leti og eiginngirni að því marki að við förum öll að hafa áhyggjur af eigin velferð og hættum að vinna þegar bætur lagast?

Væri ekki nær fyrir þá stjórnmálamenn sem hafa starfað í þessu öll þessi ár að líta á það að lægstu laun og bætur þeirra sem minnst hafa eru skammarlegar og ekki til að lifa mannsæmandi lífi af? Er það ekki þeirra arfleifð? Eru umtöluð svik ekki nær heimahögunum?

Raðir fólks í hundraðatali í bið eftir mat eru dapurleg sjón og við í meirihlutanum viljum bregðast með þessari hækkun við neyð þeirra sem minnst hafa á milli handanna og eru á framfærslu borgarinnar, við lítum svo á að við séum að taka ábyrgð á okkar hluta í félagslegri aðstoð. Þó að við gerum okkur grein fyrir að meira þurfi til að koma.

Ég og aðrir í millilaunaflokknum (þeir sem eru með þetta 250 til 400 þúsund á mánuði sem gerir upp stóran hluta fólks á þessu landi) sem samanstendur af okkur iðnaðarmönnunum og kvenhluta háskólamenntaðra megum ekki láta nota okkur til að halda þeim sem lægstir eru fyrir neðan okkur í einhverju óttakasti.

> Af hverju dettur stjórnmálamönnum það í hug að ætla almenningi almenn óheilindi og leti? Af hverju gera stjórnmálamenn ráð fyrir því að þorri fólks fari að svindla… ?

Útreikningar þeir sem birst hafa upp á síðkastið í fjölmiðlum eru einhliða til að sýna fram á ýktustu tilfellin um framfærsluna og útreikninga hennar. Staðreyndin er sú að flestir eru á þessu tímabundið þó að dæmum hafi eitthvað fjölgað sem eru þarna inni lengur, fyrir þá viljum við gera aukin virknitilboð og hvatningu til að komast sem fyrst aftur út að vinna.

Þessi dæmi sem ég segi frá hér að framan gera ekki ráð fyrir skerðingum vegna launa fyrr á árinu og skerðingu húsaleigubóta. Það er þó tilfellið hjá afar mörgum þó að það sé ekki algilt. Dæmi um einstæðar mæður og að taka meðlag inn í reikninginn sem bæði tekjuskerðingu og tekjur er svo mjög hæpið þykir mér.

Flest lærum við og vinnum við eitthvað af ástríðu eða köllun vil ég vona, ég er matreiðslumaður af því að mér finnst það gaman og ég vil gefa fólki góðan mat, hvort að öryrki hafi sömu eða næstum sömu laun og ég (sem hann hefur) hefur engin áhrif á mitt vinnuframlag eða vilja til að vinna. Þannig eru íslendingar upp til hópa, vilja vinna og hafa markmið og stefnu með lífi sínu. Ég treysti því og þannig þekki ég mitt fólk, ekki sem svindlandi letingja sem óttast bara eigin hag.

Þá eru jákvæð teikn á lofti þar sem fólki á fjárhagsaðstoð hefur eitthvað fækkað með haustinu og ég persónulega er bjartsýnn á framhaldið. Tel ég að bæði efnahagslífið og hið opinbera taki vel við sér á nýju ári þó að einhver dýfa verði í atvinnuleysi yfir veturinn … ég kýs að lifa í hinum besta heimi allra heima að hætti Birtíngs og trúa að allt fari á besta veg … þó að á köflum virðist allt erfitt og einskis nýtt … en ég og meirihlutinn í borginni erum engan að svíkja svo það sé á hreinu.

Þökkum allan daginn og biðjum ekki um neitt.

## AF NETINU

### Lýðræðisleg þátttaka

Samhliða því að opna fyrir að almenningur geti krafist þjóðaratkvæðagreiðslu, þarf að tryggja að þær endurspegli þjóðarvilja með því að tilgreina lágmarksþátttöku þannig að háværir eða valdamiklir minnihlutahópar geti síður misnotað þær. Hér þarf stjórnlagaþing að horfa til þeirra fyrirmynda sem best hafa reynst annarsstaðar.

Vísir.is **Ágúst Hjörtur Ingþórsson**

### Forseti til endurskoðunar

Ákvæði núverandi stjórnarskrár um forsetaembættið þarf að endurskoða enda eru þau arfleifð fyrri tíma. Forsetaembættið á að mínu mati að vera sameiningartákn þjóðarinnar, en valdalítið og ópólitískt. Embættistíma forseta ætti helst að takmarka við tvö kjörtímabil. Mér finnst afar mikilvægt að náttúruauðlindir verði lýstar sameign þjóðarinnar og að þær beri að nýta á sjálfbæran hátt.

Vísir.is **Helga Sigurjónsdóttir**

### Kjósum þrátt fyrir galla

Frambjóðendur fengu mjög stuttan frest til að bjóða sig fram, og einnig er mjög skammur tími til kynna sér þau fjölmörgu framboð sem komu fram. Alþingi á heldur ekki að fjalla um niðurstöðuna. Alþingi er ekki lýðræðislega kosið, kjósendum er mismunað eftir búsetu og atkvæði þeirra bundin við flokkslista. Nýja stjórnarskrá á að leggja beint fyrir þjóðina. En ég fór samt í sendiráðið og kaus. Það er margt gott fólk í framboði sem staðið hefur utan við gamla, spillta kerfið.

Vísir.is **Sveinn Valfells**

www.volkswagen.is




Nýr Polo kostar aðeins
2.390.000 kr.*
*Polo Trendline 1.2 MPI, 70 hestöfl, beinskiptur.
Aðeins 27.232 kr. á mánuði miðað við bílasamning SP Fjármögnunar til 84 mánaða með breytilegum vöxtum og 30% útborgun. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 10,39%.

2010. Besta árið fyrir Polo.

Nýr Volkswagen Polo hefur svo sannarlega slegið í gegn á árinu 2010. Fyrir utan að vera mest seldi bíll landsins á árinu var hann valinn Alheimsbíll ársins og Bíll ársins í Evrópu. Polo 1.6 TDI vann líka sparaksturskeppni Atlantsolíu og fór 100 km á aðeins 2,93 lítrum. Það gerist einfaldlega ekki betra. Nýttu þér hagstætt verð og njóttu allra kosta verðlaunabílsins Volkswagen Polo!

Das Auto.

BÍLAÁBYRGÐ HEKLU - Nýr VW Polo fæst með allt að fimm ára ábyrgð

Reynslan er góð!
Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt
HEKLA

# Að stemma stigu við nauðgunum

**Nauðganir**

**Sigríður J. Hjaltested**
aðstoðarsaksóknari hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu



Það hlýtur að teljast sjálfsögð krafa að nauðganir, rétt eins og aðrir alvarlegir glæpir, eigi sér ekki stað. Séum við raunsæ gerum við hins vegar „aðeins“ þá kröfu að fækka nauðgunum. Ef gengið er út frá að þetta sé markmiðið er næst að spyrja sig hvaða leiðir séu vænlegastar til að ná því. Sumir hafa lagt á það áherslu að nauðsynlegt sé að fjölga sakfellingum í nauðgunarmálum. Með því móti fái brotaþolar staðfestingu á því að hinn ákærði hafi brotið gegn þeim. Einnig séu ákveðin varnaðaráhrif í því fólgin.

En hvernig er unnt að fjölga sakfellingum í nauðgunarmálum? Er það gert með því að finna leiðir til þess að ýta undir fleiri kærur og stuðla að fleiri ákærum í þessum málaflokki? Eða er það gert með því að breyta gildandi lögum? Það er staðreynd að fleiri kærur þýðir ekki endilega að þau mál séu þar með talin líkleg til sakfellis og leiði til útgáfu ákæru. Það er jú skilyrði samkvæmt réttarfarslögum að ekki skuli gefa út ákæru nema mál sé talið líklegt til sakfellis. Fleiri ákærur sem gefnar væru út á skjön við þessa meginreglu myndu væntanlega þýða fleiri sýknudóma. Og hvað áhrif hefði það ef sýknudómum fjölgaði til mikilla muna? Yrði það til þess að draga úr tiltrú á réttarkerfið og kjarkinn úr brotaþolum til þess að leggja fram kæru? Tölur sýna að sýknað er í 30 til 50% allra mála í héraði sem ákært var í tímabilið 2005 til 2010 sem er í algjöru ósamræmi við sýknuhlutfall í öðrum málaflokkum. Það bendir til þess að frekar séu gefnar út ákærur í vafatilvikum í þessum málaflokki en öðrum.

Lagabreytingar einar sér eru heldur ekki trygging fyrir fleiri sakfellingum og séu þær vanhugsaðar eru þær gagnslausar. Höfum það einnig í huga að hvorki sakfelling hins meinta nauðgara né sýkna verður til þess að bæta brotaþola það andlega tjón sem hann hefur orðið fyrir. Að mínu mati er hvorug ofangreindra leiða vænleg til þess að stemma stigu við nauðgunarbrotum. Það skiptir hins vegar miklu máli að allir sem að þessum málum koma séu samstíga í því að aðstoða brotaþola og hvetja og sjá til þess að leiðin sé greið þegar hann er reiðubúinn til þess að stíga fram. Hins vegar verður að fara varlega í að taka sjálfsákvörðunarrétt af einstaklingnum þegar kemur að því að kæra, enda er það hann sem þarf að vera andlega reiðubúinn til þess að takast á við það sem framundan er. Hætt er við að of mikill þrýstingur í upphafi kunni að fæla brotaþola frá því að kæra.

Hvernig stemmum við þá stigu við nauðgunum? Forvarnir hljóta að koma upp í huga fólks en það er viðurkennd aðferð til þess að fyrirbyggja hið óæskilega eða ólíðandi. Sumir telja að með því að nefna forvarnir í þessu samhengi, þ.e. í tengslum við nauðganir, sé verið að dreifa athyglinni frá því sem máli skiptir og láta þolandann einan axla ábyrgðina. En spyrja má á móti: „Hvernig getur það verið öfugsnúið að gera einstakling betur í stakk búinn til þess að verja sig eða takast á við ákveðnar aðstæður, sem ella myndu vera honum ofviða?“ Og spyrja má einnig, „Hvernig er annað hægt en að beina kastljósinu líka að gerandanum, þegar talað er um forvarnir í tengslum við nauðganir.“

Við sem komum að nauðgunarmálum hjá lögreglunni höfum orðið vör við það í síauknum mæli hversu nauðsynlegt er að hugað verði betur að forvörnum. Í fyrsta lagi ber að nefna það að málum hefur fjölgað þar sem áfengi- og fíkniefni koma við sögu með tilheyrandi sönnunarvanda sem tengist minnisleysi beggja aðila svo og vitna ef þau eru þá til staðar. Fyrir kemur að nokkrir dagar líða þar til brotaþoli fær samhengi í það sem gerðist og er þá sönnunargögnum enn síður til að dreifa, svo sem lífssýnum, og áfengismælingar skila engu. Nokkuð algengt er að brotaþoli geti ekki lýst gerandanum sem er oft einhver sem gefur sig á tal við brotaþola eftir að hann er orðinn viðskila við félaga sína. Í þessu sambandi má leggja áherslu á eftirlitsmyndavélar sem geta haft mikið að segja. Skoða þarf hvort þeim mætti fjölga auk þess sem gæði þeirra þurfa að vera betri.

> Fleiri ákærur sem gefnar væru út á skjön við þessa meginreglu myndu væntanlega þýða fleiri sýknudóma.

Hið nýja samskiptamynstur fólks í dag, einkum fólks sem „fæðst“ hefur inn í þessa tækni, hefur komið niður á hæfni þeirra til þess að eiga eðlileg samskipti í daglegu lífi. Æ fleiri mál rata inn á borð lögreglunnar þar sem sönnunarstaða er erfið vegna þessa. Mörkin á milli þess hvenær kynmök fara fram með samþykki beggja og hvenær ekki verða æ óljósari. Fólk stofnar til kynna á netinu og spjallar við aðila sem það telur vera „vin“ sinn eftir nokkurra daga kynni. Þær samræður gefa oft fyrirheit um það sem muni gerast þegar kemur að því að hittast. Þegar á hólminn er komið finnst öðrum aðilanum, sem oftast er kona, erfitt eða nánast óhugsandi að „hætta við“. Þær framkvæma því það sem til var ætlast af þeim gegn vilja sínum og án þess að láta hann í ljós. Gerandinn hugsar um það eitt að fá það sem hann telur sig hafa fengið samþykki fyrir og þegar skýr mörk eru ekki sett sér hann ekkert athugavert við hegðun sína. Þetta er það tímamark sem mestu máli skiptir við mat á sönnun og því hvort nauðgun af ásetningi hafi átt sér stað. Undanfarið hafa þó nokkrir dómar fallið þar sem atvik sem þessi hafa verið felld undir ólögmæta nauðung en eðli máls samkvæmt er sönnunarstaðan erfiðari þegar svo háttar til. Algengt er að stig ásetnings sé lægra í slíkum málum en öðrum. Sálfræðingar hafa bent á, einkum þegar um unga gerendur er að ræða, að oft sé um óviðeigandi kynferðislega hegðun að ræða fremur en ásetning. Er þá átt við að gerandinn hafi ekki fullþroskaða kynferðisvitund og sé ófær um að sjá fyrir sér afleiðingar gjörða sinna. Nýverið var sett á fót meðferðarúrræði á vegum Barnaverndarstofu fyrir unga sakhæfa gerendur þar sem einblínt er á þetta. Úrræðið miðar þá að því að kenna þeim að stýra hegðun sinni á réttar brautir. Það er í sjálfu sér sjálfstætt rannsóknarefni að greina hvað veldur því þegar ungir gerendur telja sig nánast hafa „rétt“ á líkama stúlkna sem þeir ganga út frá að séu „til í tuskið“. Gæti verið að þarna séu einhver tengsl við nýlegar niðurstöður könnunar sem gerð var á meðal ungra manna og endurspegluðu gamaldags viðhorf þeirra til jafnréttis? Á móti kemur að það er líka rannsóknarefni hvers vegna margar stúlkur virðast sætta sig við þetta viðhorf.

Í fjölmiðlum var nýlega fjallað um bandaríska rannsókn sem sýndi fram á að ungmenni sem eyða miklum tíma í að senda SMS og/eða á samskiptasíðunum á netinu séu útsettari fyrir því að taka upp óæskilega hegðun eða verða fórnarlömb kynferðisbrotamanna sem leita á netinu. Þá gengur þessum ungmennum verr í skóla en hinum. Fram kom að með þessari tækni séu ungmenni að vinna hart að því að falla inn í hópinn. Á sama tíma séu þau að reyna að falla inn í hópinn með annarri hegðun sem þau telja líklega til vinsælda, svo sem drykkju, ótímabæru kynlífi o.fl. Þá kom einnig fram að þeir sem væru öfgafyllstir í þessum efnum ættu einnig eftirlátari foreldra og fæli þetta því ekki síst í sér áminningu til þeirra.

Þessi rannsókn er alveg í takt við upplifun okkar hjá lögreglunni og undirstrikar þörfina á því að taka mál þessi föstum tökum með markmiðssetningu og samstilltu átaki í forvörnum. Það eru margir sem fórna höndum og segja að nútíminn sé orðinn þannig að það sé erfitt að senda fólki skilaboð sem það muni fara eftir. Er þá vísað til hispursleysis í kynferðismálum sem virðist vera í tísku, þess að siðferðisþröskuldurinn hafi lækkað og því megi segja, eða syngja, nánast um hvað sem er hvenær sem er. Að mínu mati felst í þessu uppgjöf eða „réttlæting“ á ástandi sem er óviðunandi. Það gerist ekkert fyrr en við viðurkennum ástandið sem óásættanlegt.

Ein gjöf sem hentar öllum



Gjafakort Landsbankans er greiðslukort sem býður upp á að gefandinn ákveði upphæðina og viðtakandinn velji gjöfina. Gjafakortið er viðskiptavinum að kostnaðarlausu til áramóta.

Þú færð gjafakortið í næsta útibúi Landsbankans.




ENNEMM / SÍA / NM44188

GJAFAKORT | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280.

# Flokksvél Sjálfstæðisflokksins opnuð

**Stjórnmál**

**Svavar Gestsson**
fyrr. ritstjóri Þjóðviljans



Í stórmerkri bók sinni um Gunnar Thoroddsen opnar Guðni Jóhannesson margt upp á gátt sem til þessa hefur verið lokað. Eitt er ógnarsterk flokksvél Sjálfstæðisflokksins. Þar er fróðlegt um að litast. Þar segir til dæmis af því að Reykjavík var 1957 skipt í 120 umdæmi og voru 5-10 fulltrúar í hverju umdæmi og voru samtals 654 fulltrúar snemma árs 1957. Þessir fulltrúar skráðu stjórnmálaskoðanir nágranna sinna og voru þær upplýsingar færðar í skrár í Valhöll í höfuðstöðvum flokksins við Suðurgötu.

Á vinnustöðum var öflugt trúnaðarmannakerfi og sama ár átti Sjálfstæðisflokkurinn 392 skráða trúnaðarmenn á vinnustöðum í Reykjavík. Þetta ár hafa íbúar Reykjavíkur sennilega verið rétt um 70 þúsund talsins. Þegar kom fram undir 1980 töldu menn í Sjálfstæðisflokknum að þetta kerfi væri gagnslaust en ekki allir: „Sumir vildu leggja þær (merkingarnar) niður en aðrir mölduðu í móinn, meðal annars með þeim rökum að „oft er leitað til flokksskrifstofunnar varðandi upplýsingar (atvinnurk o fl).“ Mega það teljast athyglisverð orð.“ Segir Guðni.

> Atvinnurekendur hringdu í Sjálfstæðisflokkinn til að gá hvort óhætt væri að ráða viðkomandi einstakling

Með öðrum orðum, atvinnurekendur hringdu í Sjálfstæðisflokkinn til að gá hvort óhætt væri að ráða viðkomandi einstakling í vinnu. Við ráðningar hjá hernum gilti formúlan 4-4-2, segir í bókinni, það er 4 frá íhaldinu, 4 frá framsókn og 2 kratar.

Flokksvél Sjálfstæðisflokksins var ógnarsterk. Hún skipulagði ekki aðeins atkvæði fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Líka Alþýðuflokkinn svo hann lifði af: Gunnar Thoroddsen skipulagði á laun, væntanlega í samráði við forystusveit flokksins, að allstór hópur sjálfstæðismanna kysi Alþýðuflokkinn í sumarkosningunum 1959. Reyndin varð sú að í Reykjavík fær hann nær 2.000 fleiri atkvæði en í bæjarstjórnarkosningunum árið áður. Gylfi Þ. Gíslason hlaut kosningu og varð eini kjördæmakjörni þingmaðurinn í sínum flokki. Og fyrir kosningarnar 1958 handsalar Gunnar við Magnús Ástmarsson að hann yrði til taks í nýjan meirihluta með Sjálfstæðisflokknum undir forystu Gunnars – ef þyrfti. Sem þurfti svo ekki af því að Sjálfstæðisflokkurinn fékk tíu menn en sósíalistar kölluðu Magnús samt alltaf Magnús ellefta.

Á laun lét Bjarni Benediktsson skipuleggja um þúsund manna lið traustra sjálfstæðismanna sem gætu myndað órofa vegg á Reykjavíkur(?)- flugvellinum og þannig komið í veg fyrir að verkfallsverðir trufluðu flugferðir: Löglega boðað verkfall átti að brjóta á bak aftur með ólöglegu liði.

Þetta eru upplýsingar um ógnartíð kalda stríðsins. Það þarf að skrifa meira um þessa tíma. En Guðni á þakkir skildar.


Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!
MIKIÐ fyrir LÍTIÐ
Coca Cola 69,-
400 gr
299
PIPARKÖKUR
400 gr
Calendrier de l'Avent chocolat au lait
Advent calendar milk chocolate
199
SÚKKULAÐIDAGATAL
75 gr
24 stk
599
KERTI - 24 Í PK
24 cm
Verð aðeins 25 kr. pr. stk
2490
SNYRTITÖSKUR
Þrjár saman
199 pr. par
BÓMULLARSOKKAR
Barna, dömu og herra
459 pr. ptk
LESGLERAUGU
+1 til +3,5
399
JÓLASOKKUR M/NAMMI
132 gr
399 pr. pk
SÚKKULAÐIDAGATAL
Disney
50 gr
499
SPRITTKERTI
18 í pk
5 pör
1990
GESTAINNISKÓR
Fimm pör saman
4 tíma
499
SPRITTKERTI
100 stk
Leikföng í úrvali á kr 299
1990 pr. stk
SKARTGRIPASTANDUR
Hæð: 43,5 cm
EFFEKT SPYLER VÆSKE
499
RÚÐUVÖKVI - 4 LTR
-12°C
www.europris.is
Fiskislóð / Korputorgi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi / Glerártorgi, Akureyri



5 kg

pr. pk
**1390**
BIO-TEX, 5 KG
Fyrir hvítan og litaðan þvott



**799**
ÞVOTTAEFNI - MULTI COLOR
5 kg



pr. stk
**249**
NOPA ÞVOTTAEFNI
Fljótandi þvottaefni
Fyrir hvítan og litaðan þvott
1 ltr



**199**
SALERNISPAPPÍR
8 rúllur
MiljøSpar



2 pk saman

**499**
NATUSAN BABY - BLAUTKLÚTAR
2 x 64 stk



**399**
AJAX - 1 LTR
Gólfsápa fyrir viðargólf



pr. stk
**499**
SVITALYKTAREYÐIR
Dove / Rexona



pr. stk
**499**
HREINSIEFNI - 4 LTR
Klór / grænsápa



4 í pk

**1790**
GLÖS - 4 Í PK
Kampavíns-, rauðvíns- og hvítvínsglös



**3590**
VÍNSETT
Karafla og fjögur glös



**3590**
HNÍFAPARASETT
Í viðaröskju
28 hlutir



**3590**
MATARSTELL
Fjórir matardiskar og fjórir súpudiskar



**1990**
FAT
31,1x22,8 cm



**1590**
SÓSUSKÁL



**2990**
KAFFISTELL
18 hlutir
Fyrir sex manns



**1190**
SKÁL
23,5 cm



**2490**
PIZZAPLATTI
Með hníf og spaða



**1190**
SERVÍETTUSTANDUR



**1390**
ÁVAXTASKÁL



**2590**
SALATSKÁL
Með ídýfuskál og trégöfflum



**1590**
SALT- OG PIPARKVÖRN
Fleiri gerðir



**Ævintýrið Leitin að jólunum** verður sýnt í Þjóðleikhúsinu sjötta árið í röð en að jafnaði verða þrjár sýningar sérhvern laugardag og sunnudag klukkan 11., 13. og 14.30 til jóla. Ævintýrið er eftir Þorvald Þorsteinsson og sýningin er ríkulega hljóðskreytt með tónlist Árna Egilssonar við Jólasveinavísur Jóhannesar úr Kötlum.




**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447













**Hvaða lög skyldi tónlistarmaðurinn Sigurður Guðmundsson helst hlusta á í bílnum milli landshluta?**



„Ég hlusta líka rosalega mikið á sjálfan mig. Mér finnst ég ágætur, sko!“ segir Sigurður Guðmundsson sposkur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Eitthvað í rólegri kantinum

Síðast þegar ég var að keyra austur fyrir fjall fór ég nú bara að hlusta á Muddy Waters, gamlan blúskarl. Hann fylgdi mér yfir heiðina. Svo finnst mér Elvis ágætur líka. Já, já. Það kemur margt til greina,“ svarar Sigurður Guðmundsson tónlistarmaður þegar hann er spurður hvað hann hlusti helst á í bílnum á ferðum sínum um landið. „Mér finnst þægilegt að hafa eitthvað í rólegri kantinum. Félagar mínir í Flís hafa nú stundum lent á fóninum.“ (Þeir eru greinilega í kringum hann meðan á símtalinu stendur!).

Síðustu ár kveðst Sigurður hafa verið með geislaspilara í bílnum. „En ég man eftir því að fyrstu bílarnir sem ég átti voru yfirleitt með kassettutækjum og þá gerði maður mixspólur með hinu og þessu. Lögin voru iðulega tekin upp af vínylplötum og þar voru rispur og alls konar truflanir og í mörg ár kunni maður lögin bara eins og þau hljómuðu þar – með rispunum.“ *- gun*




**Þú veist** er uppbyggilegt orðaspil sem eykur orðaforða. Það er lærdómsríkt og hvetjandi og hentar ungum sem öldnum. Höfundur þess er Barði Þór Jónsson, nemi á lokaári í fjármálaverkfræði við HR. Spilið fæst í Hagkaupum sem stendur en verður dreift í fleiri verslanir innan tíðar.



Fallega jólaskeiðin frá Ernu
Verð 17.600
ERNA
Skipholti 3, s. 552 0775, www.erna.is



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir.is
Meiri Vísir.




VETRARDAGAR
20%
AFSLÁTTUR AF SPARIFATNAÐI
BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770




Byggt og búið er með þennan skemmtilega jólasveinabolla með undirskál. 250 krónur.



Jólaálfar lífga upp á skammdegið og halda drykknum heitum. Fæst í Kaffitári á 680 krónur.

# Jólabollar sem ylja og gleðja

**Allir ættu að geta fundið fallegan jólabolla sem gleður og kætir í skammdeginu, hvort sem þeir eru litlir eða stórir, krúttlegir eða fágaðir, .**



Í Kúnígúnd fæst þessi fallegi bolli með undirskál úr línu Royal Copenhagen á 20 prósenta afslætti.



Í Duka má finna þennan rauða bolla á 1.990 krónur. Góður fyrir heita súkkulaðið.

Habitat býður upp á gylltar uglur á jólabollunum þetta árið, þessi bolli kostar 1.950 krónur.

Jólalegur bolli sem hentar þeim sem vilja mikið í bollann sinn. Fæst í Duka á 2.450 krónur.



Jólahlaðborð
í Grímsá veiðihúsi
Föstudags- og laugardagskvöld frá 19 nóv. - 11 des.
Við bjóðum upp á veglegt jólahlaðborð á aðeins 7.900 kr. á mann.
Glæsilegur veislusalur okkar getur tekið allt að 70 gesti í mat.
Jólahlaðborð, gisting og morgunverðarhlaðborð á aðeins 13.850 kr. á mann.
Pöntunarsímar:
6180083 & 4370083
www.grimsa.is
GRÍMSÁ Veiðihús




Aðventuupplestrar verða í Gljúfrasteini á sunnudögum. Þar lesa rithöfundar úr nýútgefnum bókum. Fyrsti lesturinn verður á sunnudaginn klukkan 16. Meðal þeirra sem lesa úr bókum sínum eru Ingibjörg Hjartardóttir, Þórunn Erlu-Valdimarsdóttir, Sigurbjörg Þrastardóttir og Steinunn Jóhannesdóttir. Aðgangur er ókeypis.

www.gljufrasteinn.is


FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
VERTU MEÐ VIÐSKIPTIN Í RASSVASANUM
m.visir.is
Fáðu Vísi í símann og iPad!
Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like" við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.
Meiri Vísir.
vísir.is



Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki


# Ást og englar allt um kring

**Jólaóróar úr plexigleri og aðrir úr masoníti ásamt kortum úr krossviði er meðal þess sem hjónin Hulda Sveinsdóttir og Hrafn Jónsson búa til heima hjá sér í gömlu fjósi suður í Njarðvíkum. Hönnunarfyrirtækið þeirra heitir Raven Desing.**

Nýjasti jólaóróinn úr smiðju Huldu og Hrafns í Raven Design heitir því viðfelldna nafni Ást og englar og undirtitillinn er „allt um kring“. Í fyrra var það Vonarstjarnan sem skein á jólatrjám og víðar þar sem henni var stillt upp. Ekki veitti af. Þau hófu gerð jólaóróa bæði úr plexigleri og masoníti árið 2005 og nú fást þeir bæði með framleiðsluártölum og án.

„Þetta byrjaði allt með tækifæriskortum sem ég fór að búa til árið 1999. Svo fórum við út í að gera jólaóróa og þá fæddist jólatréð og næsta ár kom snjókarlinn,“ lýsir Hulda og Hrafn tekur við. „Einn vinur okkar átti laserskurðtæki og hann skar út lítil hjörtu á kortin fyrir Huldu. Fljótlega sáum við að við hefðum sjálf þörf fyrir að eignast slíkt tæki og þá fór í gang sú þróun sem er orðin að ýmiss konar framleiðslu, svo sem jólaskrauti, minjagripum og leðurskarti.“

Allt verður þetta fínerí til í gömlu fjósi sem þau hjón hafa breytt í heimili sitt og vinnustofu suður í Njarðvíkum. Þau selja handverk sitt víða, meðal annars í Loka, á jólamörkuðum við Elliðavatn og hjá Handverki og hönnun í Loka og á eigin heimasíðu, ravendesign.is.

*gun@frettabladid.is*




Gamaldags kort úr tré sem hægt er að skrifa á með kúlupenna og henda í póst.





Ást og englar, nýi óróinn á örugglega eftir að gleðja marga.






Hulda og Hrafn eru samhent hjón sem búa til marga fagra hluti. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Orðið jól kemur þegar fyrir í heiðnum sið og var þá notað um miðsvetrarblót, sólhvarfahátíð. Síðar þegar kristni barst til Norðurlanda og fæðingar Krists var minnst á svipuðum tíma færðist heiti heiðnu hátíðarinnar yfir á þá kristnu.



www.visindavefur.is


**Brjósthaldari og krókabuxur**



brjósthaldari, létt fylltur í B,C,D skálum á kr. 6.990,- krókabuxur sem ná upp að haldaranum í S,M,L,XL á kr. 4.880,-

Misty -fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Opið mán.-fös. 10-18. Lau. 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur


# Fjölradda jólatónlist Pólýfónkórsins

**Pólýfónfélagið gefur út jólaplötu með öðruvísi jólalögum en gengur og gerist fyrir hátíðarnar.**




Geisladiskinn má finna í helstu hljómplötuverslunum borgarinnar.



Pólýfónkórinn árið 1960.

Á dögunum kom út geisladiskur með 27 jólalögum og annarri tónlist sem tengist jólunum og er það Pólýfónkórinn sem syngur. Diskurinn er að nokkru leyti frábrugðinn öðrum jólageisladiskum, þar sem höfðað er til fyrri tíma og engin tilraun gerð til að poppa gömlu góðu lögin upp í anda nútímans. Eins gerir söngstíll kórsins diskinn sérstakan. „Pólýfónkórinn, sem dregur nafn sitt af söngstílnum, var fjölradda kór þar sem hver rödd var sjálfstæð og má jafnvel líkja stílnum við keðjusöng, sem svo margir kannast við,“ útskýrir Guðmundur Guðbrandsson, meðlimur Pólýfónfélagsins sem stendur að baki útgáfunni.

Pólýfónkórinn var formlega stofnaður haustið 1957 að frumkvæði Ingólfs Guðbrandssonar og starfaði samfleytt í rúm 30 ár, til ársins 1988.

Árið 2006 var Pólýfónfélagið stofnað af fyrrverandi meðlimum kórsins og er „megintilgangur félagsins að gefa út plötur og diska með því efni sem Ríkisútvarpið hefur tekið upp í samstarfi við kórinn,“ segir Guðmundur sem var meðlimur kórsins í 30 ár og er eins og áður sagði félagi í Pólýfónfélaginu. Guðmundur vonast til þess að diskurinn verði kærkomin tilbreyting við það mikla framboð af tónlist og afþreyingarefni sem kemur út fyrir jólin. Diskurinn er til sölu hjá stjórn Pólýfónfélagsins og í helstu hljómplötuverslunum borgarinnar.










ALLT TIL GJAFA-INNPÖKKUNAR

Eingöngu sala til fyrirtækja

Opið 08.00-16.00

GRÆNN MARKAÐUR

www.flora.is info@flora.is Réttarhálsi 2 110 Rvk Sími: 535-8500

**Vegagerðin** birtir upplýsingar um færð á hverjum degi og eru þær skráðar frá kl. 8-16 á tímabilinu 1. maí til 31. október en frá kl. 7-22 frá 1. nóvember til 30. apríl. Veðurupplýsingar koma hins vegar frá sjálfvirkum veðurstöðvum og uppfærast allan sólarhringinn.



# Hvorki slátur né kleinur

**Bjarki Bragason fór í myndlistarnám til Los Angeles árið 2008, útskrifaðist síðastliðið vor og vinnur nú að list sinni í Borg englanna. Hann fær stundum heimþrá og langar að byggja brýr milli Íslands og LA.**

„Ég flutti til Los Angeles í ágúst 2008 til að hefja mastersnám í myndlist við California Institute of the Arts, CalArts, og útskrifaðist núna í vor.“ segir Bjarki Bragason myndlistarmaður, sem býr og starfar í Los Angeles. „CalArts er listaháskóli með deildum í myndlist, leiklist, kvikmyndagerð, animation og fleira. Walt Disney stofnaði skólann á sínum tíma og sá þetta sem tilraunabúr þar sem öllum greinum væri blandað saman. Út úr þessu kom áhugaverð stofnun með samansafni áhugaverðra listamanna og kennara, róttæk á köflum og hefur náð að endurnýja sig vel.“

En hvað er Bjarki að gera í LA núna? „Frá útskrift hef ég verið að vinna í ýmsum verkefnum hér og leigði vinnustofu ásamt nokkrum kollegum í Toy District, sem er gamalt vöruhúsahverfi í miðbænum, en í okkar götuþyrpingu versla allir kaupmenn með leikföng, og í næstu götum eru svo ilmvötn eingöngu, í þarnæstu silfur og svo gengur það koll af kolli götu eftir götu. Ég var að kenna myndlist á meðan ég var í náminu og einnig kenndi ég við menntaskóla; sumarakademíuna California State Summer School for the Arts, sem var dásamlega skemmtilegt. Ég hafði ekki áður þurft að tækla listina í gegnum tungumál bandarískra táninga, sem voru allir svo viljugir og klárir að vinnan var frábær. Í þokkabót náði ég að endurnæra enskuna mína með nútímaslangri, „street-smartið“ mitt fór örugglega upp um þrettán prósent í kjölfarið.“

Er ekki Borg englanna óttalega mikil silíkonborg? „LA hefur alls konar orðspor og þau eru örugglega öll sönn og login á sama tíma. Margir sjá fyrir sér bílaraðir undir reykskýjum og óeirðir, eins og áttu sér stað hér á tíunda áratugnum og áður. Margt af því er satt – hér ríkir stéttaskipting sem liggur djúpt og er sýnileg á mjög augljósan máta. En það er afskaplega erfitt að segja nákvæmlega um hvað þessi borg snýst; til þess er hún of stór og sundurtætt – hverfin eru dreifð og fjölbreytt eins og íbúarnir, minnir mig helst á Berlín að því leyti að hún er ó-miðjusett og þess vegna býr maður til sína eigin borg frá a til ö,“ segir Bjarki.



„Hún hafði ekki umgengist fólk áður, og er enn þá afskaplega sérvitur og skrítin,“ segir Bjarki um tíkina Hope, sem fyrir tveimur árum var bjargað úr haldi konu sem átti 300 hunda. MYND/STEVE KADO



Útsýnið út um gluggana í vinnustofu Bjarka.

„Alla daga má finna bændamarkaði í hinum og þessum hverfum, þar selja bændur ferskar afurðir sínar. Alls konar matur er framreiddur og út um allt árrisult fólk, kannski búið að fá sér morgunbótox, ég veit minna um það, en fyrir þá sem sleppa skurðhnífnum og detoxinu er nóg að finna af ódýrum og góðum mat út um allt. Í þessu veðri, og með rækilega vafasömum áveituverkefnum, vex nánast hvað sem er hvar sem er. Hvað sem því líður hlakka ég nú til jólafrís á Íslandi, hér fæst hvorki slátur né kleinur, og það er ekki nógu gott.“

Er Bjarki ánægður með þá ákvörðun að flytja til Los Angeles? „Þegar þessum tæpu þremur árum hér er á botninn hvolft er ég ánægður með þessa ákvörðun að læra og búa hér. Nú er næsta verkefni hreinlega að byggja brýr á milli Íslands og Los Angeles, bæði vegna þess að annað slagið ligg ég í heimþrá þegar ég hugsa um hvað systkinabörn mín þrjú stækka hratt, og svo er það áhugavert verkefni að búa til nýtt samstarf, færa fólk og umræðu á milli staða,“ segir Bjarki Bragason í Borg englanna.

*fridrikab@frettabladid.is*







KAUPMANNAHÖFN - LA VILLA
Guesthouse á besta stað í bænum.Stúdíóíbúðir og herbergi. Geymið auglýsinguna.
www.lavilla.dk. GSM. 0045 2848 8905












**ÓSKA EFTIR BÍL Á 0-150 ÞÚS STGR!**
Óska eftir bíl á 0-150 þús stgr. má þarfnast lagfæringa s. 659 9696

**!!! 0-250þús staðgreitt !!!**
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn ,98, skoða allt. Hringdu í síma 691 9374 .

## Jeppar



**1.690.þ stgr**
Til sölu TOYOTA LAND CRUISER VX 100 árg 07/2000 ek ca 230.þ v8 bensín ný skoðaður og ný smurður topp smurbók ásett verð 2.290.þ fæst á 1.690.þ stgr. Uppl í síma 896-5290

## Vespur




Ný sending af Vespum á frábæru verði kr 229,999 Hagkaup Garðabæ 563 5412



FRÁBÆRAR LINHAI 125cc VESPUR Á FRÁBÆRU VERÐI ! AÐEINS 329,900,- TRAUST OG ÖRUGG ÞJÓNUSTA BJÓÐUM UPP Á RAÐGREIÐSLUR VDO BORGARTÚN 36 S: 588 9747 www.vdo.is

## Vélsleðar



Ski-doo MXZ Renegade 1000 SDI ,07 Ek.2500km Neglt belti, brúsagr. Hlífðarp. Hækkað stýri, hnéhl. ofl. v 1.490þ. uppl.893-2550

## Vinnuvélar



LEIGÐU LENGRI VINNUDAG! RAFSTÖÐVAR 4-160KW OG LJÓSAMÖSTUR MEÐ 220V ÚRTAKI. 561-8373 www.dslausnir.is






Til sölu 28 tonna beltavél ,97 ek. ca. 7400 tíma. Einnig furukafa fleygur, 2.3 tonn og ca. 12-15 ára gamlir og montabert 501, ca. 1 tonn. S. 892 5309.

## Hjólbarðar

Sinorient YW51 eru ódýr og góð dekk , þau eru óneglanleg með micro skornu mynstri sem gefur gott grip í snjó , hálku og krapa Sinorent YW51 henta vel sem heilsársdekk . A.T.H ! Frí heimsending á höfuðborgarsvæðið . þrjár Stærðir : 185/65 , 195/65 og 205/55 þrjú Verð : 9000 ,10,000 og 12,500 krónur . Nánari upplýsingar í síma 892-1897 og liba@liba.is

## Varahlutir




**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is




Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Fiat Brava og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**partabilar.is 770-6400 Lónsbraut 6 Haf.**
Erum að rífa bmw525d 02 lanos 98-02 carvan97 neon01 mondeo98 jeep grand 00 kia sportage 99 mazda323 96 m.benz e 1980 almera 99 terrano 01 vectra 99 twingo 99 felisia97 swift 05-2010 xl7 05yaris 05 vw lt 35 98 kango 99 primera diesel 99 fiesta 98. Kaupum bíla í niðurrif eða uppgerðar

**Partahúsið - S. 555 6666**
VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. Musso og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 898 8835. Hvaleyrarbraut 20 Hafnarfirði.

**VW, Skoda, Audi, varahlutir og viðgerðir S: 534 1045**
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

**Hringbraut.is Varahlutasala**
Eigum til notaða bílavarahluti. MMC, VW, Skoda, Toyota, Peugeot, Honda, Renault ofl . hringbraut.is S.420-1200

**Japanskar Vélar Varahlutasala**
Erum að rífa MMC Pajero/Montero ,00-'05. L200/Izuzu pick up ,00-'07. Susuki Vitara/Liana/Swift ,00-'08. Hyundai Santa Fe/Tucson/Starex. ,00-'06. Nissan pickup/Almera/X-Trail ,02-'08. VW/skoda ,00-'05. Mazda/Ford ,00-'05. Kia, flestar gerðir. Chevrolet ,05-'06. Citroen C2/C3 ,02-'06. og fl. Kaupum bíla. Opið 08-18. S. 565 3400 & 893 2284. www.carparts.is

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**www.partaland.is 567 4100**
Notaðir varahlutir í Mitsubishi bíla, PARTALAND, Stórhöfða 18, Rvk.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Faglærðir Píparar**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

**HRAÐLAGNIR EHF Pípulagingarþjónusta**
Viðhald og breytingar eru okkar fag. S: 662-6277.

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

## Sendibílaþjónusta




Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Hreingerningar




Gluggahreinsun, Klæðningarhreinsun, Teppahreinsun, Gólfbónun og Ræsting. S.663 0000




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö Þrif & Hreinlæti Sími 662 0 662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

**Vy-þrif ehf.**
Öll almenn þrif regluleg ræsting sameigna verðtilboð. Sími 512 4010 www.vy.is

## Ræstingar

Tek að mér þrif í heimahúsum, er vön og vandvirk. Uppl. í s. 868 7283.

## Garðyrkja







Setjum upp jólaseríur og annað skraut fyrir fyrirtæki, húsfélög, einstaklinga og stofnanir. Útvegum allt sem til þarf og hjálpum til með hugmyndir. Sé eldra skraut til staðar setjum við það upp. Garðar best ehf, sími 698 9334, heimasíða: garðarbest.is, netfang: gardarbest@gardarbest.is, facebook: Garðar best




## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**Málarameistari**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald







Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 568-3063 eða inná www.k2.is









Gegnheil eik. 10mm stafirnir okkar loksins komnir aftur. verð aðeins 3.400 kr .vsk Parketlagnir og parketslípun frá 2.000 kr fm. Allir þröskuldar teknir frítt með.Sjáið myndir á www.parketsliparinn.is Visa Euro raðgreiðslur. simi 7728100

Smiður getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss. Áratugareynsla. S. 867 7753.




**Meðal efnis í blaðinu:**
Allt um jólamatinn;
forréttir, aðalréttir,
eftirréttir og
borðskreytingar.

Fjölbreytt jólaskraut
og jólaföndur.

Ólíkir jólasiðir.

Íslenskar og alþjóðlegar
uppskriftir að jólakökum
og jólasælgæti.




**... allt sem þú þarft**

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

Kærleiksrík fjölskylda óskar eftir að ættleiða Cavalier. email xx22@visir.is

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Hestamennska

HESTAR & MENN

**Í jólapakkann.**
Úlpur frá kr. 19.900
Hestar og menn
Ögurhvarfi 1, 203 Kópav.

# HÚSNÆÐI

## Leigumiðlanir

**Leiguliðar ehf**
**Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 87.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.
**Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440**

**Leigumiðlun-Leigumiðlun**
Vegna mikillar eftirspurnar vantar allar tegundir húsnæða á skrá á Höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Við erum sanngjörn og skilvirk. Leigumiðlun.com - Lögfræðistofa, Hamraborg 1, 200 Kópavogi Sími 445 3500 leigumidlun@leigumidlun.com

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**



Opið hús í dag Álfatúni 21, 200 Kóp (Rúnar-bjalla) kl:18-18:30. Rúmgóð 2ja herb.62 fm íbúð á 2 hæð í litlu fjölbýli til sölu. Frábært útsýni. Laus strax. Sjá valholl.is

STAY APARTMENTS

**STAY APARTMENTS - VIKULEIGA**
Vikuleiga á vönduðum stúdíó íbúðum og stærri íbúðum í 105 Rvk. Studio íbúðir frá 25.000 kr. 2ja-3ja. herb. frá 30.000 kr. www.stay.is s: 517 4050.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Glæsileg 3ja herb. Hátt til lofts, sér inng. Leiga 155þ. á m. Hússj. innif. S. 564 3569.

## Húsnæði óskast

óska eftir 3 herbergja íbúð á Reykjavíkursvæðinu eftir áramót eða fyrr. skilvísum greiðslum er heitið. s: 8622866

3ja herb. óskast. Íbúð óskast í 6 mánuði eða lengur fyrir konu á miðjum aldri. Helst nálægt miðborginni. S: 698-4611

## Gisting

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**

Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum.

Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð.

Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

Hjólhýsi,tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, ofl Uppl. í s. 8243171 og 8986469

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Óska eftir fólki til sölu og markaðsstarfa. Uppl. í s. 690 1245.

Vantar þig aukavinnu eða aðalvinnu. Okkur vantar fólk á norðurlandi til markaðs og sölustarfa. Uppl. í s. 894 0339.

Óska eftir manni í húsaviðgerðir. Einhver reynsla æskileg. Uppl. í s. 618 5286 Þórður.

## Atvinna

**Óskum eftir að ráða vanan blikksmið til að sinna þjónustu og viðhaldsverkum.,**

Viðkomandi Þarf að hafa: haldgóða þekkingu á virkni og stjórnbúnaði loftræstikerfa ríka þjónustulund ásamt hæfni í mannlegum samskiptum.

**Umsóknir sendist á blikk@blikk.is**

**BLIKKSMIÐURINN**
ÞEKKING - FÆRNI - ÞJÓNUSTA

## Fasteignir

MIKLABORG - ÖRUGG SALA - MIKLABORG - ÖRUGG SALA

FASTEIGNASALAN
**MIKLABORG**
569-7000 | Síðumúli 13 | www.miklaborg.is

**Hverfisgata 52, Hafnarfirði**
**Opið hús í dag frá kl. 17:30 – 18:00**




Mjög sjarmerandi hús í grónu hverfi. Gagngerar endurbætur að utan og innan. Tvær samþykktar íbúðir. Nýtt hús á gömlum grunni.
**Nánari upplýsingar veitir Ragna S. Óskarsdóttir, löggiltur fasteignasali í síma 892 3342**

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Spjalldömur 908 1818**
**Hæ strákar hringið í okkur.**
**Opið þegar ykkur langar.**

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

**Gerðu góðverk í dag**
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

## Tilkynningar




**Viltu gefa? . . . Ekki henda!**
★ Sækjum ef óskað er
símar: 561 1000
661 6996

**Nytjamarkaður Samhjálpar**
Stangarhylur 3
110 Reykjavík
Opið alla daga
kl. 13 – 18 nema
laugard.og sunnud.

# GÓÐAR FRÉTTIR FYRIR VESTURLAND

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 31 stað á Vesturlandi og 120 stöðum um land allt.
Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing.




**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing

## Fjöldi lausasölustaða á Vesturlandi

Bónus, Akranesi
Krónan, Akranesi
N1 verslun, Akranesi
Olís, Akranesi
Samkaup Strax, Akranesi
Bónus, Borgarnesi
Olís, Borgarnesi
Samkaup, Hyrnunni, Borgarnesi
Samkaup Úrval, Borgarnesi
Munaðarnes, Borgarnesi
Samkaup Strax, Bifröst
Verslunin Baulan, Borgarfirði
Hönnubúð, Reykholti, Borgarfirði
Bónus, Stykkishólmi
Olís, Stykkishólmi
Hrannarbúðin, Grundarfirði
Samkaup Úrval, Grundarfirði
N1 verslun, Ólafsvík
Olís, Ólafsvík
Hraðbúð N1, Hellissandi
Shell/Vélsmiðja Árna Jóns, Hellissandi
Samkaup Strax, Búðardal
Bónus, Ísafirði
Hamraborg, Ísafirði
N1 þjónustustöð, Ísafirði
Samkaup Úrval, Ísafirði
Olís, Bolungarvík
Samkaup Úrval, Bolungarvík
Skeljungur, Bolungarvík
N1 Flateyri
N1 Þingeyri




**Allt sem þú þarft...**


frá 1990
JÓLASVEINAR
Hæð: 30 cm, kr 1990
Hæð: 35 cm, kr 3590
Hæð: 80 cm, kr 8990
359
POKI M/JÓLASVEIN
Fleiri gerðir
1199
JÓLASVEINN Í SKÓ
990
JÓLASOKKUR
Fleiri gerðir
frá 1499
GRÝLA- OG LEPPALÚÐI
Hæð: 38 cm, kr 1499
Hæð: 50 cm, kr 2990
60 cm
pr. stk 5990
GRÝLA OG LEPPALÚÐI
Hæð: 58 cm
1590
JÓLATRÉ
60 cm
Með 10 ljósum
pr. stk 1490
JÓLAKRAKKAR
Með hnetuskál
pr. stk 1490
JÓLAKRAKKAR
Hæð: 44 cm
pr. stk 1290
JÓLAKRAKKAR
Hæð: 40 cm
frá 490
JÓLASVEINAR
Hæð: 13 cm, kr 490
Hæð: 19 cm, kr 790
1990
KERTASTJAKI
19,5 cm
1490
SKRAUTKÚSTUR
100 cm
299
SERVÍETTUR
25 í pk
33x33 cm
1490
GRÝLA
Fleiri gerðir
1990
JÓLASKRAUT
67 stk í öskju
pr. stk 349
KERTASLÖKKVARI
pr. stk 1699
KERTASTJAKI - 24 CM
Fyrir útikerti og kubbakerti
599
JÓLASVEINAHÚFA
Löng
Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!




**17.990**
BÚTA- OG GEREKTSÖG
1500 W, 210 mm



**7990**
ÖRYGGISSKÁPUR
Bæði stafræn- og lyklalæsing
Hægt að festa á vegg



**3590**
BORVÉL
14,4 V
Auka rafhlaða, 14,4 V, kr 1999






**4590**
STANLEY VERKFÆRATASKA
ATH! Verkfæri á mynd fylgja ekki



frá **1590**
BORA- OG BITASETT
Bitasett, 42 stk, kr 1590
Borasett, 18 stk, kr 1990



**3590**
SLÍPIROKKUR
500 W
125 mm



**3590**
VINNULJÓS
500 W
Tvö strauminntök



frá **7990**
KULDAGALLAR
Bláir / rauðir
St M-XXL

## SENDUM UM ALLT LAND!

**Pöntunarsími í Reykjavík 511 3322**
**Pöntunarsími á Akureyri 466 2533**
**Visa / MasterCard**



pr. stk
**6590**
KULDAGALLI
St 92 - 134/140



frá **990**
HÚFUR OG VETTLINGAR
Fóðraðir barnavettlingar, kr 990
Fóðraðir vettlingar fyrir fullorðna, kr 1490
Fóðraðar barnahúfur, kr 1490
Fóðraðar húfur fyrir fullorðna, kr 1990



pr. stk/par
**599**
HÚFA/VETTLINGAR
Thinsulate
Barna, dömu og herra

## Nú 6 verslanir

- Korputorgi - S: 533 3353
- Fiskislóð 3 (Granda) - S: 511 3322
- Glerártorgi, Akureyri - S: 466 2533
- Dalvegi 10-14, Kópavogi- S: 544 2333
- Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði - S: 533 3360
- Austurvegi 69, Selfossi - S: 483 3366

*Birt með fyrirvara um texta - og myndabrengl. Vörur geta verið uppseldar.*




**1399**
SNJÓÞOTA
Rocko Race




pr. stk
**2499**
SNJÓÞOTA

**Europris** ÓDÝRT FYRIR ALLA!

# Niðurfelling saksóknar og nímenningamálið

**Dómsmál**

**Einar Steingrímsson**
stærðfræðingur



Í fréttum RÚV um liðna helgi var fjallað um hið svokallaða Nímenningamál, þar sem lögfræðiprófessor nokkur kallaði áskorun á dómsmálaráðherra um niðurfellingu saksóknar „gróf afskipti af dómsvaldinu“. Því miður kom ekki fram neinn rökstuðningur prófessorsins fyrir þessari skoðun, og ekki var útskýrt hvenær mætti yfirleitt beita 29. grein stjórnarskrárinnar, sem heimilar dómsmálaráðherra að fella niður saksókn, né heldur af hverju það gæti ekki átt við í máli nímenninganna. Hæstiréttur hefur a.m.k. tvisvar fjallað um beitingu 29. greinarinnar (mál 85/1958 og 95/1946), og ljóst er að rétturinn telur ekkert athugavert við að dómsmálaráðherra beiti henni (þótt formlega séð geri hann tillögu til forseta).

> Ef ákæruvaldið fer offari, þá þarf að vera hægt að stoppa það.

Almennt er samstaða um að framkvæmdarvaldið eigi ekki að grípa fram í fyrir dómsvaldinu. Oft gleymist hins vegar í umræðum um þrískiptingu ríkisvaldsins, að greinarnar þrjár eiga að tempra vald hver annarrar. Það er góð ástæða fyrir 29. grein stjórnarskrárinnar, nefnilega að ef ákæruvaldið fer offari, þá þarf að vera hægt að stoppa það. Svo dæmi sé tekið má hugsa sér að einhver sé ákærður fyrir að hafa banað manni sem er enn á lífi. Slíka saksókn ætti ráðherra að sjálfsögðu að stöðva. Það er hægt að hafa ólíkar skoðanir á réttmæti ákærunnar á grundvelli 100. greinar hegningarlaga gegn nímenningunum, en nánast enginn hefur haldið því fram opinberlega að hún sé verjandi. Það er skiljanlegt, því 100. greinin fjallar um tilraunir til að svipta Alþingi „sjálfræði“, og hún tilheyrir XI. kafla hegningarlaga, en sá kafli fjallar um vernd gegn valdaráni.

Í frumvarpinu þegar þessi lög voru samþykkt 1940 segir m.a.: „Í þennan kafla er safnað ákvæðum um vernd ríkjandi stjórnskipunar, eins og hún er ákveðin í stjórnarskránni og öðrum stjórnskipunarlögum. Enn fremur er ákveðin sérstök vernd fyrir æðstu handhafa ríkisvaldsins, konung eða ríkisstjóra, ráðuneytin, Alþingi, landsdóm og Hæstarétt, enda beinist verknaður, sem miðar að ólöglegri breytingu stjórnskipunarinnar, að jafnaði fyrst að þessum aðiljum, einum eða fleiri.“ Ljóst ætti því að vera að hér er fjallað um valdaránstilraunir, enda er refsing fyrir brot á 100. grein í samræmi við það, eins árs til lífstíðar fangavist. Jafn augljóst er að aðgerð nímenninganna ógnaði ekki sjálfræði Alþingis, né miðaði hún að „ólöglegri breytingu stjórnskipunarinnar“.

Einnig er, í f-lið 113. greinar laga um meðferð opinberra mála, ákvæði sem heimilar að fella niður mál, „ef sérstaklega stendur á og telja verður að almannahagsmunir krefjist ekki málshöfðunar“. Þetta gæti settur saksóknari í málinu, Lára V. Júlíusdóttir, gert enda er vandséð hvaða almannahagsmunum það þjónar að dæma til langrar fangelsisvistar mótmælendur sem greinilega höfðu engan saknæman ásetning.

Verði saksókn í máli nímenninganna haldið til streitu verður það óhjákvæmilega ljótur blettur á íslensku réttarfari, og hætt við að það sár grói seint, rétt eins og gerðist með ákærurnar vegna mótmælanna á Austurvelli 1949. Saksóknari gerði mistök, sem hún ætti að leiðrétta, vilji hún síður skrá nafn sitt í sögubækurnar með þessum miður geðfellda hætti. Þrjóskist hún við, þvert á afstöðu lögreglunnar sem rannsakaði málið, ætti dómsmálaráðherra að taka í taumana.

## AF NETINU

### Virðing en ekki umburðarlyndi

Fjölmenningarsamfélag er ekki valmöguleiki sem við stöndum frammi fyrir. Það er þvert á móti verkefni sem okkur ber að leysa. Fjölmenningarsamfélag verður að byggja á virðingu fyrir þeim sem skera sig úr. Umburðarlyndi nægir ekki. Það er ekki nóg að við umberum þau sem falla ekki undir staðalmynd hins íslenska borgara. Við verðum að virða þau sem jafningja og læra að meta það sem þau vilja og geta lagt til samfélags okkar. Virðing en ekki umburðarlyndi er lykillinn að góðu og öruggu samfélagi þar sem margbreytileiki nýtur sín og auðgar samfélagið.

Vísir.is

**Arnfríður Guðmundsdóttir og Hjalti Hugason**

### Eitt kjördæmi

Landið á að minni hyggju að vera eitt kjördæmi. Það er greiðasta leiðin til að jafna atkvæðisréttinn og tryggja óskorað lýðræði. Ójafn atkvæðisréttur í Bandaríkjunum, þar sem fulltrúadeildin er umbjóðandi fólksins og öldungadeildin er umbjóðandi landsins, er óraunhæf fyrirmynd handa Íslendingum vegna þess, að Bandaríkin eru risavaxin og Ísland er þúsund sinnum fámennara land. Ójafn atkvæðisréttur hefur skaðað Ísland líkt og Hannes Hafstein varaði við strax á heimastjórnarárunum. Sama verður ekki sagt um ESB. Við þurfum að finna aðrar leiðir til að tryggja sátt og samlyndi milli landshluta. Borg og sveit eru systur, og góðum systrum semur vel.

Vísir.is

**Þorvaldur Gylfason**

### Vandinn að velja

Á vefsíðu http://simnet.is/~hj.vst/ er að finna KROSSASKRÁ um afstöðu frambjóðenda (til stjórnlagaþings) til nokkurra álitamála. Þau álitamál sem spurt er um snerta ekki öll stjórnarskrána beinlínis, en svörin geta auðveldað kjósendum val á milli frambjóðenda. Ríflega helmingur frambjóðenda hefur svarað spurningunum, flestir samviskusamlega en örfáir með því að vísa til skrifa sinna á öðrum vettvangi. Hver kjósandi verður auðvitað að túlka það á sinn hátt hvað vakir fyrir frambjóðanda sem annað hvort neitar að svara spurningunum eða lætur það ógert.

Vísir.is **Haukur Jóhannsson**


# Haustþing Rannís 2010
## Frá rannsóknum til nýsköpunar
25. nóvember kl. 8.30 - 10.30 á Hótel Sögu



**Dagskrá**

**Fundarstjóri:** Hallgrímur Jónasson forstöðumaður Rannís

**8.30 Setning Haustþings Rannís**
Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra

**8.45 Developing the European Research and Innovation Ecosystem**
Professor Luke Georghiou, Vice-President for Research and Innovation, University of Manchester and Professor of Science and Technology Policy and Management

**9.30 Einkaleyfi sem mælikvarði á þekkingu**
Grétar Ingi Grétarsson aðstoðarforstjóri Norrrænu einkaleyfastofunnar

**9.50 Frá rannsóknum á Íslandi til alþjóðlegrar nýsköpunar**
Rögnvaldur Sæmundsson dósent við Viðskiptadeild HR og forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar HR í nýsköpunar- og frumkvöðlafræðum

**10.10 Samantekt**
Haustþing Rannis verður á Hótel Sögu, Harvard 2. hæð
Morgunverður fyrir gesti. **Skráning á rannis@rannis.is**

Hlutverk Rannís er að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu Vísinda- og tækniráðs. Rannís er miðstöð stuðningskerfis vísinda- og tæknisamfélagsins. Í vörslu Rannís eru opinberir samkeppnissjóðir s.s. Rannsóknarsjóður og Tækniþróunarsjóður. Rannís sér um greiningu á rannsóknum og nýsköpun á Íslandi og gerir áhrif rannsókna og nýsköpunar á þjóðarhag og hagvöxt sýnilegan. Rannís er miðstöð upplýsinga og miðlunar alþjóðasamstarfs vísinda- og tæknisamfélagsins.

rannís
Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

HNOTSKÓGUR grafísk hönnun




# Útskriftargjöf háskólanema?

Háskólamenntun er forsenda nýsköpunar.
Menntun er fjárfesting – bæði af hálfu einstaklinga og samfélagsins.

Þessi fjárfesting þarf að skila sér til beggja. Annað er sóun.
Auknar álögur og lækkuð laun háskólamenntaðra vinna gegn því.

**Menntun er dýrmæt.**
**Missum verðmætin ekki úr landi.**

Bandalag háskólamanna

www.educatedbyiceland.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is



67 **PETE BEST**, fyrrverandi meðlimur Bítlanna, er 67 ára í dag.

*„Við vorum upp á okkar besta þegar við spiluðum á skemmtistöðum í Liverpool og Hamborg. Heimurinn varð aldrei vitni að því.“*



*Maðurinn minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Garðar Pálsson**

fv. skipherra, Fornhaga 15,

andaðist á Hrafnistu í Kópavogi sunnudaginn 21. nóvember. Útförin verður auglýst síðar.

**Lilja Jónsdóttir**

**Ásta Garðarsdóttir** **Sturla Þórðarson**
**Helga Garðarsdóttir** **Sigurjón Sindrason**
**Lilja, Kjartan og Halldór Sturlubörn**
**Garðar, Sindri og Eva Sigurjónsbörn**
**og barnabarnabörn.**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi*

**Sigurjón Guðmundsson**

Lönguhlíð 3, áður Hólmgarði 24,

lést á Droplaugarstöðum 18. nóvember. Jarðarförin fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 25. nóvember kl. 15.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Rósa Sigurjónsdóttir** **Heimir Ingimarsson**
**Edda Sigurjónsdóttir** **Alexander Þórsson**
**Guðmundur Sigurjónsson** **Margrét Sverrisdóttir**
**afa-, langafa- og langalangafabörn.**



*Okkar ástkæri*

**Örn Óskarsson**

er látinn. Útförin hefur farið fram frá Hønefoss í Noregi.

**Hilmar Þór**
**Davíð Örn**
**Bertha**
**Hanne Lise**
**Glenn Tore**
**og fjölskyldur.**

**Sigríður Sæunn**
**Þórdís**
**Jakobína**
**Auður Óskarsdætur**
**og fjölskyldur.**



*Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma*

**Hallfríður Guðmundsdóttir**

Hjúkrunarheimilinu Eir,

sem lést mánudaginn 22. nóvember, verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju föstudaginn 26. nóv. kl. 15.00.

**Gunnar Guðmundsson**
**Guðmundur Gunnarsson** **Helena Sólbrá Kristinsdóttir**
**Kristín Gunnarsdóttir** **Óli Már Aronsson**
**Auðunn Örn Gunnarsson** **Hjördís Guðnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Kveðjustund, fjölskylda*

**Páls Sigurgeirs Jónssonar**

sem lést í Danmörku þann 15.11. heldur kveðjustund í sal hafnarhússins á Seyðisfirði laugardaginn 27.11. kl. 11.00. Þeir sem vilja minnast góðs drengs eru velkomnir. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Sjúkrahúsið á Seyðisfirði eða Björgunarsveitina Ísólf.

**Aðstandendur.**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Víglundur Guðmundsson**

Greniteigi 53, Keflavík,

sem lést á heimili sínu fimmtudaginn 18. nóvember sl., verður jarðsunginn í Keflavíkurkirkju föstudaginn 26. nóvember 2010 og hefst athöfnin kl. 14.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á MND-félagið, sími: 565 5727.

**Guðbjörg Kristín Víglundsdóttir** **Guðmundur Ingi Guðjónsson**
**Magnea Inga Víglundsdóttir** **Gunnar Magnússon**
**Hafrún Ólöf Víglundsdóttir**
**Sverrir Víglundsson** **Hallfríður Anna Matthíasdóttir**
**Jóhann Sigurður Víglundsson** **Halla Sjöfn Hallgrímsdóttir**
**Íris Víglundsdóttir** **Böðvar Bjarnason**
**Lilja Víglundsdóttir** **Njáll Karlsson**
**Ragnheiður Víglundsdóttir** **Kristján Valur Guðmundsson**



**Gintaras Urbonas**

var bráðkvaddur 17. nóvember. Útför hans fer fram 29. nóvember kl. 11.00 frá Kópavogskirkju.

**Kaspar Urbonas**
**Sólveig Urboniene**
**Laimuté Braduniené**
**Algis Bradunas**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir og tengdafaðir,*

**Jón Pétur Pétursson**

Höfðabraut 8, Akranesi,

lést sunnudaginn 14. nóvember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þökkum samúð og hlýhug.

**Steinunn Dalla Ólafsdóttir**
**Ólafur Þór Jónsson** **Ester Delatore Talledo.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**



**ER KVENNASAGAN HUGLEIKIN** Margrét segir framlag hjúkrunarkvenna víða falið í sögunni. Mynd/Heida.is

SAGA HJÚKRUNAR Á ÍSLANDI: KOMIN ÚT

## Vanmetin stétt

Saga hjúkrunar á Íslandi á 20. öld kom út fyrir skömmu en hún er gefin út í tilefni af því að 91 ár er liðið frá því að hjúkrunarfræðingar stofnuðu Félag íslenskra hjúkrunarkvenna, fyrsta félag íslenskra hjúkrunarfræðinga á Íslandi. Sagnfræðingurinn Margrét Guðmundsdóttir skrifar söguna og leitar víða fanga.

„Ég hef aðallega fengist við sögu kvenna og safnað að mér efni tengt konum allt frá því að ég hóf nám í sagnfræði við Háskóla Íslands á sínum tíma. Fljótlega, og í raun löngu áður en þetta verkefni kom til, vaknaði áhugi minn á hjúkrun og hjúkrunarkonum hér á landi enda fannst mér starf þeirra vanmetið og þeirra framlag að miklu leyti falið í sögunni," segir Margrét.

Í bókinni rekur hún sögu íslensku hjúkrunarstéttarinnar á tuttugustu öldinni en sagan er samtvinnuð sögu og réttindabaráttu kvenna og endurspeglar um leið þjóðfélagsbreytingar tuttugustu aldarinnar. Margét tekur fyrir menntunina og störf hjúkrunarfræðinga í gegnum árin ásamt því að fjalla um innra starf félagsins. „Þá er líka heilmikið af persónulegum sögum sem fléttast inn í söguna,“ segir Margrét. „Í upphafi var félagið svo lítið að félagsmenn áttu í persónulegum bréfaskriftum sín á milli. Hjá félaginu hafa varðveist bréfaskipti fyrsta formannsins, Sigríðar Eiríksdóttur, móður Vigdísar Finnbogadóttur, og annarra félagsmanna sem ég notast við og lyftir það textanum mikið. Hins vegar eru ekki til margar ævisögur hjúkrunarkvenna til að styðjast við samanborið við til að mynda ævisögur lækna.“

Hjúkrun varð ekki til sem fag á Íslandi fyrr en á þriðja áratugnum en saga hjúkrunar hér á landi nær þó lengra aftur. „Fyrstu hjúkrunarkonurnar komu erlendis frá en það er ekki fyrr en á þriðja áratugnum sem þeim fer að fjölga að einhverju marki. Ríkið sá ekki ástæðu til að setja á stofn hjúkrunarskóla fyrr en löngu seinna og var það Félag íslenskra hjúkrunarkvenna, sem var stofnað árið 1919, sem skipulagði nám í hjúkrun fyrsta áratuginn. Nokkru áður, eða árið 1915 þegar íslenskar konur fengu kosningarétt, var ákveðið að stofna sjóð til að safna fyrir byggingu Landspítalans. Hjúkrunarkonur í Félagi íslenskra hjúkrunarkvenna sáu fram á að fjölga þyrfti íslenskum hjúkrunarkonum sem gætu tekið til starfa þegar spítalinn yrði tilbúinn. Hann var tekinn í notkun árið 1930 og skömmu síðar var settur á stofn hjúkrunarskóli á vegum ríkisins.“

Hjúkrunarkonur beittu sér ekki einungis fyrir menntun stéttarinnar fyrstu árin heldur byggðu þær einnig upp merkilegt heilsuverndarstarf og voru frumkvöðlar á því sviði. Margrét segir að störf hjúkrunarkvenna á Íslandi fyrstu áratugina séu þó vanmetin. „Sjúkraþjónustan hvíldi mikið á þeirra herðum enda voru ekki sams konar lækningar í boði og nú. Á þeim tíma voru ekki til lyf og fólk dó úr einföldustu smitsjúkdómum. Það var því í verkahring hjúkrunarkvenna að hjúkra og koma í veg fyrir smit. Þá gegndu þær mikilvægu hlutverki þegar kom að því að gæta hreinlætis eftir aðgerðir enda sýklalyf ekki fyrir hendi.“

vera@frettabldid.is



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Erla Sigurjónsdóttir**

Túngötu 15, Húsavík,

lést á gjörgæsludeild FSA Akureyri laugardaginn 13. nóv. s.l. Útförin fór fram í kyrrþey að hennar ósk.

**Valdimar Ingólfsson**
**Hulda Valdimarsdóttir** **Sveinn Pálmi Guðmundsson**
**Olga Valdimarsdóttir** **Hermann Jónasson**
**Jón Ingi Valdimarsson** **Rannveig Anna Ólafsdóttir**
**ömmubörn og langömmubörn**

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# ELLEFU LÍTRAR

# 998 kr.




**VÍKING JÓLABLANDA** Malt og appelsín
Fjórar dósir 500ml = **2 ltr.**

**COCA COLA KIPPA** Coke eða Coke Light
Sex 1.5 ltr. flöskur = **9 ltr.**

**BÓNUS** BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** hvetja, 6. hróp, 8. bók, 9. dæling, 11. tveir eins, 12. hökutoppur, 14. yfirstéttar, 16. í röð, 17. flíkur, 18. hljóð svína, 20. fyrir hönd, 21. tilræði.

**LÓÐRÉTT**
**1.** eignir, 3. tveir eins, 4. vitsmunamissir, 5. sigað, 7. ættbálkur spendýra, 10. skap, 13. gifti, 15. sálda, 16. yfirbragð, 19. nesoddi.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. örva, 6. óp, 8. rit, 9. sog, 11. tt, 12. skegg, 14. aðals, 16. bd, 17. föt, 18. rýt, 20. pr, 21. árás.
**LÓÐRÉTT:** 1. góss, 3. rr, 4. vitglöp, 5. att, 7. pokadýr, 10. geð, 13. gaf, 15. strá, 16. brá, 19. tá.




25% AFSLÁTTUR

Miele Tango Plus
Vinsælasta ryksugan frá Miele
Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar, með stillanlegu röri og úrvali fylgihluta. Þær hafa hlotið hæstu einkunn hjá neytendasamtökum í Þýskalandi.

Tilboð kr.: 24.900
Verðlistaverð kr.: 33.200

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki
Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is



Auglýsingasími
512 50 50


Allt sem þú þarft...


# Ef Jón Gnarr væri kona

BAKÞANKAR
Sifjar Sigmarsdóttur



Stundum er sem kona megi vart hripa skoðun sína niður á blað án þess að vera sökuð um að vera skrækróma. Fjölmiðlagúrúinn Óli Tynes afskrifaði gagnrýnendur Gillzeneggers, meðhöfundar símaskrárinnar, af einstakri rökfestu á dögunum með því að kalla þá skrækja dólgfemínista. Áður en ég held lengra vil ég því – af tillitssemi við þá sem hafa svo yfirnáttúrulega heyrn – lækka róminn og dýpka röddina. Svona. Er þetta betra?

**KONUR** sem hafa sig í frammi í opinberri umræðu, t.d. á vettvangi stjórnmála eða viðskipta, dansa stöðugt jafnvægisdans á línu hins tæka. Sé varaliturinn aðeins of rauður eru orð þeirra dæmd marklaus því þær eru klárlega vitlausar. Sé blússan of flegin eru þær óábyrgar, of mikið lagt í hárgreiðsluna vanhæfar og vogi þær sér að byrsta sig er „sá tími mánaðarins“ genginn í garð.

**MARGUR** hefur furðað sig á því að af frambjóðendum til stjórnlagaþings sem kosið verður til um næstu helgi er einungis þriðjungur konur. Sumir hafa gripið þessi hlutföll á lofti og sagt sig loks hafa sönnun þess að konur vilja einfaldlega ekki komast til áhrifa. Frekari barátta fyrir jafnrétti sé því óþörf.

**EN** getur verið að ástæðan sé eilítið flóknari? Rannsókn hefur verið gerð við Johns Hopkins-háskólann í Bandaríkjunum á umfjöllun um frambjóðendur til forsetakosninga þar í landi. Samkvæmt henni er ekki aðeins fjallað að jafnaði tvisvar sinnum meira um karlframbjóðendur en kvenframbjóðendur í fjölmiðlum heldur er sú umfjöllun sem kvenframbjóðendur fá oftar gagnrýnin og háðsleg en í tilfellum karlanna. Konurnar eru sagðar ópraktískur kostur, jafnvel vanhæfar. Þrisvar sinnum meira pláss fer í að lýsa útliti þeirra. Algengara er að dregnar séu upp af þeim staðalímyndir og þær sagðar þjást af skapsveiflum. Meiri líkur eru á að aldur þeirra sé tilgreindur en starfstitli þeirra sleppt. Aðeins 16% umfjöllunarinnar um konur tengjast málefnum sem þær standa fyrir, miðað við 27% umfjöllunarinnar um karlmenn.

**KANN** að vera að ein ástæða þess að konur eru tregari til að gefa kost á sér til stjórnlagaþings en karlmenn sé sú óvægna og ómálefnalega umræða sem þær gætu þurft að sæta?

**Á** Fésbókarsíðu sinni segir Jón Gnarr borgarstjóri: „Finnst ég naive, ekki ráða við þetta …“ Fyrir hreinskilnina fær hann klapp á bakið. Ef sömu orð féllu af vörum forvera hans í starfi, Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, eða forsætisráðherra, Jóhönnu Sigurðardóttur, kvæði vafalítið við annan tón.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Overli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Kirkman/Scott



netto
Ódýrt fyrir heimilið!

# NÝJAR UPPLÝSINGAR ÚR INNSTA HRING




ÁTÖK OG ÓVÆNTAR AFHJÚPANIR

**3.894 kr**

**STÓRLEGA LÆKKAÐ VERÐ!**

SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN Á WWW.NETTO.IS!

Verið velkomin í Nettó

**GILDIR TIL 28. NÓV.**

MJÓDD · SALAVEGUR · HVERAFOLD · REYKJANESBÆR · GRINDAVÍK · AKUREYRI · HÖFN

# menning

menning@frettabladid.is

**!** **FRIÐRIK ÓMAR Í SALNUM** Friðrik Ómar heldur útgáfutónleika í Salnum í kvöld og annað kvöld í tilefni af nýjum hljóð- og mynddiski þar sem hann flytur lög eftir Elvis Presley. Með honum er átta manna hljómsveit og alls fá um 25 Elvis lög að hljóma.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 24. nóvember 2010**

### → Tónleikar

**20.00** Tónleikaröðin **Tónsnillingar morgundagsins** heldur áfram í kvöld. Tónleikarnir fara fram í **Langholtskirkju** kl. 20. Fram kemur **Gunnhildur Daðadóttir** ásamt Kristni **Erni Kristinssyni**.



**22.00** **Jazzklúbburinn Múlinn** efnir til tónleika í **Risinu** í Tryggvagötu í kvöld. Fram kemur tríó **Sunnu Gunnlaugsdóttur** ásamt **Þorgrími Jónssyni** og **Scott McLemore**. Tónleikarnir hefjast kl. 22 og aðgangseyrir 1000 krónur, 500 krónur fyrir nema.

### → Dagskrá

**20.00** Dagskrá í tilefni af útgáfu á bókum **Akademónanna Steinunnar Jóhannesdóttur** og **Guðna Th. Jóhannessonar**. Dagskrá hefst kl. 20 í **ReykjarvíkurAkademíunni** á Hringbraut 121, 4.hæð. Allir velkomnir.

### → Tónlist

**22.00** **Skurken**, **Beatmakin Troopa**, **Arnljótur** og **Dj Andre** spila á **Kaffibarnum**, Bergstaðastræti 1, í kvöld frá kl. 22. Extreme Chill stendur að dagskránni. Frítt inn.

### → Samkoma

**20.00** **Classic Quiz** á **Faktorý** í kvöld kl. 20. Hámark 4 saman í liði. Keppnin samanstendur af almennum-, krossa- og myndaspurningum ásamt hljóðdæmum. Þátttökugjald er ekkert.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

# Málar risavaxinn ísbjörn á Langjökul

**Bjargey Ólafsdóttir myndlistarmaður málar risavaxna mynd af ísbirni á Langjökul í dag og á morgun. Verkið er liður í alþjóðlegu myndlistarverkefni til að vekja athygli á loftlagsbreytingum. Meðal þátttakenda eru Thom Yorke, söngvari Radiohead.**

Yfirskrift verkefnisins er 350 Earth og stendur frá 20. til 28. nóvember. Listamenn á sautján stöðum víðs vegar um heim búa til verk um áhrif hlýnunar jarðar. Hvert listaverk er nógu stórt til að sjást úr geimnum og verður myndað úr þyrli og gervihnetti. Tilefnið er loftslagsráðstefna Sameinuðu þjóðanna í Cancun í næsta mánuði.



BJARGEY ÓLAFSDÓTTIR

Bjargey segist hafa fengið hugmyndina að ísbirninum fljótlega eftir að aðstandendur verkefnisins höfðu samband við hana.

„Hlýnun jarðar stefnir heimkynnum ísbjarnarins og framtíð hans í voða,“ segir Bjargey. „Ein birtingarmynd þess eru þessar ísbjarnaheimsóknir, sem við höfum fengið á undanförnum misserum. Útfærslan vafðist aðeins fyrir mér þangað til ég datt niður á þessa hugmynd, að mála mynd af ísbirni á hopandi jökli.“



**DRÖG AÐ ÍSBIRNI** Uppdráttur að myndinni sem Bjargey ætlar að mála.

Bjargey heldur á Langjökul í dag ásamt tíu til tuttugu sjálfboðaliðum. Hún notar garðúðara og matarlit til að draga útlínurnar bjarnarins, en í litinn blandar hún alkóhóli til að koma í veg fyrir að hann frjósi. Hún gerir ráð fyrir að endanleg útgáfa myndarinnar verði 90 sinnum 60 metrar að flatarmáli.

Þegar myndin er tilbúin flýgur þyrla yfir jökulinn og tekur mynd af verkinu.

Meðal þeirra listamanna sem taka þátt í verkefninu er Thom Yorke, söngvari Radiohead. Hann ætlar ásamt um tvö þúsund sjálfboðaliðum að búa til mynd af Knúti Danakonungi í Brighton á laugardag, en sagan segir að Knútur hafi eitt sinn sest í flæðamálið og reynt að banna öldunum að skola fætur sína.

Hægt er að fylgjast með verkefninu og skoða loftmyndir sem hafa verið teknar á heimasíðu þess, earth.350.org. **bergsteinn@frettabladid.is**



**ÞAR SEM ÁIN RANN** Um þúsund sjálfboðaliðar í 350 Earth-verkefninu minntu á að Santa Fe-áin í Nýju Mexíkó í Bandaríkjunum væri nánast algjörlega uppþornuð.




Myndlist ★★

**Functius/Fungus/Funnus**

Ingirafn Steinarsson

**Kling og bang, Hverfisgötu 42**

## Listamaðurinn tekinn í gegn af reiðu hústökufólki

Myndlist Ingarafns Steinarssonar er í takt við tímann, unnin í ýmsa miðla, tekur á sig margvísleg form. Í Kling og bang sýnir hann myndbönd, teikningar, skúlptúra. Meginuppistaðan er tvö myndbönd, annað tekið í Noregi en hitt í Berlín. Berlínarmyndbandið sýnist mér hafa verið sýnt áður, í D-sal Listasafns Reykjavíkur 2008.



Í innri sal er innsetning með myndbandi sem sýnir loftbólur stíga upp í bjórglasi, eins konar lifandi skúlptúr. Teikningar og þrykk sýna einhvers konar samsetta þætti, minna á rör eða pípulagnir. Loks eru fuglabein á stöpli, undir gleri. Þessi samsetning hljómar frekar sundurleit og það er hún líka, með góðum vilja má tengja milli ólíkra þátta en það gerist ekki sjálfkrafa.

Hryggjarstykkið er myndböndin tvö, en lýsing í salnum dregur úr áhrifamætti þeirra. Hljóðið sem fylgir þeim er lágt stillt þannig að þau verða enn fjarlægari. Þó er það sem þar gerist áhugavert, þar sem listamaðurinn málar hústökuhús að utan með hvítri málningu, í trássi við þá sem þar halda til. Listaverkið er samfélagslegt inngrip, í anda tengslalistar eða venslalistar sem hefur verið mikið á döfinni í listheimum um alllangt skeið. Nýjung Ingarafns felst helst í því að hann grípur inn í lágmenninguna, það sem hann gerir lítur út eins og inngrip af hálfu yfirvalda sem ætla sér að „hreinsa til“. Þetta er þó ekki ætlun listamannsins, markmið hans er að sýna inngripið sjálft, og upp að vissu marki, svar hústökumanna. Inngripið er sjónrænt séð mjög skýrt, en breytist ekki frá upphafi til enda myndbands, engin þróun á sér stað. Ingirafn byrjar að mála með hvítu og heldur því síðan áfram þar til hústökumenn fæla hann frá. Þau samskipti njóta sín þó ekki til fulls vegna lélegra hljóð- og myndgæða.

Myndböndin eru áhugaverð verk, og væri fróðlegt að sjá meira af hendi Ingarafns um þetta efni. Þau vekja upp ýmiss konar vangaveltur um menningu, birtingarmyndir hennar og tilverurétt. Listamaðurinn er í óræðu hlutverki, fulltrúi eigin listar og einskis annars, á skýrt skilgreindu yfirráðasvæði minnihlutahópa hústökufólks sem engin leið er að vita hvernig bregst við. Skýrari framsetning hefði aukið áhrifavald þessara verka, sýningin líður fyrir of mörg og ótengd verk og er til vitnis um ómarkviss og dreifð vinnubrögð. Stundum er minna í alvöru meira. **Ragna Sigurðardóttir**

**Niðurstaða:** Áhugaverð myndbönd sýna forvitnileg inngrip listamannsins í líf hústökufólks í Noregi og Berlín. Ómarkviss framsetning dregur úr áhrifamætti verkanna sem fyrir vikið njóta sín ekki sem skyldi.

# „… SAGA SEM KEMUR VIÐ HJARTAÐ …“

KRISTÍN HEIÐA KRISTINSDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ

★★★★

„Hrífandi falleg bók. Bæði grátur og hlátur … alveg magnað verk.“

HRAFN JÖKULSSON / KILJAN

„Saga sem spannar allan tilfinningaskalann og ómögulegt er að leggja frá sér.“

FRIÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ

„Gríðarlega falleg bók … listilega vel gert.“

ÞORGERÐUR SIGURÐARDÓTTIR / KILJAN

„… einstæð frásögn af veröld, sem áður var lokuð og fæstir vissu mikið um.“

STYRMIR GUNNARSSON / MORGUNBLAÐIÐ

„… áhrifamikil og falleg.“

ÚLFHILDUR DAGSDÓTTIR / BOKMENNTIR.IS

„… persónurnar stíga ljóslifandi upp af síðunum, og andi liðinnar tíðar leikur um vit lesandans.“

HRAFN JÖKULSSON / VIÐSKIPTABLAÐIÐ

„… grípandi, fallega og skrifuð af djúpu innsæi. Af þeim íslensku skáldsögum sem ég hef lesið í haust þá hefur Ljósa tvímælalaust vinninginn.“

JENNÝ ANNA BALDURSDÓTTIR / EYJAN.IS






VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is

# Fólk

folk@frettabladid.is



**98** **AF 100 MÖGULEGUM** er meðaleinkunn nýju plötunnar með Kanye West á vefsíðunni Metacritic. Platan heitir My Beautiful Dark Twisted Fantasy og tuttugu stórir miðlar hafa rýnt í hana.




# Get vonandi boðið konunni upp í dans hér eftir

**Átta íþróttamenn ætla að læra að dansa undir styrkri handleiðslu Peters Anderson fyrir dag Rauða nefsins sem haldinn verður hátíðlegur 3. desember. Íþróttamenn eru taktlausir, segir einn þátttakenda.**

Átta íþróttamenn ætla að hittast í Listdansskólanum við Engjateig á laugardag og sunnudag og æfa réttu sporin fyrir dansatriði sem þeir setja upp á degi Rauða nefsins 3. desember. Peter Anderson danskennari mun stýra hópnum en í honum eru menn sem eru eflaust þekktari fyrir afrek sín á íþróttavellinum en dansgólfinu. Hugmyndin er sú að þeir stígi villtan dans í beinni útsendingu á degi Rauða nefsins þar sem uppbyggingin verður svipuð og í amerísku raunveruleikasjónvarpsþáttunum So You Think You Can Dance.

Einn þátttakenda er Guðmundur Benediktsson, íþróttaþulur hjá Stöð 2 Sport, sem er reyndar búinn að leggja skóna á hilluna. Þrátt fyrir að Guðmundur hafi verið þekktur fyrir útsjónarsemi og markaskorun þá segist hann sjálfur vera algjörlega reynslulaus þegar kemur að dansi. „Ég hef ekki einu sinni náð að dansa við konuna mína, ég veit þess vegna ekki hvernig þeim tókst að plata mig út í þetta, það hlýtur að vera þetta góða málefni," segir Guðmundur í samtali við Fréttablaðið. Hann telur íþróttamenn almennt vera taktlausa en nú ætli þeir að vinna í þeim hvimleiða kvilla. „Vonandi tekst þessum Peter að finna taktinn með okkur."

Guðmundi til halds og trausts verða kappar á borð við Sigurð Eggertsson handknattleiksmann, Gunnar Nelson bardagakappa, Jakob Jóhann sundmann, Hauk Harðarsson og Hjört Júlíus Hjartarson af RÚV, Ólaf Kristjánsson, þjálfara Breiðabliks, og svo Hjörvar Hafliðason, samstarfsmann Guðmundar úr Sunnudagsmessunni á Stöð Sport 2. Guðmundur er handviss um að fyrrum markvörðurinn Hjörvar sé hreinlega taktlausasti maður landsins og hann þurfi jafnvel á aukatímum að halda. „Ég er annars bjartsýnn fyrir mína hönd, þetta gæti verið upphafið að einhverju stórkostlegu í mínu lífi og hugsanlega kemur maður konunni á óvart á næstu árshátíð og býður henni upp í dans."

freyrgigja@frettabladid.is



**REYNDIR EN TAKTLAUSIR KAPPAR** **Guðmundur Benediktsson, Hjörvar Hafliðason, Hjörtur Júlíus Hjartarson, Ólafur Kristjánsson** og **Sigurður Eggertsson** eru meðal þeirra sem hyggjast finna taktinn í sjálfum sér fyrir dag Rauða nefsins sem haldinn verður hátíðlegur þann 3. desember. Guðmundur vonast til að kennslan færi honum þá gæfu að hann geti boðið konunni upp í dans á næstu árshátíð.

# Vorbrúðkaup í Englandi

Vilhjálmur Bretaprins og unnusta hans Kate Middleton hafa staðfest að þau munu ganga í það heilaga 29. apríl næstkomandi.

Miklar vangaveltur hafa verið í breskum fjölmiðlum síðan parið tilkynnti trúlofun sína í síðustu viku, um hvar og hvenær brúðkaupið verður haldið. Skötuhjúin eru búin að ákveða að brúðkaupið fari fram í Westminster Abbey en það er sama kirkja og móðir Vilhjálms, Díana prinsessa var jarðsungin í.

Bretar eru í skýjunum yfir þessum fregnum enda fá þeir þarna langa helgi þar sem brúðkaupsdaginn ber upp á föstudag og forsætisráðherra Bretlands, David Cameron, hefur lýst yfir að hann verði frídagur fyrir ensku þjóðina.



**HÁTÍÐ Í ENGLANDI Í VOR** Vilhjálmur og Kate Middleton ganga í það heilaga í lok apríl og breska þjóðin er í skýjunum með ráðahaginn samkvæmt breskum fjölmiðlum.
NORDICPHOTOS/GETTY






# Úrval nýrra ljósa á betra verði




Opið:
Mánudaga til föstudaga frá kl. 10 - 18
Laugardaga frá kl. 11 - 16

www.rafkaup.is

**Rafkaup**
Ármúla 24 • S: 585 2800

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ
Sími: 553 2075 - bara lúxus

SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| SKYLINE | 8 og 10 | 16 |
| JACKASS – ÓTEXTUÐ | 6, 8 og 10.15 | 12 |
| UNSTOPPABLE | 8 og 10.15 | 12 |
| ARTÚR 3: TVEGGJA HEIMA STRÍÐ | 6 - ÍSL TAL | 7 |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI | 6 - ÍSL TAL | L |

BESTA SKEMMTUNIN
SAMBÍÓIN

Harry Potter, Hermione Granger, Ron Weasley og Voldemort eru komin aftur í magnaðasta ævintýri allra tíma

Harry Potter and the Deathly Hallows Part 1
★★★★ - BOXOFFICE MAGAZINE
★★★★ - ORLANDO SENTINEL
★★★★ - TIME OUT NEW YORK

GNARR
ROBERT DOWNEY JR. ZACH GALIFIANAKIS
FROM THE DIRECTOR OF OLD SCHOOL AND THE HANGOVER
DUE DATE
LEAVE YOUR COMFORT ZONE
COMING SOON
RED

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER | kl. 5 - 6 - 8 - 10 - 11 | 10 |
| HARRY POTTER | kl. 5 - 8 - 11 | VIP |
| DUE DATE | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 10 |
| RED | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| ÓRÓI | kl. 8 - 10:10 | 7 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | 10 |
| FURRY VENGEANCE | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER | kl. 6 - 9 | 10 |
| GNARR | kl. 6 | L |
| DUE DATE | kl. 8 - 10:10 | 10 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER | kl. 5, 6, 8, 9, 10.10 | 10 |
| DUE DATE | kl. 3.40, 5.50, 8, og 10.10 | 10 |
| GNARR | kl. 5.40 | L |
| ÆVINTÝRI SAMMA-3D M/ ísl. Tali | kl. 3 | L |
| RED | kl. 8 | 12 |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D M/ ísl. Tali | kl. 3.50 | 7 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER | kl. 5:30 - 8:30 - 10:10 | 10 |
| GNARR | kl. 8 | L |
| DUE DATE | kl. 8 - 10:20 | 10 |
| ÆVINTÝTÝRI SAMMA-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| THE SWITCH | kl. 5:50 | 10 |

MIÐASALA Á SAMbio.is



NÝR HEIMUR Noomi Rapace segist hafa uppgötvað nýjan heim þegar hún var við tökur á víkingamyndinni Í skugga hrafnsins eftir Hrafn Gunnlaugsson. Þá hafi hún ákveðið að verða leikkona. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Þakkar Hrafni fyrir ferilinn

**Hin sænska Noomi Rapace er stolt af þeim tíma sem hún eyddi á Íslandi. Hún er þakklát Hrafni Gunnlaugssyni fyrir að kveikt í sér draum um að gerast leikkona.**

Noomi Rapace, leikkonan sem sló eftirminnilega í gegn í hlutverki Lisbeth Salander, þakkar Hrafni Gunnlaugssyni og kvikmyndinni Í skugga hrafnsins fyrir að hafa kveikt í leikkonudraumnum sem hún hafði. Þetta kemur fram í viðtölum við bresk blöð. Þriðja myndin í Millennium-þríleiknum verður frumsýnd í Bretlandi um helgina og bresk blöð hafa birt fjölda viðtala við sænsku leikkonuna sem leikur einnig stórt hlutverk í Sherlock Holmes 2.

Rapace hefur hingað til leyft blaðamönnum að fjalla um íslenskan uppruna sinn en í nýlegum viðtölum hefur hún gert dvöl sinni hér á landi hærra undir höfði. Noomi flutti til Íslands, nánar tiltekið á Flúðir, þegar móðir hennar tók saman við íslenskan mann og þær mæðgur bjuggu hér saman í þrjú og hálft ár. „Á tímabili var ég orðin meiri Íslendingur



en Svíi og vildi ekki fara aftur til Svíþjóðar. Þegar við fluttum til Stokkhólms lýsti ég því yfir á hverju ári við alla sem vildu heyra að ég ætlaði að flytja aftur heim til Íslands,“ segir Noomi meðal annars í samtali við skoska blaðið Herald Scotland.

Þegar hún Noomi var aðeins sjö ára fékk hún óvænt lítið hlutverk í víkingamynd Hrafns Gunnlaugssonar, Í skugga hrafnsins. Noomi segir að þótt hún hafi ekki fengið að segja neitt þá hafi hún þarna áttað sig á því hvað hana langaði til að gera í framtíðinni. „Á tökustaðnum opnaðist nýr heimur fyrir mér, ég held að ég hafi ákveðið á þeim tímapunkti að mig langaði til að verða leikkona.“

freyrgigja@frettabladid.is

Tónlist ★

**Various Times in Johnny's Life**

Guðmundur Reynir Gunnarsson

## Skot yfir markið

Það vakti töluverða athygli þegar það birtust fréttir um að KR-bakvörðurinn Guðmundur Reynir Gunnarsson hygðist gefa út plötu. Slíkt ætti samt ekki að koma svo mikið á óvart; íþróttamenn hafa reynst hinir ágætustu tónlistarmenn og tónlist virðist leika sífellt stærra hlutverk í lífi knattspyrnumanna miðað við notkun þeirra á Ipodum fyrir leiki eins og sjá má í beinum útsendingum fyrir kappleiki.



Guðmundur Reynir hefði mátt bíða aðeins með Various Times in Johnny's Life. Útsetningar hér eru fínar en lagasmíðarnar eru ekki nógu þroskaðar, þær eru einhæfar þótt þær hafi kannski hljómað ágætlega í einhverju kassagítarpartýi. Lögin eru á köflum óþarflega væmin og minna stundum á misjöfn tónlistaratriði framhaldsskólanna í Gettu betur.

Auðvitað er freistandi að grípa til tenginga við knattspyrnubakgrunn Guðmundar Reynis, þetta væri slappt markskot, hálfgerð rangstaða og svo framvegis. Guðmundur má hins vegar vita eitt; hann er feykilega öflugur bakvörður og stendur sig með sóma sem slíkur. Tónlistin verður hins vegar að bíða betri tíma.

**Freyr Gígja Gunnarsson**

**Niðurstaða:** Lagasmiðar Guðmundar Reynis eru ekki nægjanlega þroskaðar og lögin óþarflega væmin á köflum.

# Alba vill fleiri börn

**Leikkonan Jessica Alba vill eignast fleiri börn á næstunni með eiginmanninum Cash Warren. Alba og bóndi hennar eiga tveggja ára dóttur, Honor Marie, og leikkonan vill gjarnan að dóttirin fái systkini til að leika sér við.**

**„Áður en hún fæddist einbeitti ég mér að ferlinum en nú á ég yndislega fjölskyldu. Mig langar í fleiri börn,“ segir Alba ákveðin.**



FJÖLSKYLDUMANNESKJA Jessica Alba vill að dóttir sín eignist systkini til að leika sér við.

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
real D 3D
FULLKOMIN GÆÐI!
MISSIÐ EKKI AF ÞESSUM MAGNAÐA VÍSINDASKÁLDSÖGUTRYLLI Í BÍÓ!
SKYLINE
LÚXUS jackass 3D GLERAUGU SELD SÉR
UNSTOPPABLE ★★★ "HASAR Í LESTINNI" -H.V.A, FBL ★★★★ -S.V., MBL
easy A ★★★★ T.V.- Kvikmyndir.is
ARTÚR 3 ÍSL. TAL
ÍSL. TAL

SMÁRABÍÓ Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| SKYLINE | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| JACKASS 3D ÓTEXTAÐ | KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| JACKASS 3D LÚXUS ÓTEXTAÐ | KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| UNSTOPPABLE | KL. 8 - 10.10 | L |
| EASY A | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| ARTHÚR 3 | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI 2 | KL. 3.40 | L |
| AULINN ÉG 3D | KL. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| SKYLINE | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| UNSTOPPABLE | KL. 8 - 10.10 | L |
| EASY A | KL. 8 - 10.10 | L |
| ARTHÚR 3 | KL. 5.50 | L |
| YOU WILL MEET A TALL DARK STRANGER | KL. 8 - 10.15 | L |
| INHALE | KL. 6 | 16 |
| BRIM | KL. 6 | 12 |

BORGARBÍÓ Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| SKYLINE | KL. 8 - 10 | 12 |
| JACKASS 3D ÓTEXTAÐ | KL. 8 - 10 | 12 |
| ARTÚR 3 | KL. 6 | L |
| EASY A | KL. 6 | L |

Aukakrónur 5% facebook /smarabio • Sími 564 0000 • Nánari upplýsingar og miðasala á midi.is

BÍÓ ★ PARADÍS CAFÉ

| | |
|---|---|
| ÁSTARSTJARNA (BRIGHT STAR)(L) | 17:50, 20:00 |
| SKAFTFELLINGUR(L) | 18:30, 19:30 |
| FEATHERED COCAINE(L) | 18:10 |
| INSIDE JOB(L) | 20:10 |
| SUBMARINO(14) | 20:20 |
| MEÐ HANGANDI HENDI(L) | 18:20 |
| CATFISH(L) | 20:30 |

MUNIÐ AÐGANGSKORTIN! Allt að 37% afsláttur
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR / BIOPARADIS.IS
ÁSTAR STJARNA BRIGHT STAR
FEATHERED COCAINE INSIDE JOB SUBMARINO MEÐ HANGANDI HENDI CATFISH


OPTIMUS ONE
með Google
Vafraðu
á netinu
Kíktu á
Facebook
Taktu
myndir
Tónlist.is
Best of Bang Gang
Hlustaðu
á Tónlist.is
Best of Bang Gang
Hlustaðu á tónlist hvar sem er hvenær sem er því nú fylgir mánaðaráskrift af Tónlist.is með LG Android símum ásamt Best of Bang Gang. Þú færð Tónlist.is og fleira á Android Market®
LG
android
Tónlist.is
vodafone
Síminn
ELKO

# sport
sport@frettabladid.is



**EVRÓPUMEISTARAMÓTIÐ Í SUNDI** í 25 metra laug hefst í Eindhoven í Hollandi á morgun og stendur fram á sunnudag. Fjórir íslenskir sundmenn taka þátt en það eru þau **Ragnheiður Ragnarsdóttir**, Hrafn Traustason, Bryndís Rún Hansen og Ingibjörg Kristín Jónsdóttir.

Meistaradeild Evrópu:

## FCK getur komist áfram

**FÓTBOLTI** Fimmtu umferð Meistaradeildar Evrópu lýkur í kvöld með átta leikjum.

Sölvi Geir Ottesen og félagar í danska liðinu FCK geta komist áfram í sextán liða úrslit með sigri á Rubin Kazan frá Rússlandi. Barcelona situr á toppi riðilsins og gerir slíkt hið sama með sigri á Panathinaikos.

Sölvi og félagar hafa komið skemmtilega á óvart í keppninni og árangur þeirra er engin tilviljun. FCK er virkilega sterkt lið eins og Barcelona hefur fengið að kynnast.

Leikur Rubin Kazan og FCK hefst 17.30 en hinir leikirnir klukkan 19.45.

Tottenham og Inter geta bæði komist áfram í sínum riðli með sigri í kvöld og slíkt hið sama getur Man. Utd gert er það sækir Rangers heim. - hbg

### Leikir kvöldsins

| | |
|---|---|
| **A-riðill:** | |
| Inter - Twente | Sport 4 |
| Tottenham - Werder Bremen | Sport |
| **B-riðill:** | |
| Hapoel Tel Aviv - Benfica | |
| Schalke - Lyon | |
| **C-riðill:** | |
| Rangers - Man. Utd | Sport 3 |
| Valencia - Bursaspor | |
| **D-riðill:** | |
| Rubin Kazan - FCK | Sport |
| Panathinaikos - Barcelona | |


Sérframleiðum bursta eftir þínum þörfum.
BURSTAGERÐIN ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0030 · www.burstagerdin.is



**Á FLUGI** Daninn Nicklas Bendtner, leikmaður Arsenal, fær hér flugferð í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

# Arsenal í vandræðum

**Arsenal tapaði mjög óvænt fyrir Braga og þarf að vinna í lokaumferð Meistaradeildarinnar til að komast áfram. Roma bauð upp á ævintýralega endurkomu gegn FC Bayern og reynslumikið lið AC Milan komst í sextán liða úrslit.**

**FÓTBOLTI** Arsenal lenti í óvæntum vandræðum í Meistaradeildinni í gær en AC Milan og Roma eru komin áfram eftir góða sigra í gær. Chelsea lenti óvænt undir gegn Zilina en kom til baka og vann sanngjarnt.

Það var mikið undir hjá AC Milan er það sótti franska liðið Auxerre heim. Milan var aðeins stigi á undan Ajax og tveimur stigum á undan Auxerre.

Það var lítið að gerast í leiknum þar til Zlatan Ibrahimovic kom Milan yfir með glæsilegu skoti frá vítateig. Hans fjórða mark í fimm Meistaradeildarleikjum í vetur og þetta mark var afar mikilvægt. Það var síðan varamaðurinn Ronaldinho sem kláraði leikinn og Milan í fínum málum.

Arsenal þurfti aðeins eitt stig gegn Braga í Portúgal til þess að komast áfram í sextán liða úrslit en að sama skapi mátti liðið illa við því að misstíga sig.

Einhver taugaspenna var í liði Arsenal því sveinar Wenger fundu engan veginn taktinn í leiknum og voru ólíkir sjálfum sér. Arsenal gætti ekki að sér sjö mínútum fyrir leikslok er Matheus slapp einn í gegn og kláraði færið sitt vel. Arsenal reyndi hvað það gat að jafna leikinn en fékk bara annað mark í andlitið frá Matheus. Arsenal átti reyndar að fá víti í leiknum en fékk ekki. Enska liðið er því með bakið upp við vegg fyrir lokaumferðina. Leikurinn kostaði einnig sitt því fyrirliðinn Cesc Fabregas haltraði af velli í síðari hálfleik.

FC Bayern var komið áfram er það sótti Roma heim en Roma mátti illa við því að misstíga sig enda stutt í næstu lið.

Þó svo að fjölmarga sterka leikmenn hefði vantaði í lið Bayern kom það ekki í veg fyrir að liðið leiddi 0-2 í hálfleik með mörkum frá Mario Gomez. Af sjö skotum í Meistaradeildinni hafa sex endað í netinu hjá Gomez. Áhyggjufullur Ranieri labbaði inn í klefa í leikhléi og ræðan hans hlýtur að hafa verið góð því Roma kom til baka með látum, skoraði þrjú mörk og vann leikinn.

Chelsea var þegar komið áfram í sextán liða úrslit og Carlo Ancelotti, stjóri Chelsea, gat leyft sér að stilla upp mikið breyttu liði.

Zilina komst yfir, þvert gegn gangi leiksins. Salomon Kalou kom inn í lið Chelsea í hálfleik og hressti upp á leik liðsins. Lagði upp mark og Chelsea skoraði svo sanngjarnt sigurmark. henry@frettabladid.is



**SÁTTUR** Zlatan fagnar mikilvægu marki í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

## ÚRSLIT

*Meistaradeild Evrópu:*

**E-RIÐILL:**

Roma-FC Bayern 3-2
0-1 Mario Gomez (32.), 0-2 Mario Gomez (39.), 1-2 Marco Borriello (49.), 2-2 Daniele de Rossi (81.), 3-2 Francesco Totti, víti (83.)
Basel-CFR Cluj 1-0
1-0 Federico Amerares (15.)

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FC Bayern** | **5** | **4** | **0** | **1** | **13-6** | **12** |
| Roma | 5 | 3 | 0 | 2 | 9-10 | 9 |
| **Basel** | **5** | **2** | **0** | **3** | **8-8** | **6** |
| CFR Cluj | 5 | 1 | 0 | 4 | 5-11 | 3 |

**F-RIÐILL:**

Spartak Moskva-Marseille 0-3
0-1 Mathieu Valbuena (17.), 0-2 Loic Remy (54.), 0-3 Brandao (67.).
Chelsea-MSK Zilina 2-1
0-1 Bello Babatounde (19.), 1-1 Daniel Sturridge (51.), 2-1 Florent Malouda (83.)

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Chelsea** | **5** | **5** | **0** | **0** | **14-3** | **15** |
| Marseille | 5 | 3 | 0 | 2 | 11-3 | 9 |
| **Spartak Moskva** | **5** | **2** | **0** | **3** | **5-9** | **6** |
| MSK Zilina | 5 | 0 | 0 | 5 | 2-17 | 0 |

**G-RIÐILL:**

Auxerre-AC Milan 0-2
0-1 Zlatan Ibrahimovic (63.), 0-2 Ronaldinho (90.+1).
Ajax-Real Madrid 0-4
0-1 Karim Benzema (36.), 0-2 Alvaro Arbeloa (44.), 0-3 Cristiano Ronaldo (70.), 0-4 Cristiano Ronaldo, víti (81.)

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Real Madrid** | **5** | **4** | **1** | **0** | **11-2** | **13** |
| AC Milan | 5 | 2 | 2 | 1 | 7-5 | 8 |
| **Ajax** | **5** | **1** | **1** | **3** | **4-10** | **4** |
| Auxerre | 5 | 1 | 0 | 4 | 3-8 | 3 |

**H-RIÐILL:**

Braga-Arsenal 2-0
1-0 Matheus (83.), 2-0 Matheus (90.+3).
Partizan Belgrad-Shaktar Donetsk 0-3
0-1 Taras Stepanenko (51.), 0-2 Jadson (59.), 0-3 Eduardo (67.)

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Shaktar | 5 | 4 | 0 | 1 | 10-6 | 12 |
| **Arsenal** | **5** | **3** | **0** | **2** | **15-6** | **9** |
| Braga | 5 | 3 | 0 | 2 | 5-9 | 9 |
| **Partizan** | **5** | **0** | **0** | **5** | **1-10** | **0** |



**ÞVÍLÍK ENDURKOMA** Leikmenn Roma grétu í fyrri hálfleik en fögnuðu í þeim síðari. NORDIC PHOTOS/AFP





**ÁFRAM Í FRÍI** Íslenskir dómarar munu ekki rífa sig upp og dæma í Skotlandi um næstu helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Skoska knattspyrnusambandið vildi nota íslenska dómara um næstu helgi:

# Standa með skoskum dómurum

**FÓTBOLTI** Það er allt í uppnámi í Skotlandi þar sem skoskir knattspyrnudómarar eru farnir í verkfall og ætla ekki að dæma leiki um næstu helgi. Það setur eðlilega mikið strik í reikninginn enda riðlast mótið með verkfallsaðgerðum dómaranna.

Skosku dómararnir eru mjög ósáttir við þá gagnrýni sem þeir hafa mátt sitja undir í vetur frá þjálfurum og forráðamönnum félaganna í skoska boltanum.

Steininn tók þó úr þegar dómarar fóru að fá líflátshótanir frá stuðningsmönnum liðanna. Þá sögðu dómararnir hingað og ekki lengra. Þeir krefjast úrbóta og sjá ekki aðra leið en að fara í verkfall svo þeir fái úrlausn sinna mála og fólk fari að bera virðingu fyrir þeirra störfum á nýjan leik.

Skoska knattspyrnusambandið gerir allt sem það getur til þess að halda áætlun og menn þar á bæ vilja spila um næstu helgi. Þeir hafa því sett sig í samband við dómara víða og meðal annars á Íslandi þar sem engin verkefni eru fyrir dómara þessa stundina.

Félag deildadómara á Íslandi sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem menn viðurkenndu að vissulega yrði það mikil upphefð fyrir íslenska dómara að dæma í skosku úrvalsdeildinni. Íslenskir dómarar ætla þó að standa með kollegum sínum í Skotlandi og höfnuðu því beiðni skoska knattspyrnusambandsins.

„Það verður að virða það sem þeir eru að gera þarna úti. Langflestir dómarar samþykktu að fara í verkfall og ætlum við að virða það,“ sagði úrvalsdeildardómarinn Magnús Þórisson sem einnig er í stjórn félags deildadómara. - hbg



**SIR ALEX** Hefur lent í ýmsu á lífsleiðinni. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Frank McDougall:

## Ég kýldi Sir Alex Ferguson

**FÓTBOLTI** Fyrrverandi leikmaður Aberdeen, Skotinn Frank McDougall, hefur greint frá því í nýrri ævisögu að hann kýldi eitt sinn Sir Alex Ferguson, þáverandi stjóra liðsins.

Forsaga málsins er sú að McDougall sagði fyrir bikarleik með Aberdeen árið 1985 að hann væri heill heilsu og setti Ferguson hann í byrjunarliðið.

En McDougall var í raun meiddur og tók Ferguson hann af velli eftir aðeins nokkrar mínútur. Ferguson hellti sér svo yfir hann á æfingu degi síðar.

„Ég bar mikla virðingu fyrir Fergie en hafði lært löngu áður að í slíkum aðstæðum lætur maður til sín taka og spyr svo spurninga síðar,“ segir í ævisögunni.

„Það var það sem ég gerði. Þetta var ekkert rothögg en ég hæfði hann í andlitið og hann féll í jörðina. Af öllu því heimskulega sem ég hef gert í gegnum tíðina er ekkert sem toppar þetta.“

Ferguson var þó fljótur að rísa aftur á fætur og svara fyrir sig. Hann lét henda McDougall út af æfingasvæðinu. Þeir voru þó fljótir að sættast og ritar Ferguson meira að segja kafla í bókina þar sem hann lofar sinn gamla lærisvein. - esá

Emmanuel Adebayor:

## Ég fer til Juve í janúar

**FÓTBOLTI** Emmanuel Adebayor, leikmaður Manchester City, er hundóánægður hjá félaginu og segir í samtali við franska fjölmiðla að hann ætli sér að fara þegar félagaskiptagluggin opnar í janúar.

„Mancini [stjóri City] leyfir mér aldrei að spila. Ég veit að ég get ekki verið áfram þarna og ég mun fara í janúar. Ég get greint frá því að félagið hefur náð samkomulagi við Juventus vegna mín,“ sagði Adebayor.

Hins vegar er ekki víst að af því verði þar sem félögum á Ítalíu er aðeins heimilt að vera með einn leikmann í sínum röðum utan ESB-landanna. Hjá Juventus er Serbinn Milos Krasic fyrir hjá félaginu.



Adebayor er frá Tógó og fengi samkvæmt því ekki leyfi til að ganga til liðs við félagið. - esá






## > Blake Lively

„Ég átti fullt af vinum í menntaskóla, en ég var aldrei aðal stuðpinninn. Var aldrei og mun aldrei verða ef ég fæ einhverju ráðið.“

***Blake Lively fer með hlutverk tískudrósarinnar Serenu í dramaþáttunum Gossip Girl sem eru á dagskrá Stöðvar 2 á miðvikudagskvöldum.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ATLI FANNAR BJARKASON LYFTIR ÞUNGU FARGI AF SÁLINNI

# *Í lífsins ólgusjó*

Ég á það til að vera einfaldari maður en ég tel mig vera. Ég á til að mynda mjög auðvelt með að festast yfir svo yfirgengilega lélegu sjónvarpsefni að ég segi ekki nokkrum manni frá því. Nú hef ég hins vegar ákveðið að moka upp úr gryfjunni og hleypa ormunum út, ég ætla að lyfta þannig þungu fargi af þjakaðri sál minni.

Ég festist einu sinni yfir þættinum Keeping Up With The Kardasians á E!-sjónvarpsstöðinni. Ég lýg því reyndar. Ég hef oftar einu sinni starað tómum augum á Kim Kardashian og systur hennar reyna að leysa lífsins vandamál sem eru flest svo vandræðalega yfirborðskennd að ég hef a) glímt við þau ótrúlega oft sjálfur og b) aldrei fengið tækifæri til að segja raunasögu mína í raunveruleikaþætti. Gott og vel. Ég horfi reglulega



á þessa þætti og slekk iðulega á sjónvarpinu niðurlútur af skömm og samviskubiti. Ég lýg því reyndar. Ég elska þessar stelpur eins og systur. Eða fjarskyldar frænkur. Skólasystur, jafnvel.

En talandi um vandamálin. Hver hefur ekki lent í því að stóra systir manns grínast stöðugt með að það sé kynferðisleg spenna milli manns og aðstoðarkonu hennar? Og ef vinir manns koma í heimsókn, er þá glæpur að bjóða starfsstúlkum verslunar barnsmóður manns í pottapartí?

Þetta er eitthvað sem venjulegt fólk glímir við á hverjum degi í lífsins ólgusjó. Aðstoðarkonur systra eru *tricky business* – alveg eins og starfsfólk barnsmæðra. Kardashian-systur sýna okkur hvernig skal glímt við þessi hversdagsvandamál. Guð blessi þær!

## SJÓNVARPIÐ

**16.25 Úrkynjuð list** Heimildarþáttur um atburð sem átti sér stað í Reykjavík 1941. (e)

**16.50 Návígi** (e)

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Einu sinni var...lífið** (14:26)

**18.00 Disneystundin**

**18.01 Snillingarnir** (9:28)

**18.24 Sígildar teiknimyndir** (9:42)

**18.30 Gló magnaða** (9:19)

**18.54 Víkingalottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**



**20.20 Ljóta Betty** (85:85) (Ugly Betty) Bandarísk þáttaröð um ósköp óvenjulega stúlku sem vinnur á ritstjórn tískutímarits í New York.

**21.05 Kiljan** Í umsjón Egils Helgasonar.

**22.00 Tíufréttir**

**22.10 Veðurfréttir**

**22.15 Kókaínkúrekar 2** (Cocaine Cowboys II: Hustlin' with the Godmother) Bandarísk heimildarmynd.

**00.00 Landinn** (e)

**00.30 Kastljós** (e)

**01.10 Fréttir** (e)

**01.20 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Ofurhundurinn Krypto, Maularinn, Daffi önd og félagar

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.15 Auddi og Sveppi**

**11.00 Lois and Clark: The New Adventure** (13:21)

**11.45 Grey's Anatomy** (4:24)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Ghost Whisperer** (23:23)

**13.55 Gossip Girl** (13:22)

**14.40 E.R.** (4:22)

**15.30 iCarly** (14:25)

**15.50 Barnatími Stöðvar 2** Leðurblökumaðurinn, Daffi önd og félagar, Ofurhundurinn Krypto.

**17.05 Bold and the Beautiful**

**17.30 Nágrannar**

**17.58 The Simpsons** (7:23)

**18.23 Veður** Markaðurinn.

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.16 Veður**

**19.25 Two and a Half Men** (10:24)

**19.55 How I Met Your Mother** (20:20)

**20.20 Gossip Girl** (3:22) Fjórða þáttaröðin um líf fordekraða unglinga.

**21.10 Grey's Anatomy** (9:22)

**22.00 Medium** (9:22)

**22.45 Nip/Tuck** (8:19) Sjötta sería þessa vinsæla framhaldsþáttar sem fjallar um skrautlegt og skrítið líf lýtalæknanna Seans McNamara og Christians Troy.

**23.30 Sex and the City** (8:18)

**00.05 NCIS: Los Angeles** (14:24)

**00.50 Human Target** (5:12)

**01.35 Life on Mars** (1:17)

**02.20 Sjáðu**

**02.50 Are We Done Yet?**

**04.20 Gossip Girl** (3:22)

**05.05 Grey's Anatomy** (9:22)

**05.50 Fréttir og Ísland í dag** (e)

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**

**07.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**

**08.20 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**

**09.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**

**14.55 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - (E)**

**16.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**

**17.20 Meistaradeild Evrópu: Rubin - København** Bein útsending.

**19.20 Upphitun**

**19.30 Meistaradeild Evrópu: Tottenham - Bremen** Bein útsending.

**21.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**

**22.20 Meistaradeild Evrópu: Rangers - Man. Utd.**

**00.10 Meistaradeild Evrópu: Inter - Twente**

**02.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaramörk**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.30 Blackpool - Wolves**

**18.15 WBA - Stoke**

**20.00 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.

**20.55 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.

**21.25 Football Legends - Gullit** Einn af þeim allra bestu, Ruud Gullit, verður í sviðsljósinu að þessu sinni en þessi magnaði hollenski leikmaður gerði garðinn frægan með AC Milan og hollenska landsliðinu.

**22.20 Sunnudagsmessan** Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta framhjá sér fara.

**23.20 Arsenal - Tottenham**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.40 Rachael Ray** (e)

**09.25 Pepsi MAX tónlist**

**15.55 The Marriage Ref** (11:12) (e)

**16.45 Rachael Ray**

**17.30 Dr. Phil**

**18.10 Nýtt útlit** (10:12) (e)

**19.00 Judging Amy** (10:23)

**19.45 Matarklúbburinn** (3:6) Landsliðskokkurinn Hrefna Rósa Sætran galdrar fram gómsæta rétti sem kitla bragðlaukana.

**20.10 Spjallið með Sölva** (10:13) Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti og spjallar um lífið, tilveruna og þjóðmálin.

**20.50 Parenthood** (8:13) Ný þáttaröð sem er í senn fyndin, hjartnæm og dramatísk.

**21.35 America's Next Top Model** (8:13) Bandarísk raunveruleikasería þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu.

**22.25 Secret Diary of a Call Girl** (7:8) Skemmtileg og ögrandi þáttaröð um unga konu sem lifir tvöföldu lífi.

**22.55 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.

**23.40 CSI: Miami** (8:24) (e)

**00.30 CSI: Miami** (24:25) (e)

**01.15 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**

**11.30 Golfing World** (e)

**12.20 Golfing World** (e)

**13.10 World Golf Championship 2010** (4:4) (e)

**17.10 Golfing World** (e)

**18.00 Golfing World**

**18.50 PGA Tour Yearbooks** (8:10) (e)

**19.35 LPGA Highlights** (7:10) (e)

**20.55 European Tour - Highlights 2010** (8:10) (e)

**21.45 Golfing World** (e)

**22.35 Ryder Cup Official Film 1999**

**00.10 Golfing World**

## EXTRA

**18.55 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.

**19.35 Falcon Crest** (2:28)

**20.25 That Mitchell and Webb Look** (2:6) Skemmtilegur grínþáttur uppfullur af frábærum sketsum með þeim félögum David Mitchell og Robert Webb.

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 Cougar Town** (24:24) Gamanþáttur í anda Sex and the City með Courtney Cox.

**22.15 Chuck** (2:19) Chuck Bartowski er mættur í þriðja sinn hér í hörku skemmtilegum og hröðum spennuþáttum.

**23.00 The Shield** (11:13)

**23.45 Daily Show: Global Edition** Spjallþáttur með Jon Stewart þar sem engum er hlíft og allir eru tilbúnir að mæta í þáttinn og svara fáránlegum en furðulega viðeigandi spurningum Stewarts.

**00.10 The Doctors**

**00.50 Falcon Crest** (2:28)

**01.35 Fréttir Stöðvar 2**

**02.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan með Hildu Jönu Gísladóttur** Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

**19.00 Fróðleiksmolinn**

## ÍNN

**20.00 Svavar Gestsson** Skynjar gamli allaballaleiðtoginn enn eina ögurstund vinstri stjórnar?

**20.30 Alkemistinn** Viðar Garðarsson og félagar um markaðsmálin.

**21.00 Segðu okkur frá bókinni** Sigurður G. tekur á móti íslenskum höfundum.

**21.30 Segðu okkur frá bókinni**

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## BÍÓ

**08.00 The Bucket List**

**10.00 La Bamba**

**12.00 Alvin and the Chipmunks**

**14.00 The Bucket List**

**16.00 La Bamba**

**18.00 Alvin and the Chipmunks**

**20.00 Man About Town**

**22.00 Hitman**

**00.00 No Country for Old Men**

**02.00 The Number 23**

**04.00 Hitman**

**06.00 Journey to the Center of the Earth**

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 91,9** Kaninn | **FM 95,7**FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 21.05

**Grey's Anatomy**



Það gengur á ýmsu hjá læknunum í þessari viku. Derek fær styrk í tilraunaverkefni og heldur upp á það með fé-lögum sínum á barnum á meðan Meredith og Alex standa í ströngu á næturvakt þar sem þau lenda í vandræðum með níu ára sjúkling og erfiða móður hans.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Útvarpsraddir: Gunnvör Braga **14.03** Tónleikur **15.03** Útvarpssagan: Himnaríki og helvíti **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir

**19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Bókaþing **21.10** Út um græna grundu **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Flakk **00.05** Næturtónar

### BBC entertainment

**12.30** The Weakest Link **13.15** Deal or No Deal **13.55** Monarch of the Glen **14.45** ‚Allo ‚Allo! **15.15** ‚Allo ‚Allo! **15.45** Only Fools and Horses **16.15** Hotel Babylon **17.10** The Weakest Link **17.55** Deal or No Deal **18.30** Only Fools and Horses **19.00** Fawlty Towers **19.35** Wrong Door **20.05** Whose Line Is It Anyway? **20.30** New Tricks **21.20** Fawlty Towers **21.55** Wrong Door **22.25** Whose Line Is It Anyway? **22.50** Come Dine With Me **23.15** Come Dine With Me **23.40** EastEnders

### DR 1

**12.05** Aftenshowet 2. del **12.30** Grøn glæde **13.00** Ha' det godt **13.30** Hammerslag på Tåsinge **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Hjerteflimmer Classic **15.30** Svampebob Firkant **15.50** Nik & Jan **16.00** Karlsson på taget **16.30** Skæg med bogstaver **16.50** Laban det lille spøgelse **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Aftenshowet 2. del **18.30** Jamie Olivers familiejul **19.00** DR1 Dokumentaren **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** Lewis **22.35** Onsdags Lotto **22.40** Det Nye Talkshow med Anders Lund Madsen **23.30** OBS **23.35** Mission Ledelse

### NRK 1

**12.40** Glimt av Norge **12.50** Førkveld **13.30** Fredag i hagen **14.00** NRK nyheter **14.10** Poirot **15.00** Filmavisen 1960 **15.10** Hjarte i Afrika **16.00** NRK nyheter **16.10** Yum Yum med Noman **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.45** Solgt! **19.15** Folk **19.45** Vikinglotto **19.55** Distriktsnyheter **20.40** House **21.25** Migrapolis **22.00** Kveldsnytt **22.15** Joanna Lumley: Drømmen om Nilen **23.00** Filmbonanza **23.30** Trekant **00.00** Viggo på lørdag

### SVT 1

**12.20** Oskuldens tid **14.35** Hannah Montana **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Våra vänners liv **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Brottet **21.00** Nurse Jackie **21.30** Nurse Jackie **22.00** Våra vänners liv **23.00** Dox


HLEÐSLA
ÍÞRÓTTADRYKKUR
100%
HÁGÆÐA
MYSUPRÓTEIN

HLAÐIN GULLI OG SILFRI




HLEÐSLA HLAUT NÝLEGA TVENN VERÐLAUN Í NORRÆNNI MJÓLKURVÖRUSAMKEPPNI. HLEÐSLA MEÐ JARÐARBERJABRAGÐI VANN TIL GULLVERÐLAUNA OG HLEÐSLA MEÐ VANILLUBRAGÐI VANN TIL SILFURVERÐLAUNA. SAMKEPPNIN („SCANDINAVIAN DAIRY CONTEST") FÓR FRAM Í BYRJUN NÓVEMBER Í HERNING Í DANMÖRKU. Í KEPPNINNI VORU 1.600 NORRÆNAR MJÓLKURVÖRUR OG HLUTU VÖRUR MJÓLKURSAMSÖLUNNAR 32 VERÐLAUN Í ÝMSUM FLOKKUM.

VIÐ ERUM STOLT AF VÖRUNUM OKKAR OG MUNUM HALDA ÁFRAM AÐ ÞRÓA VERÐLAUNAVÖRUR TIL AÐ MÆTA SÍBREYTILEGUM ÞÖRFUM ÍSLENSKRA NEYTENDA.

MJÓLKURSAMSALAN

ÍSLENSKA SIA.IS MSA 52299 11/10



LÁTTU ÞÉR LÍKA VIÐ VÍSI
og þú gætir fengið óvæntan jólaglaðning

DREGIÐ VERÐUR DAGLEGA TIL 20. DESEMBER

Settu „Like" við Vísi á Facebook og þú gætir unnið flatskjá, flottan N8 síma, góða jólabók eða einhvern annan spennandi glaðning fyrir jólin.



Flott 22" Panasonic Pure Line sjónvarp með innbyggðri iPod vöggu.
Sjónvarpsmiðstöðin



N8 sími.

Bækur frá Sölku.



NAUTHÓLL · Domino's Pizza · LÝSI

Fjöldi annarra vinninga.

Það er auðvelt að láta sér líka við Vísi á facebook.com/visir.is

visir.is

## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Kryddlegin hjörtu. Án efa. Ég elska kjúklingasúpuna. Hún er bara rugl. Og brauðið og smjör með sólþurrkuðum tómötum. Og kóríanderolían ...“*

Hlín Einarsdóttir, ritstjóri Bleikt.is.

# Benedikt gerir sína fyrstu kvikmynd

„Þetta er tvö hundruð milljóna króna mynd sem fjallar um samskipti manna og hesta, það er að segja manninn í hestinum og hestinn í manninum,“ segir Benedikt Erlingsson, leikari og nú brátt kvikmyndaleikstjóri.

Næsta vor hefjast tökur á fyrstu kvikmynd Benedikts í fullri lengd sem hefur verið gefið vinnuheitið Hross um oss. Benedikt hefur þegar fengið leikarann Ingvar E. Sigurðsson og eiginkonu sína Charlotte Bøving til að leika stór hlutverk í myndinni en hún samanstendur af sex dæmisögum sem allar fléttast saman með einum eða öðrum hætti. „Þetta eru miklar og dramatískar frásagnir sem fjalla um samskipti manna og hesta og hvernig mannfólkið reynir að beisla náttúruna. Og þær enda annaðhvort með dauða knapans eða hrossins,“ útskýrir Benedikt en myndin á að gerast árið 1985. „Þegar fólk gekk enn í flottum fötum og notaði ekki hjálm,“ áréttar Benedikt.

Leikstjórinn er mikill áhugamaður um hesta þótt hann vildi kannski vera meiri hestamaður en hann er. „Við Íslendingar erum fyrst og fremst hestaþjóð, við erum ekki siglingaþjóð. Eina verkkunnáttan sem hefur viðhaldist er umgengni við hesta, þetta er þúsund ára arfur. Við erum allavega ekki bankafólk eða verslunarmenn,“ segir Benedikt sem hefur unnið að gerð handritsins í tíu ár. „Myndin á að vera óður til skepnunnar sem hefur reynst okkur svona vel og er réttnefnt skip hálendisins.“ **- fgg**



**GERIR MYND UM HESTA OG MENN** Benedikt Erlingsson hyggst gera kvikmynd um hesta og menn og eiga tökur að hefjast næsta vor. Ingvar E. Sigurðsson og Charlotte Bøving verða meðal leikara.






CATALINA MIKUE NCOGO: ÍSLENSKIR KARLMENN BESTU ELSKHUGARNIR

# Kaupa vændi fyrir syni sína

„Íslenskir kúnnar eru allt öðruvísi en viðskiptavinir í öðrum heimshlutum. Þeir eru auðveldir og koma vel fram við mann. Margir þeirra eru bara einmana og hafa jafnvel misst eiginkonu sína. Þeir þrá snertingu og vináttu,“ segir Catalina Mikue Ncoco í bókinni Hið dökka man – saga Catalinu, sem kemur út á föstudaginn. Catalina situr í kvennafangelsinu í Kópavogi þar sem hún afplánar þungan dóm, rúm fimm ár, meðal annars fyrir hórmang en hún rak á árunum 2006 til 2009 umfangsmikla vændisstarfsemi á Íslandi.

Höfundar bókarinnar eru blaðamennirnir Jakob Bjarnar Grétarsson og Þórarinn Þórarinsson. Þeir segjast marga fjöruna hafa sopið en… „svo afdráttarlaust lýsir Catalina skoðunum sínum og reynslu að oftar en ekki sátum við gapandi þegar hún sagði frá. Meðal ótal margs sem kemur á óvart er að dæmi eru um að feður sæki til vændiskvenna og kaupa vændi fyrir unga syni sína,“ segir Jakob.

„Feður unglingsstráka væru eitthvað leiðir yfir því, að drengirnir væru ekki farnir að hitta stelpur og stunda kynlíf. Þeir komu þá með strákana til okkar og keyptu fyrstu kynlífsreynsluna handa þeim. Þetta var hluti af þjónustu okkar. Þá sat pabbinn frammi í stofu á meðan ég stundaði kynlíf með syninum. Strákarnir ánetjuðust vændinu eins og aðrir karlar og komu aftur. Þetta var auðfengið fé og auðveld vinna vegna þess, að þeir voru óreyndir og fengu það undir eins,“ segir í bókinni.

Þegar Catalina kom undir sig fótunum var vændisbransinn á Íslandi óskipulagður. Lýsingar Catalinu á samskiptum sínum við íslenska karlmenn bera þess merki, en eru þeim mjög í hag. „Já, burtséð frá því hvað fólki finnst um kaup þeirra á þessari þjónustu – sem vel að merkja er refsivert, þá held ég að vér íslenskir karlmenn megum vel við una í þrengsta skilningi, segir Jakob og vísar í bókina: „Íslenskir karlmenn nota margir Viagra og þá ekki aðeins þeir eldri. Annars er merkilegt að þeir eru flestir góðir í rúminu, burtséð frá aldri, alveg frá 17–18 ára og upp úr. … Íslenskir karlmenn eru góðir elskhugar og þegar maður heillast af einhverjum er hægt að hafa meiri nánd í kynlífinu þótt greitt sé fyrir það,“ segir í bókinni.

Jakob segir fátt vanta upp á ánægju Catalinu með íslenska karlmenn. „Já, ólíkt hefst fólk að. Miklar spekúlasjónir hafa verið um hvort Catalina muni ekki birta lista yfir viðskiptavini sína í bókinni. Það hefur ekki svo mikið sem hvarflað að henni. Henni þykir vænt um sína viðskiptavini sem hún lítur á sem vini sína – hún er í þessu til að gleðja og hún er reið út í dómstóla að dæma þá fyrir það sem hún telur engar sakir,“ segir Jakob. **hdm@frettabladid.is**








**ÍSLENDINGAR BESTU ELSKHUGARNIR**

**Catalina Ncogo** segir íslenska feður hafa keypt fyrstu kynlífsreynsluna handa ungum sonum sínum hjá vændiskonum. Þetta kemur fram í bókinni Hið dökka man eftir **Jakob Bjarnar Grétarsson** og **Þórarin Þórarinsson** sem kemur út á föstudag.






# Sóli Hólm á leið í sjónvarp

Rithöfundurinn og skemmtikrafturinn Sólmundur Hólm Sólmundarson hefur verið ráðinn á Skjá einn og verður hann liðsmaður í nýjum skemmtiþætti sem hefur göngu sína á sjónvarpsstöðinni á næsta ári.

„Þetta eru ákveðin tímamót hjá mér. Ég er að segja upp vinnunni og ganga til liðs við Skjáinn. Það er gaman að prófa eitthvað nýtt,“ segir Sólmundur spurður um fréttirnar.

Frekari upplýsingar um þáttinn eru á huldu og sjálfur gefur Sólmundur lítið upp. „Það er verið að þróa þetta allt saman, hvernig þetta verður nákvæmlega,“ segir hann dularfullur.

Sólmundur hefur getið sér gott orð sem eftirherma, uppistandari og veislustjóri. Þá sendi hann frá sér ævisögu Gylfa Ægissonar í fyrra, en bókin fékk góðar viðtökur bókaorma og gagnrýnenda.

En er þetta starf í sjónvarpi draumur að rætast?

„Þetta er kannski ekki draumur – ég hef alltaf vitað að þetta myndi gerast. Ég á heima í sjónvarpi,“ segir Sólmundur í laufléttum dúr. „Þetta er rökrétt skref. Ég get ekki sagt að þetta komi mér á óvart. En það verður gaman að vinna með þeim á Skjá einum.

Vonandi get ég gert eitthvað af viti.“ **- afb**



**BREYTINGAR** Sólmundur kemur fram í nýjum gamanþætti á Skjá einum á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




# Stök námskeið á meistarastigi

## við deildir Háskóla Íslands

Framboð Endurmenntunar á meistaranámskeiðum í samstarfi við deildir Háskóla Íslands hefur fallið í góðan jarðveg og höfðar sterkt til þeirra sem vilja safna einingum í meistaragráðu.

**Umsóknarfrestur er í flestum tilfellum til 6. desember næstkomandi.**

### HJÚKRUNARFRÆÐIDEILD

- Klínísk færni í fjölskylduhjúkrun
- Stjórnun, mannauður og nýting upplýsinga

### HAGFRÆÐIDEILD

- Bankar og fjármálamarkaðir
- Heilsuhagfræði II
- Skuldabréf
- Umhverfishagfræði
- Þættir í heilsuhagfræði

### GUÐFRÆÐI- OG TRÚARBRAGÐAFRÆÐIDEILD

- Sálgæsla í fjölskyldum
- Sálgæsla og áfallahjálp

### FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD

- Áhrifaþættir öldrunar:
  Umhverfi, félagstengsl og heilsufar
- Samtími og kynlíf

### DEILD ERLENDRA TUNGUMÁLA, BÓKMENNTA OG MÁLVÍSINDA

- Kínversk list og táknfræði – NÁMSKEIÐ Á GRUNNSTIGI

### VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

- Alþjóðaviðskipti
- Breytingastjórnun
- Endurskoðun II-hluti
- Endurskoðun IV-hluti
- Fjárfestingar fyrirtækja
- Mat á árangri og framkvæmd stefnu
- Rannsóknir í markaðsfræði
- Rannsóknir í stjórnun og stefnumótun
- RV - Samstæðureikningsskil
- RVII - Reikningsskilakenningar
- RVIII - Virðisgreining fyrirtækja og hlutabréfa
- Samningagerð
- Skattskil II - fyrirtækjaskattaréttur
- Stefnumiðuð markaðsfærsla
- Stefnumiðuð stjórnun
- Stjórnsýsluendurskoðun
- Stjórnun nýsköpunar
- Tölvutækni í fjármálum
- Verkefnastjórnun og ráðgjöf
- Vinnuréttur
- Vinnusálfræði
- Þekkingarstjórnun
- Þróun mannauðs

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444
endurmenntun.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!


## FRÉTTIR AF FÓLKI



### Sérstakir gestir

Bókaútgefandinn Jónas Björn Sigurgeirsson bauð flestum skjólstæðingum sínum í mat heim til sín á laugardagskvöldið þar sem eiginkonan Rósa Guðbjartsdóttir reiddi fram dýrindis málsverð. Jónasi tókst eflaust hið einstaka: að láta spákonurnar **Sigríði Klingenberg** og Ellý Ármanns sitja til borðs með Hannes Hólmsteini Gissurarsyni ásamt Tobbu Marinós en það fór einstaklega vel á með þeim. Hins vegar varð Egill „Gillz“ að afboða sig enda hetjan hans, Jay Cutler, að hnykla vöðvana á sama tíma í Laugardalshöll.

### Stríðshetjur

Eins og greint hefur verið frá í helstu fjölmiðlum heims er grunnt á því góða milli ríkjanna á Kóreuskaga um þessar mundir og kúlunum rignir á milli landanna. Einn íslenskur listamaður hyggst þó halda uppteknum hætti og spila í Suður-Kóreu þrátt fyrir ófriðinn og það er hann **Jónsi**. Hann á bókaða tónleika í Ax-Korea tónleikahöllinni í Seoul á mánudaginn, 29. nóvember, og eftir því sem Fréttablaðið kemst næst stendur ekki til að fresta einu eða neinu.



### Beint í detox

Klara, Steinunn og Alma í stúlknasveitinni **The Charlies** (sem hét áður Nylon) eru komnar til landsins í jólafrí. Þær hafa dvalið í Los Angeles síðustu mánuði þar sem þær eru með samning við Hollywood Records. Stúlkurnar biðu ekki boðanna þegar þær lentu á Klakanum og skelltu sér beint í detox hjá Jónínu Ben enda langt og strangt ferðalag að baki.

- afb, fgg



## Mest lesið VÍSIR.IS

1. Gat á poka og blóðblettir í skotti komu upp um Gunnar
2. Fór í skyndi með Ellu Dís á spítala í London
3. Skotbardagi á landamærum Suður- og Norður-Kóreu
4. Íslendingar björguðu manni úr sprungu á Suðurskautinu
5. Elísabet Fritzl hefur nýtt líf





